

SÓN

TÍMARIT UM ÓÐFRÆÐI

11. HEFTI

RITSTJÓRAR

ANNA ÞORBJÖRG INGÓLFSDÓTTIR

RAGNAR INGI AÐALSTEINSSON

ÓÐFRÆÐIFÉLAGIÐ BOÐN

REYKJAVÍK

2013

Són

er helguð óðfræði og ljóðlist

ÚTGEFANDI

Óðfræðifélagið Boðn

RITSTJÓRAR

Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir

Sími: 660 5907. Netfang: annaing@hi.is

Ragnar Ingi Aðalsteinsson

Sími: 895 8697. Netfang: ria@hi.is

RITNEFND

Bjarki Karlsson, Kristján Árnason og Rósa Þorsteinsdóttir

YFIRLESTUR EINSTAKRA GREINA

auk ritstjórnar: Guðvarður Már Gunnlaugsson,

Jóhannes B. Sigtryggsson, Kristján Eiríksson,

Kristján Jóhann Jónsson, Páll Valsson,

Sveinn Yngvi Egilsson og Þórður Helgason

MYND Á KÁPU

Sigríður Ragna Björgvinsdóttir

UMBROT:

Bjarki Karlsson

LETUR:

Junicode eftir Peter Baker

PRENTUN:

Litlaprent

ISSN 1670-3723

Efni

Sónarljóð	5
Höfundar efnis	6

I. RITRÝNDAR GREINAR

Þorgeir Sigurðsson: <i>Arinbjarnarkviða – varðveisla</i>	11
Sigrún Haraldsdóttir: <i>Ljóð I</i>	32
Helgi Skúli Kjartansson: <i>Son guðs einn eingetinn</i>	33
Kári Páll Óskarsson: <i>Ljóð II</i>	45
Þórður Helgason: <i>Nýr háttur verður til</i>	47
Bjarni Bernharður: <i>Ljóð III</i>	86
Sveinn Yngvi Egilsson: <i>Land, þjóð og tunga</i>	87
Bjarni Stefán Konráðsson: <i>Ljóð IV</i>	98
Guðmundur Sæmundsson og Sigurður Konráðsson: „Eins og feiminn skólastrákur í fjórða leikhluta“	99
Sigmundur Benediktsson: <i>Ljóð V</i>	110

II. UMRÆÐUGREINAR

Þórgunnur Snædal: <i>Úr vísnaöfnum Rósbergs G. Snædals</i>	115
Kristian Guttesen: <i>Ljóð VI</i>	124
Atli Harðarson: <i>Um rímnakveðskap Kítverja</i>	127
Sigrún Haraldsdóttir: <i>Ljóð VII</i>	131
Bjarki Karlsson og Kristján Eiríksson: <i>Braganetið</i>	133

III. RITFREGNIR OG RITSTJÓRNAREFNI

Ritfregnir	139
Frá ritstjórn og útgefanda.	142

Sónarljóð

Gerður Kristný

Sigur

Grenitrén stingast
eins og spjót
upp í vatnsbláan himininn

Þögull þéttir
skógurinn raðir sínar

Samt sleppur
hann í gegn,
hvíti hreinninn
sem stefnir í átt að
að himinbláu vatninu

Höfundar efnis

Greinar

Atli Harðarson (f. 1960) er heimspekingur og doktor í uppeldis- og menntunarfræðum frá Háskóla Íslands. Hann er skólameistari Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi.

Bjarki Karlsson (f. 1965) lauk M.A.-námi í íslenskum fræðum við Háskóla Íslands og er nú í doktorsnámi í bragfræði og málsögu við þann sama skóla.

Guðmundur Sæmundsson (f. 1946) er M.Ed. frá Háskóla Íslands, cand. mag. í íslensku, almennum málvísindum og norsku frá Óslóarháskóla og BA í íslensku og norsku frá Háskóla Íslands. Hann er adjunkt í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands og starfar við Íþróttfræðasetur HÍ á Laugarvatni.

Helgi Skúli Kjartansson (f. 1949) er cand. mag. í sagnfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í sagnfræði við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Kristján Eiríksson (f. 1945) er cand. mag í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann starfaði við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

Sigurður Konráðsson (f. 1953) er cand. mag. í íslenskri málfræði frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor í íslensku við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sveinn Yngvi Egilsson (f. 1959) er doktor í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er prófessor við Hugvísindasvið sama skóla.

Þorgeir Sigurðsson (f. 1957) er rafmagnsverkfræðingur frá DTU í Kaupmannahöfn með MA próf í íslenskum fræðum frá Háskóla Íslands. Hann er fagstjóri hjá Geislavörnum ríkisins og doktorsnemi í íslenskri málfræði.

Þórður Helgason (f. 1947) er cand. mag. í íslenskum bókmenntum frá Háskóla Íslands. Hann er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Þórgunnur Snædal (f. 1948) er doktor í norrænum fræðum frá Uppsalaháskóla. Hún er rúnafræðingur við Riksantikvarieämbetet í Stokkhólmi.

Sónarljóð

Gerður Kristný (f. 1970), skáld og rithöfundur, skrifar jöfnum höndum fyrir börn og fullorðna. Hún hefur hlotið margvíslega viðurkenningu fyrir verk sín, meðal annars Vestnorrænu barnabókaverðlaunin fyrir unglingsöguna *Garðinn* árið 2010 og sama ár fékk hún Íslensku bókmenntaverðlaunin fyrir ljóðbókina *Blóðhöfni*.

Ljóð

Bjarni Bernharður (f. 1950) er ljóðskáld. Eftir hann hafa komið út yfir tuttugu ljóðabækur. Þá hefur hann einnig sent frá sér smásagnasafn og endurminningarbók.

Bjarni Stefán Konráðsson (f. 1960) er íþróttakennari með MA próf í íþróttfræðum frá Íþróttaháskólanum í Köln. Hann hefur gefið út eina ljóðabók og ritstýrt nokkrum ljóðasöfnum.

Kári Páll Óskarsson (f. 1981) er með MA próf í þýðingfræðum frá Háskóla Íslands og starfar við ritstörf og þýðingar. Hann hefur gefið út tvær ljóðabækur og ritstýrt nokkrum bókum.

Kristian Guttesen (f. 1974) er skáld og rithöfundur. Hann hefur gefið út nokkrar ljóðabækur og þýtt norska skáldsögu, en fyrir hana var hann tilnefndur til Íslensku þýðingarverðlaunanna árið 2007. Hann stundar nám í heimspeki og ritlist við Háskóla Íslands.

Sigmundur Benediktsson (f. 1936) er fyrrverandi bóndi á Vatnsenda í Eyjafjarðarsveit, nú búsettur á Akranesi. Hann hefur gefið út tvær vísnaðabækur.

Sigrún Haraldsdóttir (f. 1953) starfar á Upplýsingatækni- og Landspítala – Háskólasjúkrahúsi.

I

Ritrýndar greinar

Þorgeir Sigurðsson

Arinbjarnarkviða – varðveisla¹

1. Inngangur

ARINBJARNARKVIÐA er merkilegt kvæði af mörgum ástæðum. Meðal annars er það samtímaheimild um ævintýralega för Egils Skallagrímssonar til Jórvíkur á fund Eiríks blóðaxar. Kvæðið er ort undir léttum og reglu-
legum hætti, kviðuhætti. Þótt margt í því sé fornlegt er það skiljanlegra en flest dróttkvæði og aðgengilegra nútímamönnum.

ARINBJARNARKVIÐA er hvergi varðveitt nema í Möðruvallabók, AM 132 fol., á einni blaðsíðu, 99v, aftan við Egils sögu. Sú blaðsíða hefur lengi verið torlesin. Jón Helgason sagði:

Möðruvallabók ber það með sér að hún hefur verið mikið lesin; sumar blaðsíður eru svartfleckóttar og torlesnar og einatt slitnar, einkum þar sem kver mætast. Allra sárgrætilegast er að á blaðsíðunni aftan við Egils sögu er skráð Arinbjarnarkviða Egils Skallagrímssonar og hefur einmitt lent aftast í kveri; hafa hendur síðan einatt leikið um þessa blaðsíðu er bókin var lesin, og er kviðan sum þurrkuð út, en hitt vandlesið sem eftir er. Arinbjarnarkviða er hvergi til annarsstaðar, og hafa forvitnir menn því leitað bragða við, helzt með því að væta blaðið; ekki hefur það bætt úr skák. En að hafa fyrir sér slitið blað, sjá móta fyrir stöfum og fá ekki lesið, er í sjálfu sér meiri skapraun en ef blaðið væri týnt; verður þá að bera sig að huggast við þá von að óbornir töframenn í meðferð ljósa kunni einhverju að fá áorkað síðar meir.

Jón Helgason (1958, 59–61)

1 Höfundur þakkar öllum þeim sem aðstoðuðu hann við gerð þessarar greinar en sérstaklega Guðvarði Má Gunnlaugssyni hjá Árnastofnun.

Vegna þess hve ástandi síðunnar hefur hrakað eru gamlar uppskriftir hennar mikils virði. Sú elsta er komin frá Árna Magnússyni sem lét skrifa hana upp undir lok 17. aldar. Uppskriftir frá honum voru lagðar til grundvallar við fyrstu prentun kviðunnar 1809 í umsjá Guðmundar Magnússonar² (1809, 648–685).

Guðbrandur Vigfússon (1883, 272–275) skrifaði upp kviðuna 1860 og gaf hana út á prenti 1883. Textinn á síðunni er í tveimur dálkum. Neðri helmingur aftari dálks hefur lengi verið ólæsilegur en Guðbrandur gat lesið þar orð og stafi á stangli. Framar í kvæðinu gat hann hins vegar ekki lesið jafn mikið og gert hafði verið áður.

Finnur Jónsson (1886–1888, 347–349) varð fyrstur til að birta bandréttan texta af allri síðunni að fráskildu því sem ekki varð lesið í aftari dálki. Í bandréttum texta er stafsetning eins og í handritinu og öll bönd eru sýnd. Finnur gat lítið lesið í neðri hluta aftari dálks en í heildarútgáfu sinni á dróttkvæðum (1908–1915: A-I, 47) prentaði hann lestur Guðbrands í athugasemdum við kvæðið; „med alt forbehold“.

Jón Helgason (1958, 104) beitti sjálfur ljósagöldrum og las handrit í birtu frá útfjólubláu ljósi³ en sagði það ekki koma að haldi við lestur á slitnum síðum, þar sem letur er nuggað af eins og ætti við um ARINBJARNARKVIÐU. Eigi að síður gat Jón leiðrétt bandréttan texta Finns Jónssonar á fáeinum stöðum og var texti Jóns birtur í viðauka í fræðilegri útgáfu Bjarna Einarssonar⁴ (2001, 187–190) á *Egils sögu* Möðruvallabókar. Jón leiðrétti aðallega stafsetningu orða.⁵ Í útgáfu Bjarna (2001, 187) var lestri Guðbrands í aftari dálki sleppt „... hvor Guðbrandur Vigfússon har været ene om at tyde noget“.


Sú von Jóns Helgasonar að með nýjum tækniþrögðum mætti lesa meira af texta ARINBJARNARKVIÐU hefur nú ræst. Á myndum sem teknar eru með myndavél, sem næm er fyrir innrauðu ljósi, sést talsvert af texta sem er ekki sýnilegur öðruvísi (sjá MYND 1).

2 Guðmundur Magnússon vann að undirbúningi útgáfu Árnaneftdar í Kaupmannahöfn á *Egils sögu* 1809. Hann lést 1798 en Grímur Jónsson Thorkelin sá um endanlegan frágang og útgáfu.

3 Myndir af Möðruvallabók í útfjólubláu ljósi eru til í eigu Árnastofnunar og var slík mynd af 99v notuð ásamt innrauðum myndum við þessa rannsókn. Þegar talað er um myndir af síðunni er m.a. átt við þessa mynd.

4 Á titilsíðu bókarinnar er hún sögð útgefin af Bjarna Einarssyni eftir forvinnu Jóns Helgasonar en þeir voru báðir látnir þegar bókin kom út. Bjarni Einarsson lést 6. október árið 2000 en Jón Helgason lést 19. janúar 1986. Endanlegur frágangur útgáfunnar hvíldi því á herðum ritstjórans, Michael Chesnutt.

5 Sagt er frá tveimur tillögum um breytingar sem tengjast ekki stafsetningu orða í kafla 3 sem Jón setti fram með fyrirvara (*tösar* og *hers*). Þær reynast báðar vera rangar.



MYND 1 Erindi 20 í Arinbjarnarkviðu. Efst til vinstri er venjuleg ljósmynd af handritinu. Hægra megin er mynd tekin í útfjólubláu ljósi. Niðri til vinstri er koparstunga sem prentuð var með fyrstu útgáfu kvæðisins 1809. Neðst til hægri er innrauð mynd (andhverf) sem sýnir að á koparstungunni er mjög nákvæm eftirmynd af handritinu.

Leiðréttá má ýmislegt af því sem áður var lesið eins og sýnt verður með dæmum í þriðja kafla. Einnig má staðfesta talsvert af þeim textabrotum sem Guðbrandur skræði. Í þeim sjást meðal annars stórir stafir í upphafi nokkurra erinda í lok kvæðisins og í þessari grein er það notað til að segja til um heildarfjölda erinda og hvernig þau dreifast á síðuna (sjá MYND 6 og MYND 9).

Á innrauðum myndum sjást textaleifar neðst í aftari dálki sem líkjast texta úr tryggðareid sem myndi hæfa vel sem endir á kvæðinu. Hin viðtekna skoðun er hins vegar sú að kvæðið endi ekki á þessum stað og að framhald þess hafi verið skrifað á blað sem bætt hafi verið inn í Möðruvallabók og hafi glatast fyrir löngu. Hér verður rökstutt að þetta þurfi ekki að vera raunin, en fyrst er kynnt elsta uppskrift kvæðisins.

2 Elstu uppskriftir Arinbjarnarkviðu

Hingað til hefur elsta uppskrift ARINBJARNARKVIÐU verið talin skrifuð í Egilssöguhandritið AM 146 fol. sem vitað er að var skrifað undir lok 17. aldar, eftir forriti frá Árna Magnússyni (sjá nánar um þetta greinargerð í útgáfu Bjarna Einarssonar (2001, xxxix–xli)). Til viðbótar við AM 146 fol. eru til tvær aðrar pappírsuppskriftir í AM acc 28 og ÍB 169 4to. Þessar þrjár uppskriftir eru náskyldar sem sést til dæmis á brenglaða orðinu *baugstígin* í erindi 14 sem þær hafa allar. Í tveimur greinum í Griplu XXI segja þeir Bjarni Einarsson (2010, 11–14) og Michael Chesnutt (2010, 159–160) frá þessum uppskriftum og nefndir eru ýmsir möguleikar á tengslum þeirra. Þeir Bjarni og Michael Chesnutt vöktu athygli á því að bæði AM acc 28 og ÍB 169 4to hafa átta vísuorð sem eru ekki í AM 146 fol. Þessi vísuorð voru prentuð í elstu útgáfu kvæðisins

1809 en hún studdist bæði við AM 146 fol. og ÍB 169 4to, samkvæmt greinargerð Guðmundar Magnússonar (1809, 648).

Með samanburði við innrauðar myndir sést að uppskriftin í ÍB 169 4to fylgir Möðruvallabók betur en hinar uppskriftirnar og að texti hennar er að minnsta kosti jafn nálægt því að vera bandrétt afrit af texta ARINBJARNARKVIÐU í Möðruvallabók og bandrétt afrit Finns Jónssonar (sbr. TÖFLU 1). Hinar uppskriftirnar hafa sömu frávik og ÍB 169 4to frá Möðruvallabók og til viðbótar ýmis frávik hvor um sig og hljóta því báðar að vera skrifaðar eftir ÍB 169 4to. ÍB 169 4to er því elsta uppskrift kvæðisins og ber með sér að vera skrifuð beint eftir Möðruvallabók með þeirri nákvæmni sem á 17. öld þekktist aðeins hjá Árna Magnússyni og skrifurum hans. Í kafla 3 eru textadæmi sem sýna tengsl þessara uppskrifta og skýra betur hvað hér er átt við en ekki er fjallað nánar um uppruna uppskriftarinnar í ÍB 169 4to eða um líklegan ritara hennar.

ARINBJARNARKVIÐU í ÍB 169 4to er skipt í erindi. Öftustu erindin hafa aðeins eitt orð. Uppskrift Guðbrands Vigfússonar fær þaðan óvæntan stuðning sem sagt er frá í kafla 5 hér á eftir. Ef Guðbrandur eða Finnur hefðu þekkt ÍB 169 4to er líklegt að þeir hefðu gert sér mat úr þessu.

Með Egilssöguútgáfu Árnanevndar 1809 fylgdu prentaðar koparstungur með sýnishornum af texta í ýmsum handritum sögunnar. Þar á meðal var koparstunga með erindi númer 20 í ARINBJARNARKVIÐU (sjá MYND 1). Vegna hennar er textinn í þessu erindi vel þekktur auk þess sem



MYND 2. Opna úr Möðruvallabók, síður 99v og 100r. Arinbjarnarkviða er í tveimur dálkum á síðunni til vinstri. Allur sýnilegur texti er núinn í burtu úr neðri hluta aftari dálks.

hann sést ágætlega á innrauðri mynd. Í næsta kafla er hann notaður til að bera saman uppskriftir kvæðisins (sjá TÖFLU 1). Finnur virðist ekki hafa notað koparstunguna.

3 Innrauðar myndir og samanburður

Skinn íslenskra handrita eru að jafnaði dekkri en venjulegt er í öðrum löndum. Þetta gæti stafað af mikilli notkun þeirra í sötugum vistarverum Íslendinga eða verið vegna annarra verkunaraðferða. Íslendingar höfðu ekki greiðan aðgang að kalksteini sem aðrir notuðu við verkun skinna og þau efni sem þeir notuðu í staðinn gætu hafa dekkst þau (sjá um þetta umfjöllun í BA-ritgerð Bjarkar Þorleifsdóttur 2003).

Blek á gömlum íslenskum handritum líkist í útliti því bleki sem notað var annars staðar á miðöldum (sútunarsýrublek, enska: *iron-gall ink*). Það er móbrúnt á lit og í rauðu og innrauðu ljósi sést það illa á ljósum skinum vegna þess að það er annaðhvort gegnsætt eða á lit eins og skinnin. Á sumum mjög dökkum skinum sést texti með þessu bleki hins vegar vel á innrauðum myndum því að hann er ljósari en skinnið. Þetta á við um síðu 99v.

Sá texti sem sést á innrauðum myndum af síðu 99v, staðfestir efnislega að mestu það sem fyrri menn hafa lesið. Það sem þeim þótti illlæsilegt er venjulega einnig illlæsilegt á þessum myndum.

Á innrauðri mynd af síðu 99v er auðvelt að koma auga á fjölmargar villur í því hvernig orð eru stafsett í bandréttum texta Finns Jónssonar. Meðal annars sjást þar sjö dæmi um að rangt sé sagt til um stóra og litla stafi. Á síðunni eru stórir stafir aðeins notaðir í upphafi erinda en þeir eru oft auðgreinanlegir í ógreinilegum texta. Þótt ekkert annað sjáist er það nóg til að telja erindin og reikna lengd þeirra (í línufjölda) eins og lýst er í kafla 5.

Lýsandi dæmi um notkun stórra stafa og um ónákvæmni í bandréttum texta Finns Jónssonar er í fyrstu línu í aftari dálki ARINBJARNARKVIÐU sem Finnur (1886, 349) skrifaði upp þannig:

⟨ ʀ þʀEN atūgu mier þ tel ek fyrft ⟩

Eftirtaldar villur eru í þessum texta (sbr. MYND 3⁶): Ekki er rétt gerð af *r* (krók-*r*) í orðinu *þrenn*, punkt vantar í lok erindis og ekki er stór stafur í byrjun erindis.

6 Þessi mynd er andhverf eins og aðrar innrauðar myndir í greininni. Það sem er ljóst á myndunum er í raun dökkt og það sem er dökkt er ljóst.



MYND 3: Fyrsta lína í aftari dálki: æ þren atūgu mier: Þæt el ek þyrft. Þetta er innrauð mynd (andhverf).

Á MYND 1 og á MYND 3 sést að skriftin á ARINBJARNARKVIÐU hefur einkenni léttiskriftar (enska: *Gothic cursive*) sem er yngri skriftargerð en annars staðar er notuð í Möðruvallabók. Stafir eru tengdir saman og skrifaðir með færri stökum en áður tíðkaðist. Þetta sést m.a. á því hvernig stafurinn *r* er skrifaður í orðinu þrenn þannig að úr verður stafur sem minnir á *v*. Slík skrift var venjuleg í bréfum á 14. öld en ekki á bókum.

Táknið <ʀ>, sem sést á MYND 3, kemur víða fyrir í lok erinda (sjá tvö dæmi til viðbótar á MYND 1) en þess er hvergi getið í uppskriftum kviðunnar. Þetta tákn hefur líkast til villt um fyrir Jóni Helgasyni sem með fyrirvara („forbehold“) setti ar-endingu á orðið *tos*, sjá útgáfu Bjarna Einarssonar (2001, 189). Á MYND 1 sést að þetta orð stendur í lok erindis 19 á undan þessu tákni en Jón hefur túlkað efri hluta þess sem ar-band.

Til að bera saman uppskrift Finns og uppskriftirnar í ÍB 169 4to og AM 146 fol. er eftirfarandi tafla tekin saman um villur sem finna má í erindi númer 20 sem sést á MYND 1:

ÍB 169 4to	mun	m̄	eiḡ	q̄ðka	ek	fkāt	mille	fkata	auð
AM 146 fol.	mun	m̄	eiḡ	q̄ðca	ec	fcamt	milli	fcata	auð
FJ 1886	mū	m̄n̄	eige	q̄ðka	ek	fkāt	mille	fkata	auþ

TAFLA 1. Villur í uppskriftum á erindi 20 (sjá MYND 1). Í síðasta orðinu, *auð-*, er líklega skrifað <ð> ofan í <þ> í Möðruvallabók. Þess vegna er erfitt er að segja til um hvor stafurinn er réttari í uppskriftum.

Villurnar í TÖFLU 1 eru allar í því hvernig orð eru stafsett eða skammstöfuð og eru dæmigerðar fyrir villur annars staðar í uppskrift kvæðisins. Villurnar eru langflestar í AM 146 fol. enda virðist í þeirri uppskrift ekki hirt um að halda stafsetningu forritsins (þ.e. ÍB 169 4to). Villur í ÍB 169 4to eru nokkru færri en hjá Finni. Flestar villur í uppskriftunum hafa engin áhrif á textann eins og hann birtist í útgáfum með samræmdri stafsetningu. Dæmi um annað má þó finna, samanber eftirfarandi:

Upphaf 17. erindis ARINBJARNARKVIÐU er þannig hjá Sigurði Nordal (1933, 264):

Þat allsheri
at undri gefsk,
...


Sá bragfræðigalli er hér á, að í fyrra vísuorði eru of mörg atkvæði. Textinn er þó í samræmi við það sem stendur í AM 146 fol. og eins og þeir lásu, Finnur og Guðbrandur. Jón Helgason taldi sig sjá „med forbehold“ að hér ætti að vera: ⟨Þ allz h̄r, þ.e. að vísuorðið ætti að enda á s og það var prentað í viðauka við útgáfu Bjarna Einarssonar (2001, 189).

Uppskriftirnar sem komnar eru frá Árna Magnússyni eða skrifurum hans hafa eftirfarandi:

ÍB 169 4to	⟨Þ allr h̄r⟩
AM acc 28	⟨Þ̄ allr h̄r⟩
AM 146 fol.	⟨Þat allz h̄r⟩

Í AM acc 28 er stundum gefinn upp bundinn texti sem ætla má að sé úr forriti textans og er textinn hér að framan slíkur texti. Sá texti er oftast eins og textinn í ÍB 169 4to en hér er skrifað orðið ⟨Þ̄⟩ Því í stað ⟨Þ⟩ Þat.

Í Möðruvallabók er hér sami texti og í ÍB 169 4to eins og sést á meðfylgjandi innrauðri mynd:



MYND 4: Hér stendur: ⟨Þ̄ allr h̄r⟩ Þat allr h̄r. Tvö r standa þarna sem líkjast v. Á myndinni eru þau römmuð inn í tvo ferhyrninga.

Hér fer ekkert á milli mála. ÍB 169 4to hefur texta sinn úr Möðruvallabók en hinar uppskriftirnar hafa texta sem hefur verið breytt, líklega til að gera hann skiljanlegri.

Þegar reynt er að ráða í texta, sem sést illa, geta réttar upplýsingar um stafsetningu verið mjög gagnlegar, samanber eftirfarandi:

Í línu 27 í fremra dálki er texti sem hljóðar þannig í útgáfu Sigurðar Nordal (1933, 261) á Egils sögu:

...
hoddþjondum
á hlið aðra

Orðið *hoddþjondum* er leiðrétting á orðinu *hoddþinnþondum* sem hefur of mörg atkvæði. Stafréttur texti sem Finnur Jónsson (1886, 348) las og gaf út er þannig⁷ (hornklofar merkja ógreinilegan texta):


FJ 1886 ‹hoð [þiñ] endum a hlið...›

Finnur gat ekki lesið orðið *aðra*. Guðbrandur Vigfússon (1883, 273) hafði hins vegar eyðu á undan og las aðeins: ... *á hlið aðra*.


Elstu uppskriftirnar, sem eru allar ættaðar frá sömu uppskrift úr Möðruvallabók, hafa eftirfarandi texta:⁸

ÍB 169 4to	‹hoðþiñða meñ a hlið aþ›
AM acc 28	‹hoðþiñða meñ a hlið aðra›
AM 146 fol.	‹hoþþiñða m̄ a hliþ aðra›

Hér eru orðin bundin og stafsett á misjafnan hátt en með samræmdri stafsetningu yrði textinn hinn sami. Augljós galli á honum er að einu atkvæði er ofaukið. Á MYND 5A, sem tekin er í útfjólubláu ljósi og er í eigu Árnastofnunar, sést að *a* kemur líklega ekki á eftir *d*.



MYND 5A Hér stendur líklega «ð» fremur en «ða».
Útfjólublá mynd (ljómun)



MYND 5B ‹hoðþi[a]ð[z] [ma]ñ [a]hlið aþ›. Innrauð mynd, andhverf.

7 Guðmundur Magnússon (1809, 660) hafði *hoddþinnendum á hlið aðra* en skrifaði athugasemd um að *hoddþinnendum* væri „konjectur“. Í doktorsritgerð Finns (1884, 109) segir frá þessari athugasemd. Þeir Guðmundur og Finnur voru sammála um að textinn *hoddþinda menn* gengi ekki. Finnur þekkti þann texta úr AM 146 fol.

8 Hér hefur AM acc 28 ekki tilvísun í bundinn texta forrits síns.

ÍB 169 4to hefur ⟨þ⟩ í orðinu *aðra* eins og sést á MYND 5B og líkist skinnbókinni meira en hinar uppskriftirnar. Þótt sérhljóðið í ⟨mañ⟩ sjáist ekki greinilega er það frekar ⟨a⟩ en ⟨e⟩. Til er dæmi um orðið *fjandsmenn* og mörg um orðið *fjandsligr*.⁹ Orðmyndin *fjandsmann* er líklega í nefnifalli, sbr. að orðið *þjónustumann* er skrifað þannig í nefnifalli í Möðruvallabók. Þetta var leiðrétt í eldri útgáfum samkvæmt formála Bjarna (2001, LXV) þar sem vitnað er til rannsókna Björns K. Þórolfssonar og sagt að nefnifallsmyndin *mann* komi þegar fyrir á 14. öld en hún varð algeng síðar.¹⁰

Með aðstoð MYNDAR 5A OG 5B og með ÍB 169 4to er hægt að fara nærri um hvernig textinn hljóti að hafa verið en þó er ekki hægt að slá því endanlega föstu að textinn ⟨hōðþiāðz mañ ahlīð a aþ⟩ sé réttur. Með málfræðilegum og bragfræðilegum rannsóknum má auka líkur á að vel takist til þegar getið er í eyður eins og hér. Viða er svipað ástatt um texta annars staðar í kvæðinu en þetta dæmi verður látið duga um þær rannsóknir sem ÍB 169 4to og nýjar myndir kalla á.

Mikil bót er fyrir byggingu kvæðisins að hafa hér orðið *hoddfjandsmaður* í merkingunni örlátur maður í nefnifalli. Setningunni: *Þar stóð... sem hefst í byrjun 10. erindis, lýkur ekki fyrr en í lok 11. erindis með ... í herskás hilmis garði*, eftir að Egill hefur gefið Arinbirni fimm sæmdarheiti í upphafi hvers víisufjórðungs. Hann er: hoddfjandsmaður, tryggur vinur, heiðþróaður hverju ráði, knía fremstur og vinur þjóðans. Nafn Arinbjarnar lendir í upphafi erindis. Bygging þessara tveggja erinda virðist þannig vera vönduð og úthugsuð hjá Agli.

Finnur (1884, 109) hefði gjarna viljað sjá hér mannsheiti í nefnifalli, sbr. að í doktorsritgerð sinni sagði hann: „... men er ‘betri’ rigtigt, hvad der er stor sandsynlighed for, er det naturligt i følgende vers at søge en nomin. af et subst. i betydningen mand. f. ex. ‘hoddsinnir, hoddsendir’ eller lignende“.

4. Týnda blaðið

Í útgáfu kviðunnar 1809 er fyrrsögnin: „Arinbjarnar Drápa, edr Brot af henni“. Þar segir Guðmundur Magnússon (1809, 648) að vafalaust sé að kviðan hafi haldið áfram á öðru blaði „... sine dubio olim in aliud folium excurrerat“.

⁹ Þetta er samkvæmt leit í *Ordbog over det norrøne prosasprog*, onp.ku.dk.

¹⁰ Arinbjarnarkviða á síðunni 99v er skrifuð lítið eitt síðar en aðrir hlutar Möðruvallabókar. Ritunartíminn gæti verið um 1400 þegar auðveldara er að finna dæmi um nefnifallsmyndina *mann*.

Guðbrandur Vigfússon færði fram rök fyrir þessari skoðun og taldi að aðeins rúmur helmingur kvæðisins hefði verið skrifaður á síðu 99v og að afgangurinn hefði glatast. Helstu rök hans voru þau að í kvæðinu segist Egill munu lofa Arinbjörn með tvennum og þrennum¹¹ mærdarefnum en í varðveittum hluta kvæðisins er hann aðeins lofaður fyrir gjafmildi.

What is left of the poem can only be half of the whole, as can be seen from the plan, which begins with a *Proem* and *Introduction* (ll. 1-52) telling the tale of the Head-Ransom, followed by an encomium upon *Arinbjorn's generosity* (ll. 61-86). The next part, to guess from legible words here and there, was on his *valour*; the third part (cp. tvenn ok þrenn, l. 60), probably on some other of his noble qualities, with an Epilogue (lost), which concludes with an Envoy (ll. 92-95) preserved in Skalda.

Guðbrandur Vigfússon (1883, 271-272)

Guðbrandur gerir hér ráð fyrir að kvæðið hafi haft greinilega kaflaskiptingu, líka því sem finna má í drápum (og síðar rímum), með inngangi (mansöng), stefjamálum og niðurlagi (slæmum). Hann taldi að miðhlutanum hefði verið skipt í þrjá jafnlanga hluta og aðeins fyrsti hlutinn sé varðveittur.

Þetta þarf ekki að vera rétt. Fá eða engin dæmi eru til um að fornkvæði án stefja hafi slíka byggingu. SONATORREK, sem einnig er ort undir kviðuhætti hefur ekki greinilega kaflaskiptingu.


Guðbrandur taldi að það sem sæist af texta kvæðisins í neðri hluta aftari dálks benti til þess að þar væri fjallað um hreysti Arinbjarnar og hernað en í 6. kafla verður bent á að texti neðst í dálkinum gæti verið úr tryggðareíði.

Guðbrandur nefnir það að vísu ekki í sinni röksemdafærslu en það má teljast ótrúlegt að ARINBJARNARKVIÐA hafi fyrir tilviljun fyllt nákvæmlega eina blaðsíðu. Í næsta kafla er leitað skýringa á því.

11 Í kveðskap fornskálda eru oft nefndar tvær tölur og þótt önnur þeirra sé ekki tugatala (þ.e. tuttugu, þrjátíu...) á að leggja þær saman. Í HÚSDRÁPU frá 10. öld (vísu 2) er sagt að Heimdallur sé sonur einnar og átta mæðra en þær voru níu. Í NOREGSKONUNGATALI sem er langt kviðuháttarkvæði frá um 1200 eru eftirfarandi dæmi um að ríkisstjórnarar konunga séu gefin með tveimur tölum: 3 og 70 = 73, 1 og 4 = 5, 6 og 20 = 26, 13 og 20 = 33, 7 og 20 = 27, 16 og 11 = 27, 18 og 7=25, 17 og 6 = 23. Í REKSTEFJU frá 12. öld (vísu 10) er sagt að Ólafur Tryggvason hafi kristnað 3 og 2 lönd (*þrenn* og *tvenni*) og er átt við að hann hafi kristnað 5 lönd sem talin eru upp í framhaldinu. Ef Egill er skilinn á sama hátt er varla um að ræða 5 vísnaflökka, frekar er átt við fimm hrósyrdi eins og sagt er frá í lok 3. kafla.

5 Hástafir hjá Guðbrandi og í ÍB 169 4to

Á MYND 6 er sýndur neðri hluti aftari dálks á blaðsíðu 99v í Möðruvallabók.




MYND 6: Línur 26–41 í hægra dálki. Vinstra megin er texti Guðbrands (1883, 380) en hægra megin er innrauð mynd af handritinu (andhverf). Dregnir hafa verið hringir utan um hástafina sem sjást á báðum myndum en þeir marka erindaskil. Guðbrandur merkti með skáletri þá stafi sem væru ógreinilegir.

Samkvæmt bandréttri uppskrift Finns Jónssonar (1886, 347–349) er lítill stafur í upphafi erinda númer 3, 4, 16, 17, 19, 20 og 23 en það er rangt. Stórir stafir (hástafir) sjást á myndum af kvæðinu í öllum læsilegum erindum þess (sjá stóra stafi í erindum 16, 17, og 20 á myndum númer 1, 3 og 4).

Það má telja nokkuð öruggt að stórir stafir sem sjást í neðri hluta aftari dálks marki einnig upphaf erinda og þar með sjást allir upphafsstafir kvæðisins nema í erindum 28 og 29.¹² Síðast sést upphafsstafur erindis númer 30.

Í ÍB 169 4to er textanum skipt í erindi. Aðeins er skrifaður helmingur erindis númer 23 en skilið er eftir pláss fyrir hinn helminginn. Þar fyrir neðan eru upphafsorð fjögurra næstu erinda. Þessi orð hafa ekki birst áður opinberlega.

12 Ef gert væri ráð fyrir að aðeins vantaði einn stóran staf yrðu tvö erindi óhófllega löng (rúmlega 3,5 línur).



MYND 7: Endir uppskriftar í ÍB 169 4to. Hér eru skrifaðar tvær langlínur með fyrri helmingi erindis númer 23 en skilið er eftir pláss fyrir tvær langlínur sem vantar. Þar fyrir neðan eru upphafsorð fyrir erindi 24, 25, 26 og 27. Textinn í neðstu línunni er illskiljanlegur en búast hefði mátt við að hann táknaði upphafsorð 28. erindis. Næstu síður eru auðar.

Í TÖFLU 2 eru orðin sem sjást á MYND 7 ásamt lestri af innrauðri mynd og lestri Guðbrands:

Erindi	Guðbrandur Vigfússon	ÍB 169 4to	Innrauð mynd
24	Þ' e'	Nu é	Þ
25	S	Seged	S
26	O[k]	Ok	O
27	Ok	Ok	O
28	-	-	-
29	-	-	-
30	Þ' e'	-	Þ

TAFLA 2 Upphaf erinda 24-30, samanburður

ÍB 169 4to ber ekki saman við lestur Guðbrands um upphafið á 24. erindi. Á MYND 8A sést hins vegar að það er vel skiljanlegt að þar sé lesið *N* fremur en *Þ*. Af þessu sést að textinn hefur hér verið mjög ógreini-
legur á 17. öld.



MYND 8A Það sem sést af erindi númer 24. Neðst, niðri til hægri er stórt *S* sem táknar byrjun á nýju erindi. Efst, vinstra megin við miðju er mjög stórt *Þ* sem í ÍB 169 4to er lesið sem *N*.




MYND 8B Stafurinn *P* Sést með berum augum og á mynd í útfjólubláu ljósi sést greinilega *P* fremur en *N*.

Vegna þess að Guðbrandur gat lesið stöku orð í neðri hluta aftari dálks hefði mátt ætla að á 17. öld hefði mátt lesa þar talsvert af samfelldum texta, en ÍB 169 4to sýnir að þá var neðri hluti dálksins einnig ólæsilegur.

Kvæði með 30 erindum getur vel verið hæfilega langt, sbr. að SONATORREK er 25 erindi. HÖFUÐLAUSN er 20 erindi með hálfu erindi til viðbótar í lokin. Skáldin létu gjarna fjölda erinda standa á tug og kvæðin voru sögð tvítug, þrítug, fertug o.s.frv. Í *Egils sögu* (2001, 116) ráðlagði Arinbjörn Agli að yrkja tvítuga drápu til að leysa höfuð sitt undan reiði konungs að dæmi Braga skálds sem einnig hefði ort tvítuga drápu í sama tilgangi.

Með því að taka eftir staðsetningu upphafsstafa erinda má gera eftirfarandi mynd sem sýnir línufjölda erinda. Fyrir erindi 24, 25 og 26 er þetta gert með stuðningi MYNDAR 6. Fyrir erindi 27, 28 og 29 er birt meðaltal (vegna þess að ekki sést hvar erindi 28 og 29 byrja). Fyrir erindi 30 eru sýndir þrjár möguleikar. Einn möguleikinn er ef á síðunni eru 30 heil erindi, annar ef þau eru 31 og sá þriðji ef þau eru 30 og hálf. Síðasttaldi möguleikinn er líklegastur.



MYND 9: Lengd erinda í ARINBJARNARKVIÐU. Meðallengdin er 2,7 handritslínur. Síðustu erindin voru að öllum líkindum 2,4 línur að meðaltali. Sjá skýringar framfar.

Erindin eru að meðaltali 2,7 handritslínur að lengd. Fyrsta erindið tekur mest pláss (nærri fjórar línur) vegna stórs upphafsstafs og þess að tvö orð, *hilmí at* eru endurtekin vegna mistaka.

Erindin þrjú, númer 27, 28 og 29, taka rúmlega 7 handritslínur (sjá MYND 9) eða um 2,4 línur hvert erindi sem þýðir að fremur þétt hefur verið skrifað undir lokin. Hugsanlega er hér um tilviljun að ræða, erindi taka mismikið pláss, en ef ætlunin var að fylla síðuna með þessu eina kvæði mátti einmitt búast við því að annaðhvort kæmi eyða í lokin eða að skrifað væri þéttar.

Á eftir erindi 30 er pláss fyrir hálf erindi ef það erindi er álika þétt skrifað og erindin þrjú á undan. Ef heilt erindi kæmi þar á eftir væri mjög þétt skrifað (sbr. mynd).

Í þessari umfjöllun hefur verið gert ráð fyrir að blaðið sé fullskrifað en það sést ekki með berum augum. Á innrauðum myndum sést að það er rétt og á þeim sést nokkuð af því sem er skrifað í lok síðunnar.

6. *Mækis egg og tilgáta um tryggðareid*

Í neðstu línu í aftari dálki las Guðbrandur Vigfússon orðin «mekif egg mækis egg (æ er venjulega skrifað *e* á síðunni), sjá MYND 6. Þessi orð fylla líklega þrjár atkvæðastöður í forlínu og standa fyrir miðju, neðst í hægri dálki. Á eftir þeim kemst hæglega fyrir síðlína með fjórum atkvæðum.

Orðin *mækis egg* koma þrisvar fyrir í dróttkvæðum,¹³ einu sinni í REK-STEPJU frá 12. öld og tvisvar í GRÁFELDARDRÁPU frá 10. öld sem ort var eftir fall Haralds gráfeldar Eiríkssonar og Arinbjarnar. Guðbrandur taldi að orðin í neðri hluta aftari dálks sýndu að þar væri lýst hreysti og hernaði Arinbjarnar og á þessum stöðum eru orðin einmitt notuð í slíkum lýsingum.


Orðin *mækis egg* koma einnig fyrir Eddukvæðum í tryggðareidi í VÖLUNDARKVIÐU í Konungsbók eddukvæða (upphaf erindis 32¹⁴):

eipa ftcv m̄ aþ	Eiða skaltu mér áðr
aia vi-na	alla vinna
at scipf bozþi	að skips borði
ʒ at scialðar rænoð.	ok að skjaldar rönd,
at marf bögi	að mars bægi
ʒ at mekfif eg	ok að mækis egg

Ef niðurlag ARINBJARNARKVIÐU er á síðu 99v gæti það hafa verið texti svipaður þessum. MYND 10 sýnir hvað sjá má í neðstu tveimur línunum aftari dálks.

13 Þetta er byggt á leit í samræmdum texta Finns Jónssonar 1908–1915, sem er í boði á vefsíðu *The Skaldic Project*: abdn.ac.uk/skaldic/db.php.

14 Sjá *Braga – óðfræðivef* – Greinir skáldskapar: bragi.info. Ath. að <ʒ, at> samræmist í ok, að þar sem það er meginregla hjá skrifara Konungsbókar.



MYND 10: Innrauð mynd (andhverf) af texta neðst í aftari dálki.

Eftirfarandi er það sem lesa má á myndinni. Innan hornklofa er texti sem vel gæti verið rangt lesinn. Ekki er reynt að giska á hvað stendur fremst í efri línunni

< [hōð] æme[l]₁ >
 <[ð fκia]llð[.] mekiff egg [æ] >

Erfitt er að ráða í fyrri hluta efri línu en aftast stendur «æme[l]₁» ok *mæli*. Þar fyrir framan gæti staðið orðið «hōð» *hönd*. Aftast í neðri línu sjást orðin sem Guðbrandur las «mekiff egg» *mækis egg*, en freistandi er að sjá framar standa orðmyndina *skjaldar* þótt aðeins stafirnir «llð» séu ótví-
 ræðir. Yst til vinstri, í neðri línu, virðist standa «ð» en það ætti vel við að þar væri síðasti stafur í orðinu *rönd*.

Egill endaði HÖFUÐLAUSN á fjórum línunum, hálfu erindi sem túlka má sem áhrinsorð (*Njóti bauga* o.s.frv). ARINBJARNARKVIÐA gæti hafa endað á upptalningu af sama toga með: *mækis egg og mars bægi*. Í ARINBJARNARKVIÐU segist Egill komast hjá því að gerast heitrofi og í lok kvæðisins gæti hann verið að endurnýja heit sín við Arinbjörn.

Ef til vill var neðri hluti aftari dálks vísitandi núinn í burtu af einhverjum sem líkaði ekki sú lýsing sem þar var gefin á heiðnum svarðögum en vildi þó ekki eyðileggja allt kvæðið. Það myndi skýra hið óvenjulega slit á síðunni en búast hefði mátt við mestu sliti á jöðrum textans (sjá MYND 2). Á kveraskilum, eins og hér, getur að vísu hæglega komið nuddfar nær miðju textans en nuddfarið á síðu 99v er óvenjulega afmarkað í aftari dálki.

Lengi hefur verið talið að lokaerindi ARINBJARNARKVIÐU hafi varðveist annars staðar og er það næsta umfjöllunarefni.

7. *Erindi sem hafa varðveist annars staðar*

Í Snorra-Eddu og í málskrúðsfræði Ólafs hvítaskálds er á nokkrum stöðum vitnað í kveðskap eftir Egil Skallagrímsson, ortan undir kviðuhætti. Þar á meðal er eitt og hálf erindi úr SONATORREKI en fimm aðrar tilvitnanir hafa verið taldar vera úr ARINBJARNARKVIÐU.

Eftirfarandi er örugglega úr ARINBJARNARKVIÐU, texti eins og í útgáfu Sigurðar Nordal (1933, 260–264):

Erindi 8,	vísuorð 1-4	Við því tók ...	(Snorra-Edda)
Erindi 15,	vísuorð 1-8	Erum auðskœf ...	(Málskrúðsfræði)
Erindi 17,	vísuorð 5-8	en grjót-björn ...	(Snorra-Edda)

Eftir standa tvær vísur sem báðar eru varðveittar í málskrúðsfræðinni. Árni Magnússon gat sér til að önnur vísan væri úr ARINBJARNARKVIÐU samkvæmt athugasemd í safni hans af fornkvæðum í handritinu AM 761 b 4to. Hann giskaði hins vegar á að hin vísan væri úr SONATORREKI Egils (sjá formála Bjarna Einarssonar (2001, XL-XLI)). Aðrir hafa hins vegar talið báðar vísurnar eiga heima í ARINBJARNARKVIÐU.

Sú vísa sem Árni tengdi við SONATORREK er þannig:

Þat's órétt,
es orpit hefr
á máskeið
morgu gagni,
ramriðin
Rokkva stóði,
vellvönuðr,
þvís veitti mér.

Sigurður Nordal (1933, 267)

Þessi vísa er góð viðbót við ARINBJARNARKVIÐU þar sem Egill segir í henni að Arinbjörn hafi gert margt fyrir sig sem er í samræmi við *Egils sögu*. Áður í kvæðinu var Arinbjörn aðeins lofaður fyrir það sem gerðist í Jórvík. Í útgáfu Árnaneftdar á *Egils sögu* 1809 var þessari vísu komið fyrir á milli erinda 12 og 13 í ARINBJARNARKVIÐU. Á þeim stað birtist hún sem ein ástæða til viðbótar fyrir Egil að mæra Arinbjörn. Guðbrandur sagði um þessa vísu:

The present Editor took great pains to read the washed-out ghostly marking on the bleak greasy page, in 1860, and was able after long

efforts to read nearly all the first column, with the top half and a few words here and there down the second column. His copy is printed in an Appendix. See also Ny felags-rit, 1861. He was able for the first time to fix the place of one of the two quotations in Edda from the lost part of the Song, and to make corrections in the previous copies.

Guðbrandur Vigfússon (1883, 271)

Guðbrandur vildi hafa vísuna aftan en hún var í 1809-útgáfunni. Ekki er augljóst hvað hann á við með „lost part of the song“. Í *Nýjum félagsritum*, sem hér er vísað til, kemur fram hvar hann vildi setja vísuna:

Kvæðið allt ætla eg að hafi verið fertugt eða fimtugt; inngánger kvæðisins er 15 erindi, þá 7 erindi um örlyndi Arinbjarnar, auðsæld og göfuglyndi, þá að líkindum önnur 7 erindi um hreysti hans og hernað, og síðan eitthvað hið þriðja, svo sem trygð hans og vinfesti. [Eftirfarandi er í neðanmálgrein] Þar held eg eigi heima vísan:

Þat er óréttt
er orpit hefir. o.s.frv.

sem í útgáfum er sett inn af getgátu, og að eg held á rangan stað.

Guðbrandur Vigfússon (1861, 127)

Vísan ætti samkvæmt þessu heima einhvers staðar aftan við fyrstu 30 erindin og hún væri þá á hinu týnda blaði.

Á hinn bóginn segir Guðbrandur í athugasemdum við kvæðið í útgáfu sinni að honum hafi auðnast að greina staðsetningu vísunnar í aftari dálkinum.


... Cited in Edda, we are able to identify it in the blurred column: the image is from the saying, kasta á glæ ...

Guðbrandur Vigfússon (1861, 540)

Samkvæmt lestri Guðbrands stendur orðið *vönuðr*, skrifað <vaūoðr> á réttum stað miðað við lengd erindisins til að vera erindi númer 24 í kvæðinu. Guðbrandur merkti engan staf sem ógreinilegan (sjá MYND 6). Hæfilega mikið er eftir af línunni áður en kemur að upphafsstaf næsta erindis, sem Guðbrandur sá að hófst á <S> (<Segeð> skv. ÍB 169 4to sem Guðbrandur þekkti ekki¹⁵) og erindið sjálft hefst á réttum upphafsstaf <Ð> og hann er sammála ÍB 169 4to um að næst komi sögnin *er* eins og í umræddri vísu. Á innrauðum myndum sjást báðir þessir upphafsstafir

15 Guðbrandur tekur sérstaklega fram í *Nýjum félagsritum*, 1861 bls. 127, að hann þekki enga eldri uppskrift kvæðisins en þá sem er í AM 146 fol.

ágætlega og þótt orðið «vaūoðr» sé ekki greinilegt virðist það einnig vera á sínum stað fremst í línu 25 (sjá mynd) og framan við það má sjá leifar af *vell-* úr *vellvǫnuðr*.



MYND 11: Lína 25 í aftari dálki «[...]v[au..ð.]» *vell-vǫnuðr*.

Hér verður ekki bæði sleppt og haldið. Úr því að vísan reynist vera erindi númer 24, grefur hún undan hugmyndum Guðbrands um lengd kvæðisins.

Þá er aðeins eftir ein tilvitnun í Egil sem gæti verið af hinu týnda blaði en hún er þessi vísa:

Vask árvakr,
bark orð saman
með málþjóns
morginverkum,
hlóðk lofkost
þanns lengi stendr
óbrotgjarn
í bragar túni.

Sigurður Nordal (1933, 267)

Guðbrandur kallaði þessa vísu eftirmála (e. *envoy*, sjá tilvitnun framar). Vísan er ekki hluti af kvæðinu¹⁶ og gæti fylgt hvaða lofkvæði sem er. Nægilega mikið sést af texta á síðu 99v til að hægt sé að segja að þessi vísa standi ekki neðst á síðunni og hún kemst raunar hvergi fyrir á henni.

Hér gefur Egill kveðskap sínum þá einkunn að vera óbrotgjarn minnisvarði sem standa muni lengi. Vísan gæti átt heima sem lausavísa í frásögninni af Jórvíkurferð Egils en þar segir Arinbjörn að Egill geti bætt konungi að hafa mælt illa til hans með „lofs orðum þeim er allan

16 Sigurður Nordal (1993, 263) taldi í útgáfu sinni að erindi 14 vísaði til niðurlagserindisins. Sú vísun er mjög óljós auk þess sem þetta erindi er illa varðveitt (inniheldur m.a. orðið *baugstigginn* í ÍB 169 4to) og útgefendur hafa þurft að gera á því miklar lagfæringar.

aldr megi vppi vera“ (*Egils saga* 2001, 115). Samkvæmt sögunni urðu það morgunverk Egils næsta dag að koma saman HÖFUÐLAUSN sem með réttu má kalla lofköst. Í þeirri frásögn er önnur vísa sem ort er undir kviðuhætti og á þó ekki heima í ARINBJARNARKVIÐU: „Erumka leitt, þótt ljótr séi ...“, Sigurður Nordal (1933, 193–194).

Á þessum stað væri vísan ein af mörgum ótrúlegum grobbvísium sögunnar. Þær vísur gætu aðrir hafa ortar fyrir Egils hönd en Sigurður Nordal (1933, XII–XIII) setti fram þá skemmtilegu tilgátu að hann hefði gert það sjálfur eftir að hann komst á raupsaldurinn.

8. Niðurlag

ARINBJARNARKVIÐA er betur varðveitt en hingað til hefur verið talið. Á innrauðum myndum sem höfundur hefur tekið af ARINBJARNARKVIÐU í Möðruvallabók sést víða læsilegur texti en öll kviðan er nú ólæsileg með berum augum. Í þessari grein voru sýnd dæmi um að með innrauðum og útfjólubláum myndum væri hægt að leiðrétta sumt af því sem áður var skrifað upp af kviðunni á meðan hún var læsilegri (sjá MYND 4, MYND 5A og MYND 5B).

Framlag Finns Jónssonar við rannsóknir á ARINBJARNARKVIÐU er vel þekkt en nú sést að framlag eldri fræðimanna var meira og mikilvægara en áður var vitað. Meðal þessara manna voru Árni Magnússon og ritarar hans, Guðmundur Magnússon og aðrir sem komu að fyrstu útgáfu kvæðisins 1809 og Guðbrandur Vigfússon. Þetta sést á eftirfarandi:

Uppskriftin í ÍB 169 4to inniheldur bandréttan texta Möðruvallabókar og er að gæðum álíka og bandréttur texti Finns Jónssonar (sbr. TÖFLU 1). Þessi uppskrift er frá 17. öld og er líklega komin frá Árna Magnússyni eða skrifurum hans. Hún sýnir að síðasti fjórðungur síðunnar var þegar torlæsilegur á 17. öld (sjá TÖFLU 2).

Koparstunga, sem birt var í 1809-útgáfu *Egils sögu*, af 20. erindi kviðunnar er nákvæm eftirmynd af því sem stendur í skinnbókinni og gefur hugmynd um hversu miklu læsilegri hún var á þessum stað fyrir 200 árum (sjá MYND 1).

Hægt er að staðfesta talsvert af þeim textabrotum sem Guðbrandur Vigfússon las í síðasta fjórðungi kvæðisins. Sérstaklega sjást á innrauðum myndum allir stórir stafir sem hann sá og því er hægt að telja erindi í kvæðinu og áætla lengd þeirra (sjá MYND 9). Þessu til viðbótar hefur ÍB 169 4to upphafsorð fjögurra erinda sem Guðbrandur sá upphafið á (sjá TÖFLU 2).

Aðeins örfá fornkvæði hafa varðveist í heilu lagi. Oftast eru aðeins varðveittar úr þeim fáeinar tilvitnanir og um flest þeirra er ekki vitað hve löng þau voru. Í þessari grein hefur verið rökstutt að óþarft sé að gera ráð fyrir öðru en að kvíðan sé öll skrifuð á síðu 99v. Ef fallist er á þetta er ARINBJARNARKVIÐA með best varðveittu fornkvæðum.

HEIMILDIR

- Bjarni Einarsson (útg.). 2001. *Egils saga Skallagrímssonar*. Bind I. A-redaktion. Editiones Arnarnænar A 19. Ritstj. Michael Chesnutt. Reitzel, København.
- Bjarni Einarsson. 2010. „Om den Arnarnænske kommissions udgave af *Egils saga Skallagrímssonar* (1809).“ *Gripla* XXI, bls. 7–18.
- Björk Þorleifsdóttir. 2003. *Af bókfelli: smásjárathuganir á íslenskum skinnhandritum*. B.A.-ritgerð við Háskóla Íslands.
- Chesnutt Michael, 2010. „On the Structure, Format and Preservation of Möðruvallabók.“ *Gripla* XXI, bls. 147–168.
- Finnur Jónsson (útg.). 1886–1888. *Egils saga Skallagrímssonar tilligemed Egils störru kvad*. Samfund til udgivelse af gammel nordisk litteratur, XVII. København.
- Finnur Jónsson. 1884. *Kritiske studier over en del af de ældste norske og islandske skjaldekvad*. Doktorsritgerð við Kaupmannahafnarháskóla. Gyldendal. København.
- Finnur Jónsson. 1908–1915. *Den Norsk-Islandske Skjaldedigtning*. Kommissionen for det Arnarnænske legat. København.
- Guðbrandur Vigfússon. 1861. „Um nokkrar Íslendingasögur.“ *Ný félagsrit* 21, bls. 118–127.
- Guðbrandur Vigfússon. 1883. *Corpus poeticum boreale – The poetry of the old northern tongue from the earliest times to the thirteenth century*. Ritstj. E. York Powell. Clarendon Press. Oxford.
- Guðmundur Magnússon (útg.). 1809. *Egils-Saga, sive Egilli Skallagrímii Vita*. Kommissionen for det Arnarnænske legat. København.
- Jón Helgason. 1958. *Handritaspjall*. Mál og menning. Reykjavík.
- Sigurður Nordal (útg.). 1933. *Egils saga Skalla-Grimssonar*. Íslenzk fornrit II. Hið íslenzka fornritafélag. Reykjavík.

HANDRIT

AM Acc 28 Arinbjarnarkviða í safni af Íslendingasögum, skrifað á 18. öld, bls. 497–501.

AM 132 fol. Arinbjarnarkviða, *Möðruvallabók*, frá 14. öld, bls. 99v.

AM 146 fol. Arinbjarnarkviða, *Egils saga Skallagrímssonar*, 1690–1697, bls. 88v–90r.

ÍB 169 4to Arinbjarnarkviða, *Samtíningur - Hluti II*, bls. 17r–18v.

VEFSÍÐUR SEM VORU NOTAÐAR SEM HEIMILDIR

síðast skoðaðar 20. október 2013:

Bragi – óðfræðivefur á vefsetri óðfræðifélagsins Boðnar í Reykjavík: bragi.info.

Bandréttir textar af safninu „Greinir skáldskapar“.

Ordbog over det norrøne prosasprog á vefsíðu Kaupmannahafnarháskóla: onp.ku.dk.

The Skaldic Project með leit í B-texta Finns Jónssonar: abdn.ac.uk/skaldic/db.php.

Sigrún Haraldsdóttir

LJÓÐ

I

húsið

ég læðist að þögla
húsinu á myndinni
legg ennið að gleri
gluggans
rýni í rökkrið
loka augum
hlusta
heyri þau koma inn
lúin eftir langa ferð
fætur barnanna
snerta gólfíð
hikandi
augun opin
spurul

hún
sem á ekkert
nema kvíða sinn
og ótta
rekur lestina
leiðir þau yngstu
sér við hönd

er hún lítur upp
í átt til mín
hörfa ég undan
legg myndina
varlega niður aftur
meðal hinna

Helgi Skúli Kjartansson

Son guðs einn eingetinn

Athugun á sérstöku stuðlamynstri í Passíusálmum

Felumynd

Tuttugasti og fimmti Passíusálmur endar á þessu ódauðlega versi:¹

Son Guðs ertu með sanni,
sonur Guðs, Jesú minn.
Son Guðs, syndugum manni
sonararf skenktir þinn,
son Guðs, einn eingetinn.
Syni Guðs syngi glaður
sérhvör lifandi maður
heiður í hvört eitt sinn.

Hér er, eins og oftast í sálmunum, hver braglína þrír bragliðir, og ég hef undirstrikað risatkvæði þeirra þar sem þau fara ekki á milli mála. Þessu versi hef ég áður vakið athygli á fyrir stórbrotna spennu máls og bragar.² En nú er ég aðeins að hugsa um braginn og bið lesendur að skoða sérstaklega þá hendingu í versinu þar sem ekkert er strikað undir því að bragliðagreining er ekki alveg beint af augum. Og því síður ljóðstafirnir; það er ráðgáta sem ég tel vert að rýna í áður en meira er sagt um bragliði eða ris.³

1 Sótt, eins og aðrar tilvitnanir í þessari grein, í texta Passíusálmanna á *Braga – óðfræðivef* (Hallgrímur Pétursson án árs). Þar sem ekki er gefinn upp sálmur og vers má nota valkostinn „Leita í kveðskap“ til að finna úr hvaða samhengi tilvitnanir eru teknar.

2 (1997: 26) þar sem ég kalla það „frábæra jafnvægislist“ að „yfirfylla bragformið án þess út af flói“ með því að endurtaka sinn eftir sinn lykilorðið *Guð* og þó aldrei í risi. Sú athugun – og fleira, bæði í þeirri grein og þessari – gengur í svipaða átt og túlkun þeirra á brag Hallgríms, Atla Ingólfssonar (1994) og Kristjáns Árnasonar (2003). Hvorugur þeirra fjallar þó sérstaklega um það afmarkaða atriði sem hér er til rannsóknar og vísa ég því ekki til þeirra nánar.

3 Það er jafnan gott ráð í bragfræði að slá ekki of miklu föstu um annað hvort hrynjandi eða stuðlasetningu fyrr en búinð er að athuga hitt líka. Og vera þó við því búinn að á endanum finnist ekki alltaf óumdeilanleg greining, síst á eldri kveðskap.

Hendingin á að vera sérstuðluð eins og samsvarandi lína í öllum versum sálmsins. Þetta er þá felumynd: SON GUÐS EINN EINGETINN – *hvar eru stuðlarnir tveir?*

Hér eru fjögur möguleg svör og þó öll vandkvæðum háð:

- (a). Að hér vanti bara stuðlana.
- (b). Að *Guðs* sé risatkvæði (ólíkt 1. og 3. línu) og stuðli við miðatkvæðið í *eingetinn* – þó það sé greinilega létt atkvæði, skorðað milli tveggja risatkvæða.
- (c). Að *eingetinn* stuðli við *einn* – sem virðist ómögulegt því að stuðlar eiga að standa í risatkvæðum og þau fara aldrei tvö saman í sömu línu.⁴
- (d). Að risin tvö í *eingetinn* stuðli saman, enda hefjast bæði á sérhljóði.

Út frá mínu eigin brageyra held ég síðasti kosturinn megji heita skástur. Að minnsta kosti þykist ég vita að þannig hafi ég einhvern tíma skynjað þessa línu. En brageyrað er líkamshluti sem valt er að treysta, enda er það víst engin venja að beygingarending beri stuðul, jafnvel þó hún sé nógu burðug til að fylla rímandi braglið.⁵

Miðum Hallgrím við Hallgrím

Og svo er hreint ekki víst að Hallgrímur hafi skynjað alla hluti eins og við. Möguleikana fjóra verður að meta út frá því sem hann tíðkaði, og þá sérstaklega í sálmakvæðskap.

Að Hallgrímur hafi viljandi sleppt ljóðstöfum, og það í kveðskap sem hann vandaði til eins og Passíusálmana, þann möguleika er auðvelt að afskrifa. En hina þrjá má alla styðja við einhver fordæmi.

Um (d) má segja að Hallgrímur líkist okkur í því að stuðla helst ekki á endingar, hvorki í sálmum né t.d. í rímum. Ekki er hann þó með öllu yfir slíkt hafinn. Hann virðist t.d. stuðla á lokaatkvæði línunnar *Jósef af Arimathía*⁶ og í *Sannindin elska ber* er það reyndar viðskeyti fremur

4 Ekki nema línan sé samsett, eins og *Hvar er þín fornaldarfrægd, frælsid og manndáðin best?* Þar er það höfuðstafur sem fylgir fast á eftir síðara stuðli en „braghvild“ á milli sem gagnvart ljóðstöfum jafngildir hendingaskilum.

5 *Ég befi gigt í útlimumum*, verður að segja, ekki **Ég befi gigt í útlimumum*; sömuleiðis *Einatt smalar auminginn*, ekki **Tíðum smalar auminginn*; hvað þá að **Hver mun gráta Íslending* geti gengið í stað *Enginn grætur Íslending*.

6 Að fremri stuðullinn sé raunar á *af*, það ætti, eftir því sem á greinina líður, að breytast úr augljósri fjarstæðu í býsna langsóttan möguleika.

en ending sem ber fyrri stuðulinn en það finnst manni nú bita munur fremur en fjár.

Um möguleika (b) – að stuðla við *g-ið* í *eingetinn* – má benda á hliðstæður þar sem stuðull stendur í næsta atkvæði á undan ríminu: *Lof* sé mínum *lausnara* (í næsta versí á undan því sem hér var tilfært í byrjun) – þér sé jafnan *þjónandi* – Það gjald fyrir *mína misgjörð* – og *heilags anda*. *Amen*. Hér fer þó alls staðar hnigatkvæði á undan, ólíkt *eingetinn* sem ætti að hafa sömu hrynjandi og *Jesú minn* eða *skenktir þinn* í fyrri línunum. Þar eru tvær hliðstæður nærtækari: og *lærisveinn einn annar* og Þá hann nú hafði allt *uppfyllt*. Hér undirstrika ég atkvæðið sem bera má saman við *-get-* í *eingetinn*: stendur næst á undan rímatkvæði, næst á eftir atkvæði sem hlýtur að mynda ris í tvíliðahrynjandi – og ber samt stuðul. Því líkast sem einhvers konar áhersla falli hér á þrjú atkvæði í röð.

En þessar tvær hliðstæður, þær koma ekki aðeins heim við skýringu (b) heldur (c) líka því hér falla stuðlar á tvö samlæg atkvæði: og *lærisveinn einn annar*– Þá hann nú hafði *allt uppfyllt*. Og dæmin um það, þau eru ekki bara þessi tvö heldur samtals um 30 í Passíusálmunum öllum,⁷ eða ríflega í öðrum hverjum sálmi. Í krafti þess fjölda langar mig að dæma (c) rétta svarið við felumyndinni. Örugast er þó að bíða með dóminn þangað til við höfum litið nánar á dæmin, eða a.m.k. nokkur þeirra.

Gátan ráðin

Eftirfarandi línupör má kalla dæmigerð um það hvernig Hallgrímur getur stuðlað á tvö samliggjandi atkvæði:

- » fyrir þig þá hann þíndist
so þú, mín sál, ei týndist — 7:15
- » Margir upp árla rísa,
ei geta sofið vært — 15:7
- » Þar má fullt frelsi hafa
framandi menn að grafa — 17:2
- » um hvörja æð út sér dreifði.
Ekkert fannst heilt á mér — 23:4

7 Í fyrrnefndri grein (1997:25) benti ég á þetta atriði lauslega en gerði alltof lítið úr þýðingu þess fyrir greiningu á brag Hallgríms. Þar nefndi ég fimm dæmi sem ég rakst á án þess að leita skipulega. Þegar ég leit núna hratt yfir alla sálmana fann ég 30 dæmi (eða fast að því; fáein eru tvíræð) og hafði þó sést yfir eitt af þeim fimm gömlu; því má ætla að fleiri fyndust ef betur væri leitað.

Hér er frumlínan alls staðar eins, nema byrjar á forlið í síðasta dæminu. Bætum við tveimur sem eru eins líka nema síðasti liður stýfður:

- » Holdið þar þrjúskast við
og þykir illa — 12:15
- » Upp á hans heilög sár
horfi þín trúin klár — 47:15

Hér er strikað undir atkvæðin sem bera stuðlana. Línurnar eru, eins og langoftast hjá Hallgrími, gerðar af réttum tvíliðum en auknar einu atkvæði, og það er einmitt þetta viðbótaratkvæði sem ber fyrri stuðulinn. Ef greint er í bragliði að hætti 19. og 20. aldar, þá gerir þetta viðbótaratkvæði fyrsta liðinn að þrilið: *Þar má fullt | frelsi | hafa*. Og einhvern veginn leyfir Hallgrímur sér að stuðla á þetta sem við skulum til bráðabirgða kalla lokaatkvæði þriliðarins.

Það gerir hann líka í þessum dæmum þremur:

- » Skálkamark mátti kalla
Malkus hér fengi rétt — 7:13
- » sá sem er einn í ráðum,
einn mætir skaða bráðum — 7:2
- » skírður og alla vega
iðrun gjörir daglega — 17:20

Hér get ég reyndar ekki sagt ég skynji neina stuðlun, en það er af því að brageyra mitt er of einhliða mótað af kveðskap sem er of fjarlægur tíma Hallgríms. Með hliðsjón af fyrri dæmunum verðum við að greina þessi á sama hátt. Sömu leiðis þessar línur sem eru sérstuðlaðar en annars sambærilegar:

- » Malkus hlaut hér af tjón — 7:4
- » Pétri so sagði nú — 7:5
- » Jesús þá þagði slétt — 13:1
- » huggun alls öngva fékk — 16:7
- » son Guðs, einn eingetinn — 25:14

Í þessu samhengi er felumyndin auðráðin; hendingarnar eru augljóslega sömu gerðar, allar eins stuðlaðar.

Þriliðir að hætti Hallgríms

Fleiri dæmum má bæta við sömu gerðar. Hér er eitt:

- » Lát mig, ó, Jesú kær,
aldrei svo vera þér fjær — 47:21

Hér fer mér sem fyrr að skynja alls enga stuðla. En höfuðstafurinn kallar á sérhljóða sem geta ekki aðrir verið en *ó* og svo *j*-ið í *Jesú*. Nú er Hallgrímur alls ekki vanur að stuðla *j* (eða *é*) á móti sérhljóða. Hann notar að visu tvímyndirnar *ég/eg* eftir því sem stuðlasetning krefst (og þá *eg em* ef því er að skipta til að sýna að hér slettir hann fornmáli). Annars stuðlar *j* aðeins við *j* eða *é*, líka í nafninu Jesús – nema á örfáum stöðum þar sem hann leyfir sér að ganga gegn eigin brageyra og nota fyrirmynd eldri skálda sem stuðluðu *j* á móti sérhljóðum.⁸ Um það er þetta dæmi ótvírætt, a.m.k. eitt annað: *Þá segir Jesús: Eg em hann / sem endurleysti þann syndarann,*⁹ og e.t.v. fleiri.¹⁰ Þau eru þó örfá miðað við hve algengt nafn frelsarans er í Passíusálmunum, hitt miklu algengara að það stuðli við *j*. Þess vegna er freistandi að bæta við þremur dæmum:

- » Jesús er einn sá mann
sem akurinn keypti þann — 17:7
- » Jesús ei ansa hirti
áður þá logið var — 13:8
- » Jesús, í umsjón þinni
óhætt er sálu minni — 17:22

Þó með þeim fyrirvara að hér er hugsanlegt að fyrri stuðullinn falli á nafn Jesú.

Eitt dæmi er eftir með sama stuðlamynstri ótvíræðu:

8 Í Lilju (2007), sem Hallgrímur hefur örugglega þekkt og líklega kunnað, er t.d. tíu sinnum stuðlað á nafn Jesú, ævinlega á móti sérhljóði.

9 Hins vegar – í sama sálmi og sem úrvinnsla úr sama stefi – bæði:

- *Eins segir Jesús: Eg em hann / sem afmá þína misgjörð vann*

og

- *ég veit þú segir: Ég er hann, / Jesús, sem lækna vill og kann.*

Þarna er það hluti af tilbrigðalist Hallgríms að stuðla sömu orðin, bæði *ég/eg* og *Jesús*, á ólíka vegu.

10 Svo sem: *Jesús er kvalinn í minn stað, / of sjaldan hef eg minnst á það.* Höfuðstafurinn verður að vera *o* í *of*, seinni stuðull í en sá fyrri annað hvort *J* í *Jesús* – sem gefur einfalda og nútímalega hrynjandi – eða *e* í *er* – sem virðist hreint ekkert áhersluatkvæði en þó ámóta sett og það er sem vissulega ber stuðul í línunni *sá sem er einn í ráðum*. Ég hallast að því að hér sé stuðlað á *er*, ekki *Jesús*, en viðurkenni að hitt er möguleiki.

- » Hvör sem eirorminn leit
af Ísraelsmanna sveit — 47:17

Hér er reyndar fullt eins nærtækt að greina *eirorminn* sem þrílið: *Hvör sem | eirorminn | leit* fremur en *Hvör sem eir|orminn | leit*. Og þeirri greiningu væri svosem hægt að beita á fyrri dæmin líka.

Hér þurfum við, enn sem oftast, að fara varlega í að heimfæra nútíma-brag á kveðskap fyrri alda. Við erum vön því, t.d. í rímnaháttunum, að yrkja með tvíliðum aðallega en breyta þeim af og til í þríliði: *Nú er | borfið | Nordur|land / nú á ég | hvergi | heima*.¹¹ Þá þannig að í staðinn fyrir eitt létt atkvæði komi tvö. Það má segja að við tvöföldum létt atkvæðið í tvíliðnum, þannig verði hann að þrílið. En svoleiðis atkvæði getum við ekki stuðlað á, sama hvort það er eitt eða tvö.

Við getum sem sagt tvöfaldað létt atkvæðið, ekki það þunga. Hjá okkur er það grundvallaratriði bragfræðinnar að í hverjum braglið sé aðeins ein áhersla sem fellur á eitt atkvæði. En hvað ef Hallgrímur gat nú farið öðruvísi að og tvöfaldað þunga atkvæðið? Tekið tvílið eins og *orminn* og breytt honum í *eirorminn* með tvö atkvæði í þunga sætinu? Þá verður a.m.k. hóti skiljanlegra að bæði atkvæðin geti borið stuðla. Og um leið skiljanlegt af hverju ég hef ekki rekist á stuðla í samlægum atkvæðum í rímum Hallgríms. Hrynjandi rímnaháttanna er svipuð¹² hjá honum og okkur. Hrynjandi sálmaháttanna er hins vegar í ýmsum atriðum frábrugðin – enda orti Hallgrímur sálma til söngs frekar en lestrar og hefur sungið þá allt öðruvísi en hann kvað rímur.

Hingað til hef ég einblínt á línur eins og *son Guðs einn eingetinn* þar sem stuðlarnir eru í þriðja og fjórða atkvæði hendingarinnar. En þeir geta líka verið aftar:

- » Syndir mínar þér þrengdu,
þess nú eg iðrast vil. — 6:11
- » fyrir stríðið, þig þjáði frekt.
Það er vort frelsi ævinlegt. — 3:18

11 Hér er einmitt dæmi um hvernig bragliðagreining og ljóðstafagreining þurfa að haldast í hendur. Hvort seinni hendingin byrjar á þrílið eða forlið, það myndi hvorki ég vita né neinn annar ef höfuðstafurinn skæri ekki úr.

12 Ekki nákvæmlega sú sama; hann á til fornleg afbrigði eins og þessi: *Mér var aldrei menntin fól / né málsnillin fríða – Frá Íslandi utan för. / Aftur spurði hjálma Þór – hinn græn-lendi Gunnar það / greitt afhenda mig hér það* (Hallgrímur Pétursson 1956:3, 114, 93). En það er allt annað rannsóknarefni.

Hér eru tvíliðir fremst: *syndir* og *fyrir*. Síðan er a.m.k. möguleiki að greina annan tvílið og svo þennan sérstaka þrílið með tvö atkvæði í áherslusætinu: *þér þrengdu – þig þjáði*.

Síðara dæmið er annað af aðeins tveimur – hitt nefndi ég áður: Þá hann nú hafði *allt uppfyllt* – sem ég hef af þessu tagi úr fjögurra bragliða hendingum. Þær eru þó alls ekki sjaldgæfar í Passíusálmunum. En þegar fjögur ris eru í braglinunni sér Hallgrímur yfirleitt ekki ástæðu til að troða í eitt þeirra báðum stuðlunum. Það gerir hann fremur í línun sem aðeins eru þrír bragliðir.

En ef þeir eru aðeins tveir? Svo stuttar hendingar eru ekki mjög margar í Passíusálmunum, og þar sem þær koma fyrir bera þær sjaldnast tvo stuðla. Algengara er að höfuðstafurinn falli á þær, eða þá að tvær stuttar línur beri hvor sinn stuðulinn. En séu stuðlarnir á annað borð tveir er greinilega ekkert á móti því að þeir standi í samlægum atkvæðum. Og þá helst fremst í línu:

- » því það vill ei
þeim drottinn veitast láta. — 35:6
- » merk, maður, það
og minnst þess hvörju sinni — 42:10

Tvær línur sérstuðlaðar eru umdeilanlegri:

- » hvör helst hann er. 50:6
- » þá þekkti alleina. — 21:9

Hér hef ég aftur undirstrikað fyrstu atkvæðin, þó ekki sé útilokað að *hann* beri seinni stuðulinn í fyrra dæminu og *alleina* báða stuðlana í því síðara. Engu að síður væru þeir í samlægum atkvæðum.

Allar þessar línur held ég eigi að byrja á þrílið, séu af sömu gerð og t.d. *latur vort láð* nema síðari stuðullinn standi framur.

En svo eru að vísu dæmi þar sem stuðlar standa í samlægum atkvæðum án þess það sé auðvelt að skýra með klofnu risi í þrílið:

- » Þá hann nú hafði allt uppfyllt,
sem oss var sjálfum að gjöra skylt, — 43:12
- » og lærisveinn einn annar, — 11:1
álengdar gengu hljótt
- » Ég mun, meðan eg hjari,
minnast á krossinn þinn, — 33:12
- » og hans hjálpræðis bíða. — 37:5

Þetta er tvenns konar hrynjandi, tvö dæmi um hvora, og verður að líta á þau sem sérstök frávík eða afbrigði (sem eru fleiri, hendingar eins og *Þá láttu þig leiðrétta – og hér eftir komanda – Guðs kristni er grasgarður einn*), utan við einfalda bragliðaskipan.

Sams konar þríliðir víðar?

Nú eru Passíusálmarnir fullir af þríliðum, hvort sem stuðlað er á þá eða ekki. Hrynjandi sálmanna er í grunninn reist á réttum tvíliðum en víðast hvar föst regla (nema í 30. og einkum 48. sálmi – sem eru sér um lagboða) að bæta einhverju við hverja hendingu, helst aðeins einu atkvæði, en á ýmsum stöðum í línunni. Þannig verður til annað hvort forliður eða þríliður, oft þó þannig að mögulegt er að greina línuna á fleiri en einn veg.¹³ Enda á vélrænn taktur og fyrirsjáanlegur enga samleið með fagurfræði Hallgríms Péturssonar.

Ef dæmin hér að framan, þar sem Hallgrímur stuðlar á tvö atkvæði í röð, eru rétt túlkuð þannig að þríliður geti haft tvö atkvæði í þunga sætinu, þá er líklegt að sama greining eigi við miklu víðar (þó of langt væri gengið að beita henni á alla þríliði Passíusálma). Það þarf ekki að merkja að full eða jöfn áhersla sé á þessum atkvæðum báðum. Í dæmum eins og *Jesús* | *er einn sá* | *mann* eða *Jesú*, | *í umsjón* | þinni, þar er eðlilegt að *er* og *í* beri léttari áhersluna, næga þó til að stuðullinn geri sitt gagn. En í *Hvör sem* | *eirorminn* | *leit* ætti áherslan að vera þyngri á fyrra atkvæðið, þó ekki svo að það síðara rísi ekki undir stuðli. Á sama hátt ætti þríliður að geta haft tvö atkvæði í þunga sætinu þótt aðeins annað þeirra beri ljóðstaf, og það gæti þá verið hvort heldur fyrra atkvæðið eða hið síðara. Og alveg eins þó að hvorugt þeirra stuðli.

Hér fara á eftir nokkur dæmi þar sem ég tel slíka greiningu eiga við (undirstrikuð þau tvö atkvæði sem mér sýnist skipa áherslusæti þríliðarins). Fæst dæmin eru óumdeilanleg, en með þessum áherslum finnst mér línurnar bæði hljóma vel og samræmast því sem af öðru má ráða um bragsmekk Hallgríms.

13 Þýðir það kannski að *bragliðir* séu alls ekki hentugt hugtak til greiningar á brag Hallgríms? Jú, það tel ég að þeir séu þó að bragliðagreiningin sé allvíða tvíræð. Til samamburðar eru *ljóðstafir* augljóslega nauðsynlegt hugtak til skilnings á brag Hallgríms og þó á stöku stað tvírætt hvað hann ætlast til að séu ljóðstafir og hvað ekki; sömuleiðis *atkvæði* þó að ekki sé alltaf hægt að vita hvar þau eiga að renna saman í framburði og hvar ekki. Almennt má ekki vænta þess að braggreining leiði til einnar endanlegrar niðurstöðu heldur sé kveðskapur af og til *margræður* að formi ekki síður en að merkingu, eins og fjölvíða er bent á í þessari grein.

Byrjum á nokkrum línnum úr þeim dæmum sem ég hef þegar sýnt:

- » sonur | Guðs, Jesú | minn
- » horfi | þín trúin | klár
- » Malkus | hér fengi | rétt
- » iðrun gjörir | daglega

Hér síðast er það lokaliðurinn sem fær þrjú atkvæði. Aðeins tvö þau síðari ríma en það fyrsta, *dag-*, á nokkurt tilkall til áherslunnar. Þetta væri kannski langsótt greining ef hún ætti ekki skýrar hliðstæður í stuðluðum dæmum sem fyrr voru nefnd: *Syndir* | *mínar* | þér þrengdu – *Lof sé* | *mínum* | lausnara – *þér sé* | *jafnan* | þjónandi. Að þessum hliðstæðum virtum er álitlegt að greina *iðrun* | *gjörir* | *dag-lega* fremur en *iðrun* | *gjörir daglega*.

En ef línan endar nú ekki á heilum tvílið heldur stýfðum? Þá er eigi að síður hægt að setja tvö atkvæði í áherslusætið, búa til eins konar „stýfðan þrílið“ þar sem síðasta atkvæðið er horfið, það næstsíðasta rímar og deilir áherslu með því fyrsta.

- » sungu | með hans | læri|sveinar
- » Það gjald | fyrir | mína |misgjörð

Í síðastnefndu dæmi ber stýðfi liðurinn síðari stuðulinn en í dæmunum á undan standa engir ljóðstafir í þessum liðum. Bætum við nokkrum þar sem fyrri stuðullinn fellur á svona þrílið með tvö atkvæði þung, ýmist á fyrra þunga atkvæðið:

- » Júdas | kom fljótt sem | kunni
- » með | kossi | son mannsins | svíkur
- » Júdas, | sá herra | sinn for|réð

– eða hið síðara:

- » Sannindin | elska | ber
- » Ógæfu|gildan | þröngva
- » Sankti | Páll skipar | skyldu | þá¹⁴

14 Hér mætti jafnvel bæta við dæminu: *hveiti*|*korn þekktu* | þitt. Skoðað eitt fyrir sig virðist miklu eðlilegra að líta á *hveitikorn* sem þrílið. En samanburður við hin dæmin bendir e.t.v. fremur til hinnar greiningarinnar.

Og loks þremur dæmum þar sem bæði atkvæðin kalla mjög greinilega eftir áherslu þótt hvorugt beri stuðul:

- » himinn, | jörð, ljós né | skepnurn|ar
- » Gegnum | hold, æðar, | blóð og | bein
- » Heiður, | lof, dýrð á | himni og | jörð

Mér virðist sem sagt að hið óræða fjaðurmagn, sem einkennir hrynjandi Passíusálmanna, liggi að nokkru í því að Hallgrími standi til boða bragliðir sem ekki eru til í nútímabrag: þríliðir með tvö atkvæði í þunga sætinu (tvískipt ris) sem deila með sér áherslunni í ýmsum hlutföllum.

Bragliðir af þessu tagi eru ekki venjulegt hugtak í íslenskri bragfræði. En þeir eiga greinilega samsvörun í bragfræði fyrri alda þar sem alsíða er að tvö atkvæði í röð beri nokkra áherslu, t.d. þegar innrím, bæði í dróttkvæðum hætti og hrynhendum, fellur á næstfyrsta atkvæði orðs.¹⁵ Það er aðeins fyrsta atkvæði orðsins sem getur stuðlað og ber samkvæmt því fulla áherslu. En næsta atkvæði getur samt haft næga áherslu til að ríma. Nærtækt dæmi er upphafsorð Lilju: *Almáttigr*. Í línunni *Almáttigr guð allra stétta* stuðlar *Al-* við *allra* en *-mátt-* rímar við *stétta-*. Hliðstæðar áherslur þykjast menn greina í órímuðum háttum. Líklega fer bragurinn þarna eftir því áherslumynstri sem eðlilegt var í tali. Sá taktur hefur ekki verið eins rótgróinn þá og nú að langt orð fái aukaáherslu helst á þriðja atkvæðið. „*ALMÁTTIGUR*“ segjum við núna en Liljuhöfundur hefði væntanlega sagt „*ALMÁTTIGUR*“ í óbundnu máli líka. Og með sömu áherslum yrkir Hallgrímur um „*EIRORMINN*“, hvort sem áherslumynstrið í hans eigin daglega tali var eitthvað í þá áttina eða líkara því hvernig hann rímar „*reiði Guðs*“ við „*ófögnuðs*“.

Forliðir og ekki forliðir

Af dæmunum um stuðla í samliggjandi atkvæðum voru ekki nema fjögur um stuðla í fyrsta og öðru atkvæði (*því það vill ei* o.s.frv.), enda er það aðeins í stystu hendingum sem hægt er að hafa stuðlana svo framarlega. Af dæmunum hér næst á undan, þar sem ég held að Hallgrímur noti tvískipt ris þó hann sýni það ekki með tveimur stuðlum, eru tvö með slíkt ris í byrjun línu: *Sannindin elska ber – Ógæfugildan þröngva*. Hér er að vísu hugsanlegt að greina *Sann-* eða *Ó-* sem forlið. Jafnvel með

¹⁵ Svo er t.d. háttað öllum þeim 100 orðum sem ég tók til skoðunar í *Són* 2011. Fer því þó fjarri að slíkt dæmi séu bundin við lokaorð línanna.

tveimur stuðlum væri sú greining ekki útilokuð: *því* | *það vill* | *ei* eða *merk*, | *maður*, | *það*. Og sé þá bara stuðlað á forliðinn.

Hendingar, sem hægt er að greina með forlið, skipta hundruðum í Passíusálmunum. En ég vil fara varlega í þá greiningu. Hafa jafnan í huga hinn möguleikann: að hendingin byrji á þrílið þar sem tvö atkvæði skipta með sér áherslunni, jafnvel þannig að hún sé þyngri á það síðara. Sérstaklega ef fyrsta atkvæði línunnar ber ljóðstaf (oftast höfuðstaf): *kjós Jesúm þér að vera hjá – of sjaldan hef eg minnst á það*. Þetta gætu svo sem verið forliðir, en úr því þeir bera höfuðstaf, þá er hin greiningin nær-tækari.

Ég segi ekki að það sé útilokað að Hallgrímur stuðli á forlið, jafnvel í sjálfum Passíusálmunum:

- » Opínberlega en ekki leynt
í musterinu kennda eg beint
- » Þjón minn skal vera þar eg er,
því hefur þú, Jesú, lofað mér
- » Guðs vegna að þér gáðu,
gef honum ei koss með vél
- » Mun þessi mann, hún frétti,
með Jesú af Nasaret?
- » í skýi mun einu vitja
aftur með dýrðarsíð
- » so fæstir hefðu að segja af því
og svik hans lægju svo hylming í

Hér er í fyrsta og síðasta dæminu mögulegt að draga saman: *kennd'eg – hefð'að*, og verður þá atkvæðafjöldinn reglulegur, þ.e. eitt umfram tvíliðataktinn. Í hinum, og kannski öllum, eru atkvæðin tvö umfram tvíliði og eðlilegast að greina bæði þrílið og forlið í sömu hendingunni. Og fellur þá ljóðstafur, oftast höfuðstafur, óhjákvæmilega á forliðinn.

Þetta held ég sé þó fremur undantekningin en reglan, hitt algengara að ljóðlínan hefjist á þrílið með nokkurri áherslu á tvö fyrri atkvæðin. Sams konar liði þykist ég sjá fjölvíða inni í hendingu, jafnvel í lok hennar. En áþreifanleg rök fyrir þeirri greiningu hefði ég ekki¹⁶ nema

16 Ég hélt henni samt fram í fyrrnefndri grein (1997) en reyndi þar að alhæfa hana um of, og lýsi ég greinina hér með úrelta að því leyti.

af því svo vill til að u.þ.b. 30 sinnum¹⁷ setur Hallgrímur báða stuðlana í þennan merkilega braglið.

Heimildir

- Atli Ingólfsson. 1994. Að syngja á íslensku. *Skírnir* 168(1–2): 7–36, 419–459.
- Hallgrímur Pétursson. Án árs. *Passíusálmar*. [Útg. Kristján Eiríksson].
BRAGI – óðfræðivefur, bragi.info > Leita í kveðskap: „Passíusálmar“.
- Hallgrímur Pétursson. 1956. Króka-Refs rímur. *Króka-Refs rímur og Rímur af Lykla-Petri og Magelónu* (Rit Rímnafélagsins VII). Útg.: Finnur Sigmundsson, 1–141. Rímnafélagið, Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 1997. „Sungu með hans lærisveinar.“ Um hrynjandi Passíusálmana. *Þórðarfögnuður. Haldinn í tilefni fimmtugsafmælis Þórðar Helgasonar ...*, 23–26. Án útg. Reykjavík.
- Helgi Skúli Kjartansson. 2011. Þríkvæð lokaorð dróttkvæðra braglína. *Són. Tímarit um óðfræði* 9: 9–23.
- Kristján Árnason. 2003. Gegn oftrú á stuðlana. *Skorrdæla. Gefin út í minningu Sveins Skorra Höskuldssonar*. Ritstj.: Bergljót Soffía Kristjánsdóttir og Matthías Viðar Sæmundsson, 103–117. Háskólaútgáfan, Reykjavík.
- Lilja. 2007. *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages VII, Poetry on Christian Subjects*. Útg.: M. Clunies Ross, 2. hluti, bls. 544–677. Brepols, Turnhout. Sama útgáfa leitarhæf á vef: abdn.ac.uk/skaldic > poems > Lilja > edition.

17 Er það oft eða sjaldan? Of oft til að vera afbrigði eða skáldaleyfi, en þó miklu sjaldnar en Hallgrímur notar önnur leyfileg stuðlamynstur, a.m.k. ef rétt er metið að bragliðir af þessu tagi skipti mörgum hundruðum í sálmunum öllum. Lína eins og *Út í grasgarðinn gekkstu því*, þar sem *gras-garð-inn* ætti einmitt að vera einn af þessum þríliðum, kynni að virðast benda til að Hallgrími finnst þetta varla raunverulegir stuðlar úr því hann bætir við þeim þriðja: *gekkstu*. En sú röksemd heldur ekki af því hann forðast ekki þrefalda stuðla, eða a.m.k. ekki stranglega, hvorki í sálmum né t.d. rímum. Aukastuðla leyfir hann sér líka, bæði í frumlínu og síðlínu. Það er einungis tvöfaldur höfuðstafur sem hann forðast jafn stranglega og tíðkast í seinni tíð. En orð eins og *grasgarður* og *eirormur* eru ekki svo algeng í Passíusálmunum að hægt sé að telja út hve stranglega Hallgrímur forðast að láta þau bera höfuðstaf.

Kári Páll Óskarsson

LJÓÐ

II

Grunnur

Svona er ástandið:

ekkert í fréttum
en það gerir ekkert til
því ég á mér svo auðugt
innra líf
tölvan suðar
kaffið kólnar
kerfið spyr
um hvarfefni og sýrur

svona er útsýnið:

möl grjót vírar teinar
nammibréf
gömul dagblöð
brotnar flöskur
tómir sigarettupakkar
dósir flöskur regnvatn slý
skítur
grunnurinn
gígurinn
þar sem demantssprengjan féll

og flóttinn brast á eins og brotið gler
frammi fyrir hinu ómögulega sári
og gamli heimurinn gamla landið gamli ég
við nögum úr okkur hjartað
í framandi borgum
þar sem köngulær hvæsa
eins og óðir spámenn hangandi
neðan úr hornum myrkra stigapalla

hnitum stærri og stærri hringi
kringum holuna

en komum samt einhvern tíma heim
með köngulær og allt
tökum það sem er
og byggjum nýtt
byggjum okkar

byggjum nýtt
byggjum okkar

Þórður Helgason

Nýr háttur verður til

Árið 1835 birtist í *Sunnanpóstinum* erfiljóð Bjarna Thorarensen eftir mágkonu hans ásamt svo langri kynningu hinnar látnu að ljóst er að hér er um hefðarkonu að ræða. Eftir kynningu hennar fylgir kveðskapur eftir P. Sveinbjörnsson en svo tilkynna ritstjórnir in í neðanmálgrein:¹

Jafnvel þó það sé ásetningur **Sunnan – Póstsins**, að auglýsa erfiljóð gjórd eptir fráfallid merkisfólk, gerir hann þó þarí undantekningu í tilliti til eptirfylgjandi lipru ljóða, sem Amtmanni í Nordur- og Austur-amtinu, Jústisráði **B. Thorarensen** féllu af munnni við fregnina um fráfall ofannefndrar söknuðu mákonu sinnar Apothekara-innu **Thorarensen**:²

Nú fór vor Solveig til sólar
um sæluhlíð anda,
og reið um grindurnar gullnu
til Gimla kóns halla;
Þó fagurlagaðir limir
sé lagðir í moldu
og jörðu gæfi hún jarðar
í jörðu er hún ekki!

Þó svo vér séum frá henni
að samvistum skilin –
síst hana náum vér nálgast
á nábrautum harma –
tjár ei þess lifir í ljósi
að leita í myrkri,
né þess hjá lifendum lifir
í landinu dauðra!

1 Dáid heldra og merkis-fólk (1835:91).

2 Hér er ljóðið tilfært eftir útgáfu Jóns Helgasonar á ljóðum Bjarna Thorarensen, sjá Bjarni Thorarensen (1935 fyrra bindi:167).

Lítum því heldur til hennar
 heimkynnis rétta,
 og sem dagdropar á blómstrum
 dagskóngi fagna
 eigum með öruggu skapi
 mót árgeislum horfa
 á þeim Solveig! frá Sólu
 þú sendir oss kveðju!

B. Th.

Nýr háttur

Þessi háttur hafði aldrei sést áður í íslenskri ljóðagerð og gæti því talist fyrsti íslenski bragarhátturinn eftir að nýsmíðum í rímnaháttum lauk.

Háttur Bjarna einkennist af þríliðum sem var talsverð nýjung í íslenskum bragarháttum á þessum tíma.³ Hann er átta línur og órímaður eins og fornyrðislagið, en ólíkur því að því leyti að fornyrðislagið einkennist af tvíliðum, þótt þríliðir fái þar inni, auk þess sem ójöfnu línurnar í hinum nýja hætti geyma þrjá bragliði (ris) og þar eru ævinlega tveir stuðlar þar sem fornyrðislagið lét sér nægja einn ef svo vildi verkast. Í jöfnu línunum eru risin tvö. Bæði stöku og jöfnu línurnar í hættinum hafa stundum forliði, stundum ekki. En Bjarni hefur ekki lokið gerð þessa háttar.

Næsta ár, 1836, deyr móðursystir Bjarna, Þórunn Bjarnadóttir, og hann minnst hennar í ljóðinu VIÐ GRÖF MÓÐURSYSTUR MINNAR. Ljóðið er þrjú erindi eins og ljóðið um Solveigu Bogadóttur en reglulegra í formi; þríliðir ráða ferðinni án undantekninga, stöku línurnar eru án forliða en forliðir alltaf í jöfnu línunum þannig að hrynjandinn verður jafnari. Þannig er fyrsta erindi ljóðsins:⁴

Ertu nú sofnuð, mín systir!
 þeim svefninum langa!
 Lágt niðri húsinu hlýja –
 heyrast ei stormar!
 Vel hlífir þakið hið þykkva
 þó þórdrunur öskri.
 Ei skortir ylenn þar jafna
 þó efra sé frostið.

3 Undir hreinum þríliðaætti yrkir Bjarni nokkur ljóð, þekktast þeirra ÍSLAND (Þú nafnkunna landið sem lífið oss veittir).

4 Bjarni Thorarensen (1935 fyrra bindi:170).

Hér virðist hinn nýi háttur hafa fest sig í sessi sem erfljóðaháttur en næsta ár, 1837, birtist hátturinn hjá Bjarna með nýju yrkisefni, um ástir. Ljóðið KYSSU MIG APTUR! kom í 3. hefti *Fjölnis* og þar felur höfundurinn sig með undirskriftinni Þ.⁵ Síðar sama ár gengst Bjarni við barni sínu í bréfi til Gríms Jónssonar: „Þú skalt vita að eg er höfundur að kysstu mig aptur í Fjölni...“⁶ og nokkrum árum síðar ritar hann Grími Thomsen og staðhæfir að sér líki þetta ljóð best erótískra kvæða sinna.⁷ Ljóðið er þriggja erinda eins og raunin varð um flest ljóð þessa háttar.⁸

Undrast þú ekki, mín Svava!
 þó ei nema á stangli
 orð fái eg eitt í senn flutt
 andþrengslum megnum!
 og að þig aptur eg nálgast,
 þó áðan við kysstumst –
 Ýttu mér ekki þó frá þér,
 eg á nokkuð hjá þér!

Manstu' ei að munir ossrir
 þá mættust í dyrum?
 Sála mín þá, mín Svava!
 þér settist á varir!
 Þóktist hún rík þar í rósa
 þeim rauða beð lá hún,
 enn þar hún dottar í dái
 og dreymir þig, Svava!

Veiztu nú líf mitt, hin ljúfa!
 þér liggur á vörum:
 Leyfðu' að það sofanda sjúgi' eg
 úr sólfagra beðnum!
 Láttu ei bana mig biða,
 eg bið þig, mín Svava!
 Gefðu mér önd mína aptur
 og aptur mig kysstu!

5 Bjarni Thorarensen (1835 fyrri bindi:32).

6 Sjá Jón Helgason (1935:190).

7 Sjá Jón Helgason (1935:190).

8 Bjarni Thorarensen (1935 fyrri bindi:175).

Þetta ljóð Bjarna er, eins og ljóðið um Þórunni, mágkonu hans, alveg reglulegt í hrynjandi.

Fjórða og síðasta ljóð Bjarna undir hættinum er SVEINN PÁLSSON, fimm erinda erfiljóð sem birtist í *Skírni* árið 1841 en Sveinn dó árið áður og kvæðið mun ort það ár. Sveinn Pálsson var eiginmaður Þórunnar sem Bjarni orti eftir og fyrr er hér getið. Í þessu ljóði er hrynjandinn ekki eins jöfn og í ljóðinu eftir Þórunni og KYSSTU MIG APTUR!; tvíliðir koma talsvert við sögu, auk þess sem forliðir, bæði í stöku og jöfnu línunum, eru settir eftir atvikum. Þetta sést vel í 2. erindi:⁹

„Eins eru skýin sem áður“
 í elli þú mæltir,
 þegar bölheimur brigðull
 baki' að þér snéri!
 Andi sveif þinn hið efra,
 það efra' hönum móti
 hýrlega hló og benti
 til heimkynna réttra.

Rætur

Vissulega er forvitnilegt að reyna að grafast fyrir um rætur hins nýja háttar. Svo sem fyrr hefur komið fram minnir hann á fornryðislagið og á líklega einhverjar rætur þar þótt veigamikil atriði skilji að. Hugsanlegt er einnig að Bjarni hafi nýtt sér ljóðaháttinn, langlínurnar, og búið til hátt með annarri röðun hendinganna.

Í umfjöllun og skýringum á ljóðum Jónasar Hallgrímssonar¹⁰ er full-yrst að um hexameter sé að ræða. Það er ekki rétt, enda munar á háttunum heilum braglið en þó á hinn nýi háttur þríliðina sameiginlega með hexametri og kann það að hafa villt um fyrir skýranda. Hins vegar er líklegt að hexametrið eigi töluvert í barninu. Hátturinn er þó augljóslega nýr í íslensku bragartúni.

Ef litið er til frænda okkar ytra finnst fátt sem minnir á hátt Bjarna. Þó ber að minna á að hjá Oehlenschläger, Tegnér og Bjerregaard er að finna hætti sem að því leyti líkjast hætti Bjarna að hjá þeim er sama skipan bragliða en þar skilur á milli að tvíliðir eru þar næsta einráðir og fleira skilur hættina raunar að. Þannig yrkir Oehlenschläger í NATTE-PHANTASIE:¹¹

⁹ Bjarni Thorarensen (1935 fjórða bindi:188).

¹⁰ Jónas Hallgrímsson (1989 IV:159).

¹¹ Lie (1967:200).

Nu Natten stærkt sig nærmed;
 Dog næsten lod det,
 Som dagen endnu dvæled,
 Oh kun i Dæmring
 Laae Mark og Eng og Mose.
 Og mægtigt Stjernen
 Fra Himlens klare Hvælving
 Saa helligt ned.

Eftir Tegné er ljóðið JÄTTEN sem þannig hefst:¹²

Jag bor i bergets salar,
 Djupt under jorden,
 Dit aldrig Odins öga
 Trängt med sin stråle.
 Jag hatar hvita Asar
 Och Askurs söner,
 Som böja knä for Gudar,
 Som jag föraktar.

Bjerregaard skiptir sínu ljóði ekki í erindi og þannig hefst EIVIND, ELLER SKJALDENS INDVIELSE:¹³

Velkommen, vakre Eivind!
 Jeg har dig ventet.
 I Drømme viste Drotten,
 Den djærve Odin,
 Forlængst dit favre Billed,
 I Drømme favned
 Jeg dig med disse Arme
 ...

Athygli veur að öll þessi ljóð hinna norrænu höfunda tengjast fornum bókmenntum og goðafræði auk þess sem ljóðstafir eru að mestu á sínum stað að fornum norrænum sið og hljóta því að hafa höfðað til manna eins og Bjarna, hafi hann lesið þau, og ef til vill orðið honum hvatning við bragsmíðina.

Sé litið á ljóð Bjarna má sjá að hann hefur snemma byrjað að huga að nýjum hætti þótt drægist að fullgera hann. Snemma (líklega 1810 eða

12 Lie (1967:199–200).

13 Lie (1967:200).

1811) yrkir Bjarni eftir Hallgrím Scheving ljóð í einu erindi, UM HALLGRÍM SCHEVING. Auðvelt er að greina líkindin:¹⁴

Átti' eg ei betra bróður
und Baldurs túnum
né hreinni' í huga' og lundu
en Hallgrím Scheving.
Mínu af máttarleysi
möglaði' hann aldrei,
heldur virti hann vilja góðan
verki nauðgu fremur.

Svo sem sjá má minnir þetta erindi mjög á það sem síðar varð. Þrír bragliðir eru í stöku línunum, en tveir í hinum jöfnu, nema í síðustu línunni þar sem greinilega eru þrjú ris, þannig að erindinu lýkur eins og erindi undir ljóðahætti. Ljóst er einnig að þríliðir og tvíliðir skiptast á eftir atvikum þótt tvíliðir komi meira við sögu.

Sama er raunar að segja um SÍGRÚNARLJÓÐ sem líklega er frá árinu 1821. Þar má sjá að því er virðist fremur tilviljanakennda hrynjandi þar sem skiptast á, ekki eftir augljósri reglu, tveggja og þriggja bragliða línur. Þessi erindi (2. og 3.) sýna það:¹⁵

Mín trúir þá ei meyja
að muni eg sér unna
ef hún eigi trúir
eg unni sér fölri. –
Þínar það víst eru varir
þó verði þær kaldar,
kinnar eg sé þær sömu
þó sjái eg þær hvítar.

Kyssir ei á köldum
kalda mjöllu vetri
röðull, jafnt sem rauðar
rósir á sumrum?
Hvít er hreinust lilja,
hvít ert þú sjálf sem mjöllin.
Muntu þá miður skarta
þó munnur og kinnar hvítni?

14 Bjarni Thoroddsen (1935 fyrra bindi:26).

15 Bjarni Thorarensen (1935 fyrra bindi:75–76).

Ljóðin EPTIR CATULLUS, TIL SIGRÚNAR, SUÐURLÖND OG NORÐURLÖND, DAUÐINN, EPTIR BARN og raunar fleiri ljóð undirstrika enn að nýr háttur er í bígerð. Næst hinum endanlega hætti kemst Bjarni í erfiljóðinu RAN-VEIG FILIPPUSDÓTTIR frá árinu 1825 (eða '26). Þar má sjá að fyrsta erindið er ekki ósvipað hættinum sem hér er til umræðu:¹⁶

Óttizt ekki elli
þér Íslands meyjjar,
þó fagra hýðið hið hvíta
hrokknir og fölni,
og brúna- logið í -glampa
ljósunum daprist,
og verði rósir vanga
að visnuðum liljum.

Annað erindið leiðir í ljós að hátturinn er á þessu ári ekki fullgerður.

Jónas Hallgrímsson

Það er ekki neinum vafa undirorpið að hinn nýi háttur hefur vakið eftirtekt enda fulljóst að skáldin hungraði eftir nýjum háttum eftir fábreytni síðustu alda í þeim efnum. Þennan hátt tekur Jónas Hallgrímsson upp í ljóðinu BJARNI THORARENSEN, erfiljóði eftir Bjarna árið 1841, og fer vel á því að minnast frumkvöðulsins undir hans eigin smíð. Svo segir frá tilurð kvæðisins í skýringum við það:¹⁷

Þegar Bjarni Thorarensen deyr er J. á leið norður og segir í bréfi til Japetusar Steenstrups 5. nóv. 1842 ... að hann hafi fengið fréttina á hestbaki og þá ort kvæði sem sé ekki með hans lökustu og sendir með 3. erindið ... Að líkindum hefur J. lesið kvæðið upp við jarðarför Bjarna 4. september.

Það kemur og fram í skýringum Páls Valssonar að Matthías Þórðarson hafi bent á að ekki sé ósennilegt að Jónas hafi tekið háttinn eftir KYSTU MIG APTUR! eftir Bjarna. Miklu líklegra er þó að Jónas hafi sótt háttinn til erfiljóða Bjarna.

¹⁶ Bjarni Thorarensen (1935 fyrra bindi:137).

¹⁷ Jónas Hallgrímsson (1989 IV:159).

Erfiljóð Jónasar eftir Bjarna er í fimm erindum. Hér eru birt fyrsta og síðasta erindið:¹⁸

Skjótt hefir sól brugðið sumri
því séð hef ég fljúga
fannhvíta svaninn úr sveitum
til sóllanda fegri;
sofinn er nú söngurinn ljúfi
í svölum fjalldölum,
grátþögull harmafugl hnípir
á húsgaffi hvurjum.

Kættir þú marga að mörgu
– svo minnst verður lengi –
þýðmennið, þrekmennið glaða
og þjóðskáldið góða!
Gleðji nú guð þig í hæðum
að góðfundum anda,
friði þig felsarinn lýða.
Far nú vel, Bjarni!

Tvennt er hér eftirtektarvert vegna þess sem síðar kemur. Annars vegar er það innrímið, aðalhendingar og skothendingar, sem Jónas skreytir hátt sinn með, t.d. sof:ljúf, svöl:döl, marg:mörg, þýð:glað, þjóð:góð, Gleð:guð:hæð:góð:frið:lýð, Far:Bjar (sjá um Jónas og fleiri skáld um notkun hendinga og annars ríms síðar í greininni) og hins vegar myndin af fuglinum sem á eftir að svífa í fleiri ljóðum undir hættinum.

Háttur Jónasar er mjög reglulegur. Þríliðir eru allsráðandi og forliðir eru alltaf í jöfnu línunum nema á þremur stöðum.

Guðný frá Klömbrum

Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum (f. 1804) er fyrsta íslenska konan sem fékk prentað eftir sig ljóð, í *Fjölni* árið 1837.¹⁹ Ljóðið var ENDURMINNINGIN ER SVO GLÖGG. Sagan af píslargöngu Guðnýjar og dauða hennar árið 1836

18 Jónas Hallgrímsson (1989 I:134–135).

19 *Fjölnir* II. Fréttabálkurinn (1837:31–32). Ljóð Guðnýjar er látið fljóta með Í Fréttabálki þar sem greint er frá láti hennar sem sönnun þess að hún hafi verið gott skáld. Í sama hefti *Fjölnis* eru hins vegar birt ljóð þeirra höfuðskaldanna Bjarna Thorarensen og Jónasar Hallgrímssonar, KJISTU MIG APTUR OG SAKNADARLJÓÐ, undir titli og þeirra því getið í yfirliti efnis sem sjálfstæðra framlaga í ritið.

hefur lengi verið þekkt, ekki síst fyrir ljóð hennar SIT ÉG OG SYRGI. Fram hefur komið að ljóðið orti Guðný er hún lá banaleguna í lok ársins 1835 fram til 11. janúar 1836 er hún lést. Háttinn sækir Guðný augljóslega til erfiljóðsins eftir Solveigu Bogadóttur Thorarensen eftir Bjarna Thorarensen sem fyrr er fjallað um og birtist í *Sunnanfara* skömmu áður en veikindi Guðnýjar urðu banvæn.

Ljóð Guðnýjar birtist fyrst á prenti árið 1848 í *Norðurfara*. Þar kemur fram að hún hafi ort ljóð sitt á banasænginni eftir skilnaðinn við mann sinn. Hins vegar er og vikið að því að svo kunni að vera að ljóðið sé ekki eftir Guðnýju, „og hafa sumir eignað það Bjarna heitnum Thorarensen, og það verður heldur ekki varið að það í öllu ber mikinn keim af skáldskap hans. En hver sem nú hefur kveðið kvæðið, þá er það þó víst að það er ort undir nafni Guðnýjar heitinnar og að það er fallett kvæði.“²⁰

Ritstjórar *Norðurfara* taka þannig ekki af skarið. Svo fast bundinn Bjarna er hátturinn að sjálfsagt hefur þótt að eigna honum ljóðið auk þess sem það hefur þótt svo gott að þjóðskáld eitt gæti ort en ekki kona. Gísli Brynjúlfsson, annar ritstjórinn, fékk bággt fyrir að gera tilraun til að ræna Guðnýju skáldskapnum auk þess sem faðir hennar bregst dóttur sinni til varnar enda hafði hún verið karlkennd í ljóðinu eins og það birtist í *Norðurfara*.²¹

Ljóð Guðnýjar er reglulegt að flestu leyti; þríliðir eru einráðir en forliðir í jöfnu línunum ekki alltaf svo sem sést í fyrsta erindinu (2. línu) eins og það birtist í *Guðnýjarkveri*:²²

Sit ég og syrgi mér horfinn
sárt þreyða vininn,
er lifir í laufgrænum dalnum
þótt látin sé ástin.
Fjöll eru og firnindi vestra,
hann felst þeim að baki.
Gott er að sjá þig nú sælan,
þá sigrar mig dauðinn.

Guðný lýkur ljóði sínu og ávarpar mann sinn og ásakar fyrir brot hans gegn sér en sættir sig við að deyja og fá þá hugsanlega uppreisn æru og leikur hennar að orðum leynir sér ekki.²³

20 Guðnýjar vísur (1848:17–18).

21 Sjá Helga Kress (2009:53–55).

22 Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum (1951:103).

23 Guðný Jónsdóttir frá Klömbrum (1951:86–87).

Leizt mig títt ljúfur í hjarta,
 ég leit þig á móti.
 Leiðstu mig illa, er áttir,
 en eg leit þig kæran.
 Lýttir mig sök fyrir litla,
 því líða má harma.
 Þú lítur mig loksins á hæðum,
 en lýtir þá ekki.

Löngu síðar minnst skáldkonan Hulda stallsystur sinnar í ríki Braga með ljóðinu GUÐNÝ. Hulda vísar beint í ljóð Guðnýjar í fyrstu línu ljóðsins og notar auk þess svanamyndina úr smíðju Jónasar. Hér birtast þrjú af sex erindum ljóðs Huldu. Þannig hefst ljóðið.²⁴

Sastu, og syrgðir þér horfinn
 hinn sárþreyða vininn.
 Þögul og göfug þín gættir,
 með grátþungu hjarta.
 Brostir sem áður við öllum,
 er yl þurftu' að finna;
 helsárin inn á við uxu,
 sem alúðin huldi.

Ei máttu ljóðvængir lyfta
 þeim lamandi þunga.
 Eins varstu' og álftin í sárum,
 er ísskarir lykja;
 þá verður söngurinn sæti
 að saknaðarkvaki,
 þangað til vökin er þakin
 og þögn yfir öllu.

Síðan lýkur ljóði Huldu í eins konar eftirmála:

Leiði þitt felt er að foldu,
 þar finst enginn varði.
 Þó vakir nafn þitt með nöfnum,
 sem nefnd verða lengi.
 Ómur af harmkvaki hinsta
 þess hjarta, sem brestur,
 ber þína minning sem blærinn,
 er bergmálið hrífur.

²⁴ Hulda (1926:86–87).

Ekki er að efa að harmljóð Guðnýjar hefur hreyft við fleirum en Huldu og enn fest háttinn í sessi. Ljóst er og að nokkur efni háttarins eru bundin honum. Þar eru auðvitað fyrst á blaði erfiljóðin og líkast til eru erfiljóð og ýmiss konar persónuleg harmljóð langalgengustu yrkisefnin. Verður nú litið til nokkurra þeirra.

Erfiljóð / harmljóð

Ljóst er að háttur Bjarna hefur þegar vakið mikla athygli sem enn staðfestir að skáld hefur hungrað í nýjungar í háttum. Árið 1851 deyr Jóhanna Skúladóttir, þriggja ára dóttir og einkabarn hjónanna Skúla Bergþórssonar og Elínar Jónsdóttur konu hans sem bjuggu á Mosfelli í Skagafirði. Skúli, sem var hagrýðingur góður, höfundur nokkurra rímna, oftast kenndur við Meyjarland, orti eftir Jóhönnu harmljóð í níu erindum og velur sér hátt Bjarna. Það er einungis varðveitt í handriti og ber yfirskriftina JÓHANNA SKÚLADÓTTIR. Hannes Pétursson birti hluta þess í Skúlaþætti Bergþórssonar í ritinu *Misskipt er manna láni* III. Þannig lýkur ljóði Skúla:²⁵

Kveð ég þig, kærust Jóhanna,
sem kvaddi' eg þig fyrri,
lífs ég og liðna þig kyssti
með lemstruðu hjarta.
Nú við þinn nábeð ég minnist,
unz nálgast þig aftur
og önd mín fær önd þína faðma
um eilífar tíðir.

Hér er af mörgu að taka enda ljóst að skáldum var í fersku minni upphaf og rætur háttarins frá hendi Bjarna. Það er því engin tilviljun að þegar Jón Bjarnason Thorarensen, sonur Bjarna, lést minnst Benedikt Gröndal hans í erfiljóði undir hætti föðurins og hættinum sem Jónas notaði um hann. Til að undirstrika það enn frekar vísar Benedikt beint í ljóð Jónasar og notar auk þess fuglamótífið á sama hátt. Ljóð Benedikts er í fjórum erindum og hér birtast hið fyrsta og síðasta:²⁶

25 Hannes Pétursson (1987:145).

26 Benedikt Gröndal (1948:303). Benedikt minnst einnig Jóns Hjaltalín landlæknis undir hætti Bjarna (Benedikt Gröndal (1948:280).

„Skjótt hefur sól brugðið sumri“,
því sígur að hausti,
fuglarnir þagna og fljúga
til fjarlæggra landa.
Þú ert í flokkinum fríða
og farinn á burtu,
farinn um eilífð og floginn
til foreldra þinna.

Sofðu nú fuglinn minn fagri
í friðarins reiti,
horfinn frá börnum og brúði;
blessun þér fylgi!
En endurminningar ómur
að eyrum mér líður,
fagur af fallegum lögum
úr fjarlægju skýi.

Árið 1898 minnst Guðmundur Friðjónsson móður sinnar í lengsta ljóði sem ort hefur verið undir hætti Bjarna, í alls 23 erindum. Ljóðið, sem er allt ávarp til móðurinnar, heitir Á LEIÐI MÓÐUR MINNAR og er í þremur þáttum. Fyrsti þátturinn, í tveimur erindum, er lofgjörð til náttúrunnar sem umlykur gröfina:²⁷

Hafrænan hugljúfa stefnir
á hádegisröðul,
runnin um rinda og kletta
af Ránarflöt votri,
handleikur haddinn og liðar
og hóglega strýkur
umhverfis mold þína, mamma,
sem mjög er nú blásin.

Í öðrum kafla ljóðsins greinir frá jarðarförinni að vetri og gröfinni frostköldu sem vorið þíðir brátt, grasið grænkar og blóm dafna á gröfinni og svanir og þrestir koma að sunnan með söng sinn en harmur eftirlifenda situr samt eftir:²⁸

27 Guðmundur Friðjónsson (1955:31).

28 Guðmundur Friðjónsson (1955:32).

Kvakandi svanir að sunnan
 í sveitina flugu;
 léttfleygir, ljúfróma þrestir
 á leiði þitt settust.
 Sunnan við sólbrennda vegginn
 hjá svefnklefa þínum
 hlýtt varð – en harmur og kuldi
 í hreiðrinu rýmda.

Í síðasta erindi ljóðsins er staðfesting þess að móðirin er ekki farin heldur vakir öllu yfir, sameinuð náttúrunni:²⁹

Augnráð þitt sé ég í sólu,
 en sorg þína í döggu,
 bros þitt í glóandi geislum,
 í golunni andann.
 Rödd þín í árniðnum ymur;
 en ást þína málar
 kvöldroð á svefnhöfgum sævi –
 Ég sé, að þú vakir.

Þorsteinn Gíslason minnst Steingríms Thorsteinssonar í ljóði með glöggum vísunum í þekktasta ljóð Steingríms, VORHVÖT. Ljóðinu, sem er alls sjö erindi, lýkur svo:³⁰

Guðs sól bið geislunum beina
 til gróðuranga,
 sem líta frá limi og grundu
 og langar að gróa.
 Bið þú himindís hendur
 yfir hauðrið þitt leggja
 hið sjúka, og lækurinn senda
 úr suðrinu, vorið.

Að lokum skal hér tilfært sem dæmi erfiljóða undir hætti Bjarna ljóð-
 ið JÓHANNA G. ARADÓTTIR eftir Bólu-Hjálmar sem var vissulega ekki ósnortinn af því sem nýir straumar fluttu með sér í ríki skáldskaparins og minnir okkur á að fyrr eða síðar þyrfti einhver að meta að nýju það óláshugtak sem hugtakið alþýðuskáld er.

29 Guðmundur Friðjónsson (1955:36–37).

30 Þorsteinn Gíslason (1920:41–42).

Ljóð Hjálmars er langt, tíu erindi alls, og byrjar á tveimur erindum undir fornyrðislagi sem eftir sem áður var meginháttur erfiljóða og raunar einnig síðan alla 19. öldina og fram á hina 20. Síðan koma átta erindi undir hætti Bjarna. Í ljóðinu notar Hjálmar að mestu myndir af gróðri jarðarinnar og heldur þeim allt til loka ljóðsins:³¹

Hví er svo árdags í æsku
ungplantan fríða
þrífin úr þjóðernisakri
og þakin í moldu?
Hví var svo lífið hið ljúfa
og ljósskarið kveikta
slokkið og blásið til bana
af brjósthörðum dauða?

Elztu lög alþjóðar jarðar
eru svo stíluð,
að ungpplantan allt eins má hníga
sem eikin sú rotna;
forlög að fæðast og deyja
þau fást ei til baka,
lífið að láni er þegið,
en lengd þess guð ræður.

Geymt er nú duft þitt í dimmum
dauðra sáðreitum,
senn birtir blessunartíðin,
að blómgast þú aftur;
senn mun sá eini, sem auðið
er þess að slíta,
dauðans bönd dýrðlega brjóta
og duftsins fangelsi.

Valdimar Briem setti sjálfa Biblíuna í ljóð í tveimur bindum, *Biblíuljóðum* I og II. Hann setti sér það takmark að beita sama bragarhætti aldrei tvisvar. Ljóst er að hann valdi hættina gjarna af kostgæfni eftir því hvernig þeir þjónuðu efninu. Það kemur því ekki á óvart að hann lætur hátt Bjarna lýsa dauða Elísa úr Gamla testamentinu. Konungurinn Jóas situr við dánarbeðinn og syrgir:³²

31 Hjálmar Jónsson frá Bólu (1949:361).

32 Valdimar Briem (1896:308).

Grátandi gylfi stóð eptir
 og grátandi blómin;
 grátandi landsins var lýður,
 er lát hans hann frjetti.
 Þornaði lind sú, en lifði
 hans lofstír hjá þjóðum.
 Og allt kom það fram, er hann innti
 og áður um spáði.

Angurljóð

Fyrir utan það angur að sjá að baki ástvinum og öðrum samferðamönnum býður háttur Bjarna upp á margar sorgir og stórar, ekki síst ástarsorgir. Líkast til hefur Guðný frá Klömbrum lagt hornsteininn að mörgum þeim ljóðum.

Guðmundur Guðmundsson skólaskáld yrkir ljóð sem hann kallar tvö SMÁKVÆÐI, í tveimur hlutum. Hinn fyrri nefnir hann „*Taktu sorg mína, svala haf*“ þar sem hann biður guð að láta sig gleyma „veslings bráðkvöddu vonunum mínum“. Í seinni hlutanum skiptir hann um hátt og notar hátt Bjarna og kallar það *Var – verður ekki!* og lýsir ástarhörnum sínum. Síðustu tvö erindin af fjórum eru hér tilfærð. Eftirtektaer verð eru lok ljóðsins þar sem engu er líkara en skáldið hafi brostið í grát og megi vart mæla:³³

Því að ég huga minn hvíli
 við hjartfóligna minning
 um það, sem *var*, þótt ég viti:
 það *verður ei aftur*.
 Og þó nú sé gleðin mín gengin
 og gráti ég stundum
 vegna þín, – vegna þín einmitt
 eg verð aftur glaður:

Geisli þinn er það sem gyllir
 mér grátdögg á hvarmi;
 skugginn þinn er það sem skyggir
 á skrúðreiti vors míns! –
 Þökk fyrir allt! mér er orðið
 svo örðugt um málið!
 .. vonirnar ...! ... góða!
 Vertu nú blessuð!

33 Guðmundur Guðmundsson (1934:110–111).

Fátt gleður Jóhann Gunnar Sigurðsson er hann yrkir ljóðið LJÓÐAKVEDJA til Huldu í þremur þáttum. Annar þáttur ljóðsins, HEIMA II, er undir hætti Bjarna og í honum lýsir Jóhann Gunnar sorg og söknuði þess manns sem misst hefur tengsl við æsku sína og heimaslóðir og verður sem framandi gestur í lífi sínu:³⁴

Ennþá sé ég þig aftur
ástkæra sveitin.
Söm eru fjöllin og fellin
og fossar og dalir.
En svo er ég umbreyttur orðinn,
að áður ég gladdist,
nú geng ég um grundir og mela
með grátstaf í hálsi.

Og síðar:

Hvers vegna er þokan að þéttast
og þyngjast á fjöllum?
Vera má héraðið hryggist
af harmtölum mínum.
Eða er það að gráta
unglinga glaða
tvo, sem týndust að heiman
í tröllbyggða hella?

Fallega sól ertu flúin
í felur við skýin?
Þó væri þörf á þér núna,
svo þornaði af steinum.
Sendu mér geisla, svo gráti
geti ég varizt.
Mér er svo örðugt um andann
og erfitt um hjartað.

Eftir Jens Sæmundsson er ljóðið ENDURMINNINGAR þar sem hann lýsir söknuði eftir glataðri ást. Ljóðið er langt en lýkur svo:³⁵

34 Jóhann Gunnar Sigurðsson (1943:79–81).

35 Jens Sæmundsson og Magnús Gíslason (1906:7).

Sorgin, hún situr nú hjá mjer
 og sál mína byggir. –
 Bráðkvadda blómið mitt unga,
 bljúgur í trega. –
 Sjálf ertu svifin á brautu.
 Jeg sje þig ei framar?
 Grát ekki, vina mín, góða,
 jeg gleymi þjer aldrei!

Í ljóðinu LEIKBRÆÐUR MÍNIR lýsir Guðmundur Guðmundsson söknuði sínum eftir glöðum og áhyggjulausum æskuárum og vinum sínum horfnum. Ljóði Guðmundar lýkur svo:³⁶

Mér er sem andvörp mér ómi
 einatt í blænum.
 Eru það kveðjur frá ykkur
 af ókunnum vegum?
 Nú eru grafirnar grænar,
 og grátvíðir teygja
 skjálfandi lim yfir leiðin
 í laufvindi mjúkum.

Séra Árelíusar Níelssonar er sjaldan minnst fyrir skáldskap hans. Eftir hann er ANGURLJÓÐ sem hann kveður að líkindum eftir að kona hans deyr árið 1978 og sannar að presturinn var liðtækt skáld. Ljóð Árelíusar er í tveimur erindum og hér er hið síðara birt:³⁷

Hljótt er þá söngfuglinn síðsti
 sumarlönd kveður.
 Fjöllin og hlíðarnar háu
 hlusta og sakna.
 Samt er nú hljóðara húmið.
 Hljóðnuð er röddin.
 Dáinn úr ómbylgjum dagsins
 dýrasti tónninn.

36 Guðmundur Guðmundsson (1943:178).

37 Árelíus Níelsson (1980:47).

Fleiri Sólveigar

Matthías Jochumsson yrkir einungis eitt ljóð undir hætti Bjarna, ljóðið SÓLVEIG. Ljóðið á rætur í æskuást Matthíasar. Hann kynntist Hildi Sólveigu Bjarnadóttur í Flatey og hún varð stóra ástin æskuáranna. Ljóðið orti Matthías ekki fyrr en eftir lát hennar þegar hann var sjálfur átt-ræður.³⁸ Enginn vafi leikur á því hví Matthías velur sér hátt Bjarna til að útmála ást sína og harm en benda má á að Hildur Sólveig var einmitt dóttir Bjarna Thorarensen og bar nafnið sem tengt er hættinum órjúfanlegum böndum. Matthías felur enda ekki uppruna háttarins er hann tengir Sólveigarnar tvær saman í upphafi fyrsta erindis:³⁹

„Nú fór vor Sólveig til sólar!“,
 en sex tígir vetra
 senn eru frá því ég sá þig –
 sá þig og trúði –
 trúði' að öreiginn ætti
 allt sem er fagurt,
 indælt og hugljúft og heilagt
 á himnum og jörðu.

Matthías lýsir því svo hvernig allt fær nýjan lit og ljóma vegna ástarinnar:

Skein þá hinn blikandi Breiði
 sem brúðsalur Drottins,
 skínandi skarband á milli
 Skorar og Jökuls;
 Syngjandi fuglar á sundum,
 en svanir á lofti,
 en æður í hagsælum hjúskap
 á hreiðrum sér undi.

En ástardraumurinn rættist ekki:

Man ég er fleyið mig flutti
 frá fundinum hinnta;
 sá ég, að barmur þinn bifðist,
 þótt bros léki' á vörum.

38 Þórunn Erlu Valdimarsdóttir (2006:111).

39 Matthías Jochumsson (1956:433–434).

Sá ég hvar sastu í leyni
með sólbrá í augum.
En Jökull og Skor okkur skildu
og skautuðu svörtu.

Árið 1915 kemur enn önnur Sólveig til sögunnar, í ljóðinu SÓLVEIG eftir Einar P. Jónsson. Ljóð Einars er líkt og ljóð Matthíasar útmálun æsku-ástarinnar sem ekkert varð úr og ljóst að „Sólveig“ er dáin. Engin leið er nú að grafast fyrir um Sólveigu þessa og líklegra raunar að nafnið Sólveig hafi fengið eins konar goðsögulegan blæ eins og t.d. Sigrún, Svava, Hulda og fleiri nöfn kvenna. Þannig lýkur ljóðinu um Sólveigu:⁴⁰

Sólveig ég sakna þín tíðum
en söknuðinn létta,
sólfagar sakleysis-myndir
frá samveru þinni.
En hitt er ei kyn þótt mér hrynji
harmdögg af hvarmi.
Þá sól minna sælustu drauma
er sigrin í ægi.

„Erótísk ljóð“

Eins og fram hefur komið orti Bjarni Thorarensen ljóðið KYSSTU MIG APTUR! og taldi sitt besta erótíska ljóð. Enginn vafi leikur á því að í því ljóði leggur Bjarni ákveðna línu til annarra skálda.

Ljóðið SJÁLFDÆMI í tveimur erindum eftir Jón Thoroddsen er ágætt dæmi þessa. Ljóðmælanda hefur orðið eitthvað á og selur ástmeynni sjálfðæmi í málinu:⁴¹

Veit ég að vísu, hin ljúfa!
að var þér mjög nærri
höggvið, því hyggjum vér verða
hefnidina stranga;
enginn skal að því samt kvaddur
um okkar sök gjöra;
sjálfur eg sekt mína játa,
mér sjálf skaltu hefna.

40 Einar P. Jónsson (1915:86).

41 Jón Thoroddsen (1919:134–135).

Láttu þitt lokkanna hrísið
 mér lemjast um vanga!
 stíng þú með eldskeytum augna
 mér augun úr höfði!
 Reyrdðu mig fjötrunum föstu
 faðmlaga þinna,
 Á bál þinna brennandi vara
 svo bundnum mér kasta!

Steingrímur Thorsteinsson fer í sínu ljóði nær Bjarna en Jón. Ljóð hans SOFANDI KYSTUR er í tveimur erindum.⁴²

Væran þú sofnar, minn sjafni!
 Í sælasta draumi;
 Augu þín ung eru lokuð,
 En opnaðar varir;
 Gullbjörtu lokkarnir liðast
 Um litfagra vanga;
 Ilmsætur andinn þér líður
 Af eldheitum vörum.

Sofðu, ég vil þig ei vekja,
 Eg veit að þig dreymir
 Himneskar sjónir og sælli
 En sér þú í vöku.
 Kossi svo leikandi léttum
 Minn ljúfning eg kyssi,
 Sem fiðrildi blikvængjum blaka
 Við blikandi rósir.

Síðar í greininni er fjallað um kvæði Jóns Ólafssonar sem fellur undir þennan þátt.

Nokkra sérstöðu hefur Benedikt Gröndal. Eins og kunnugt er gat hann verið hið mesta ólíkindatól og ekki er annað að sjá en ástarljóð hans sé eins konar paródía. Líklega hefur honum fundist sem tilfinningaflóðið og kossagangurinn hafi farið úr öllum böndum hjá skáldbræðrum hans. Ljóð hans heitir STÚLKUVÍSA og segir svo í 1. erindi:⁴³

42 Steingrímur Thorsteinsson (1958:63).

43 Benedikt Gröndal Sveinbjarnarson (1948:33).

Ástin og yndið mitt bezta
 og elskan mín góða!
 Söng vil ég fremstri þér færa
 af fríðustum meyjum;
 mörg hefur meyjan í heimi
 munnfríð og handhvít
 blossað með blikandi ljóma,
 bezt ertu allra.

Og þannig lýkur Benedikt útmálun elskunnar sinnar:

Þegjandi læt ég í ljóðum
 ljóma þitt heiti;
 Mynd þín í döfsælum draumi
 dýrðlega leynist!
 Oftar ég hugsaði um það
 En ögn er á sandi;
 gef mér nú koss fyrir kvæðið,
 kossblíða meyja!

Tilbrigði, tilraunir

Línuföldi

Brátt fór að bera á því að skáldin, sem við kyndlinum tóku, fóru að fara frjálstlega með línuföldu í erindi. Gísli Eyjólfsson, sem einna fyrstur tók upp hátt Bjarna á eftir þeim Bjarna, Jónasi og Guðnýju á Klömbrum, lét sig hina kórréttu átta lína reglu lítt varða í ljóðum sínum. Árið 1853 yrkir hann ljóðið *HARÐINDIN* 1853. Erindin eru fimm, hið fyrsta og fjórða átta lína eftir reglunni, annað og þriðja tíu lína en fimmta og síðasta erindið sex lína. Þannig ávarpar Gísli almættið í síðasta erindinu:⁴⁴

Ávöxtur anda þíns faðir!
 ástar og speki
 erum þó ein-mana byggjum
 eyjuna í hafi,
 byggðu því með oss, og blessa
 byggð vora og hagi!

44 Gísli Eyjólfsson (1883:26).

Gísli minnst séra Hannesar Arnórssonar sem druknaði í hafi árið 1851 við fjórða mann á heimleið frá Ísafjarðarkaupstað. Ljóð Gísla er í tveimur þáttum og er hinn fyrri undir hætti Bjarna, átján línur án erindaskila.⁴⁵

Gísli lét ekki þar við sitja og minntist séra Lárusar Johnsen, sem hvarf veturinn 1859 og fannst um vorið við sjó á Dagverðarnesi. Nú skiptir Gísli hættinum í fjögurra lína erindi eins og hér sést í tveimur fyrstu erindunum:⁴⁶

Nú ertu fallinn í friðar
faðminn guðsmjúka,
þreyttur af þungu dagsverki,
þjónninn guðs trúí.

Þú helgaðir hérveru þína
himnanna drottni,
og stóðst þó í sterkum dags hita
á stríðsvelli lífsins.

Gísli missti konu sína árið 1858 og minntist hennar í 32ja lína ljóði undir hætti Bjarna án erindaskila.⁴⁷

Ýmis fleiri skáld koma hér við sögu en ég læt nægja að geta Sig. Júl. Jóhannessonar sem orti ádeilukvæðið *HARÐSTJÓRINN OG ÞJÓNINN* sem kom út í ljóðabókinni *Kvistir* árið 1910. Líkt og Gísli helmingar Sig. Júl. hátt Bjarna og segir langa sögu í 21 erindi af ungum manni sem situr við að svara stúlkunni sinni í bréfi:⁴⁸

Nú byrjar hann bréfinu að svara,
og bros er á vörum;
ég sé það í svip hans og æði;
hann sæll þykist vera.

En ungi maðurinn, öreiginn, er þjónn annars sem ekki hugnast að sjá þræl sinn sitja að skriftum:

Minn þræll ertu, það skaltu vita,
ég þig hefi leigðan;
þú situr og sjálfum þér vinnur,
en svíkur þinn herra!

45 Gísli Eyjólfsson (1883:147).

46 Gísli Eyjólfsson (1883:149).

47 Gísli Eyjólfsson (1883:168).

48 Sig. Júl. Jóhannesson (1910:67–71).

Karlinn tekur nú skrifföng unga mannsins sem þó lætur ekki hugfallast:

[„] Á meðan að fugl hefir fjaðrir
og fæ ég hann veiddan,
og blóðið mér endist í æðum,
eg aldrei skal hætta!“

Lokaorð ljóðsins lýsa boðskap höfundar:

Það sjá má á sveininum unga,
Þótt sárt væri leikinn,
Að sterkur er stálharður vilji,
Já, sterkari flestu.

Elín Eiríksdóttir frá Ökrum byrjar ljóð sitt GEKK ÉG á sex lína erindi en síðan fylgja tvö fjögurra lína. Ljóðmælandi gengur um gamlar slóðir og saknar þess sem eitt sinn var:⁴⁹

Gekk ég um gamlar slóðir,
gáði að steinum,
gulum, rauðum og grænum
í gylltum mosa.
Laufblað frá liðnu sumri
liggur hér visið.

Hendingar og rím

Svo sem fram hefur komið „skreytti“ Jónas Hallgrímsson erfiljóð sitt eftir Bjarna töluverðu innrími, skothendingum og aðalhendingum. Þetta var ekki einungis bundið við hátt Bjarna. Jónas beitir hendingum víða í ljóðum sínum, greinilega gjarna með markvissum hætti, svo að vart er rétt að tala um skreytilist.

Bæði Jón Ólafsson og Guðmundur Friðjónsson benda á það einkenni í skáldskap Jónasar að velja hljóð og hendingar við hæfi. Jón Ólafsson segir svo í „Brjefi frá Jóni Ólafssyni til ritstjóra Bjarka“ árið 1897:⁵⁰

Hvað margir hafa t.d. tekið eftir, hve mjúklega fara í máli linstafirnir í þessum visuorðum hjá Jónasi Hallgrímssyni í „Skjaldbreiðar“-kvæðinu hans:

„Glöðum fágár röðul-roða
Reiðar-slóðin dal og hól“.

49 Elín Eiríksdóttir frá Ökrum (1958:34).

50 Jón Ólafsson (1897:37).

Eða hvernig hnökur harðra samhjódenda getur fegrað og auki áhrifin snildarlega, þegar það á vel við efnið? Jeg vil í því efni minna á kvæði Einars Benediktssonar um „Odd í Miklabæ“, þar sem hljómur orðanna ósjálfrátt vekur upp fyrir huga manns skafla-gnístrið í skrefóttum ís.

Þetta er líklega í fyrsta skipti í íslenskum bókmenntum þar sem fjallað er um stílgildi ákveðinna hljóða.

Tveimur árum síðar gerir Jón nánari grein fyrir þessum leik Jónasar með hendingar svo að hljóð málsins taka undir með merkingu orðanna. Jóni verður enn starsýnt á SKJALDBREIÐ Jónasar:⁵¹

Það er ekki *hugsunin*, sem hér hrífur oss. Í þessu er ekki önnur hugsun, en þessi óbrotna: sólin skín á landið. Þetta er alt það sem sagt er í þessum tveim vísu-orðum [Glöðum fagar röðul-roða / reiðarslóðir, dal og hól.]

En *hvernig* er það sagt?

Orðavalið og hljómfegurðin svara því. „Röðul-roði“ er í þessu sambandi miklu tignarlegra og betur valið orð, heldur en „sólskin“. Svo er rímið dýrt, dýrara miklu á þessum tveim vísu-orðum, heldur en hátturinn heimtar; vér heyrum sam-rímið í „glöð-um“, „röð-ul“ „roða“, „reiðar“ „slóðir“, svo og „dal“ og „hól“; linstafirnir *l* og *r* á undan hljóðstaf með *ð*-inu á eftir, og línu *l*-inu, sem enda atkvæðin „dal“ og „hól“ – alt þetta er sett hér af inni fullkomnustu list.

Guðmundur Friðjónsson tekur hins vegar dæmi af SÓLSETURSLJÓÐUM Jónasar og MAGNÚSARKVIÐU. Um SÓLSETURSLJÓÐ segir Guðmundur:⁵²

Sjálfstæði Jónasar kemur fram í þessu kvæði og öðrum, sem líkt eru kveðin.

Hátturinn er einfaldur og forn að eðli sínu og atkvæða skipan. Fornskáldin skreyttu hann ekki né tildruðu honum til.

En Jónas gerir úr honum gullfjallað víravirki með því að segja: fagur guðs dagur, blessaður, blessandi, blíður röðull þýður og annað því um líkt, bæði í þessum kvæðum og öðrum.

Þessar sambendur fegra háttinn mjög mikið og gera þann hrynjanda í hann, sem margfaldar unaðinn og hefur háttinn upp í æðra veldi, heldur en fornryðahættir hafa áður komist, þó að vel væru kveðnir.

51 Jón Ólafsson (1899:189).

52 Guðmundur Friðjónsson (1907:184).

Árið 1843 yrkir Jónas ljóðið ÁSTA og las upp á fundi þeirra Fjölnismanna. Varla er að efa að þeirra ljóð hefur fest hátt Bjarna enn betur í sessi. Lítum á fyrsta erindið.⁵³

Ástkæra ylhýra málið
og allri rödd fegra!
blíð sem að barni kvað móðir
á brjósti svanhvítu;
móðurmálið mitt góða,
hið mjúka og ríka,
Orð áttu enn eins og forðum
mér yndið að veita.

Eins og hér kemur fram gengur Jónas hér enn lengra í notkun hendinga en í ljóðinu um Bjarna, yl:mál, blíð:móð, mód:góð, mjúk:rík, orð:forð. Þannig verður hið gamla göss nýtt í meðförum Jónasar. ÁSTA birtist síðan í *Fjölni sama ár*.⁵⁴

Líklegt er að Hans Natansson hafi lært af Jónasi. Hann yrkir árið 1864 tvö erfiljóð, eftir þá Guðmund Guðmundsson og Hallgrím lækni Jónsson. Hendingar ganga í gegnum bæði þessi ljóð. Þannig er fimmta erindi ljóðsins eftir Hallgrím.⁵⁵

Nú er þar skarð fyrir skildi
í skáldasveit vorri,
syngur ei Hanga-týs hegri
Hallgríms ins snjalla,
enn lengi mun lifa hjá mengi
lofstír hans kvæða,
og fjörugur hugmyndir hræra
hjörtu bragvina.

Ljóðið TIL HENNAR er eftir Jón Ólafsson og heyrir til flokki angurljóða. Ljóðið er í fimm þáttum og eru tveir þeirra undir hætti Bjarna, III og IV þáttur, hvor um sig eitt erindi. Hér birtist fyrri þátturinn.⁵⁶

53 Jónas Hallgrímsson (1989 1:166).

54 Jónas Hallgrímsson (1843:15).

55 Hans Natansson (1981:23).

56 Jón Ólafsson (1877:14).

Ástin mér brennur í brjósti,
 blíð sem þú, meyjja,
 harmsæla hefir í barmi
 hjá mér upp tundrað.
 Æ eg vil til eilífðar brenna,
 sá eldur er ljúfur!
 Heltu nú olíu á eldinn
 af ástríkum vörum.

Svo sem fram hefur komið fjallaði Jón í löngu máli um notkun hendinga í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar, hver áhrif þær hefðu ef notkun hljóðanna væri markviss. Sjá má á þessu ljóði Jóns að hann leikur listina eftir Jónasi; ást:brjóst, harm:barm, hel:el.

Í bréfi, sem Jóhann Sigurjónsson skrifar bróður sínum, er þetta erindi að finna:⁵⁷

Væri eigi, vinur minn kæri,
 vængirnir þungir,
 svífi ég samstundis yfir
 svellaða hjalla.
 Heim til þín huga minn dreymir,
 er hriðarnar kveða
 lög, er þær léku á þeim dögum,
 sem löngu eru gengnir.

Svo sem sjá má myndar hrynjandinn að öllu leyti hátt Bjarna. Síðan blasir við að aðalhendingar og skothendingar skiptast á líkt og í dróttkvæðum hætti eða hrynhendum svo að vant er að sjá hvort um er að ræða afbrigði fornháttar eða háttar Bjarna. Enginn leikur þetta afbrigði eftir Jóhanni.

Eftir Kristján frá Djúpálæk er ljóðið SEGÐU MÉR, VINUR. Ljóð Kristjáns er í fjórum erindum sem hvert um sig spyr fjögurra spurninga en fátt er um svör. Sú breyting hefur nú orðið á hættinum að Kristján gæðir hann endarími, OAOABCBC.⁵⁸

Segðu mér, vinur, er sælan
 í sólgylltum lundi?
 Er hún í ungmeyjar örmum
 eða indælum blundi?

57 Jóhann Sigurjónsson (1940:237).

58 Kristján frá Djúpálæk (2007:33).

Er hún í ljóðanna línun,
 á listanna brautum?
 Býr hún í barminum mínum
 og birtist í þrautum?

Valtýr Guðmundsson yrkir ljóðið HAUSTLITIR sem kom í ljóðbókinni *Vegamót* árið 1986, tveggja erinda ljóð um dýrð haustlitanna. Hann fer eins og Kristján í öllu að hætti Bjarna utan það að ljóðið er rímað, OAOAOBOB.⁵⁹

Til ykkar leita ég löngum
 er líður að vetri.
 Því tæpast fær yndi mitt öðlast
 aðhlyning betri.
 Við fjölmargar dásemdir dvelur
 þar dagana þýðu
 hugur minn leikandi léttur
 um lendurnar víðu.

Tvö önnur ljóð Valtýs eru undir þessu rímaða afbrigði háttarins, EINTAL og RISMÁL.⁶⁰ Hinu má svo ekki gleyma að rímlausa háttinn kann Valtýr og yrkir undir honum tvö ljóð, KLUKKNAHLJÓÐ og Á KONUDAGINN.⁶¹

Örlítið önnur hrynjandi einkennir hátt ljóðsins ÞEGAR HÚMIÐ DÖKKNAR eftir Sigurð Sveinbjörnsson úr bókinni *Á svölu hausti*. Tvíliðir eru hér nokkuð ráðandi og forliðir hvergi, rímið auk þess meira, ABABCD. Hér birtist fyrsta erindi af þremur.⁶²

Duna í Dimmufjöllum
 Darraðarljóðin,
 brott eru af Breiðuhjöllum
 blikandi glóðin.
 Heyrðu í gilinu glymja
 gýgjarandann.
 Hvítfextu öldurnar ymja
 út við grandann.

59 Valtýr Guðmundsson (1986–73).

60 Valtýr Guðmundsson (1991:59 og 73).

61 Valtýr Guðmundsson (1991:59, 73).

62 Sigurður Sveinbjörnsson (1961:66).

Langlínur

Fyrir kemur að höfundar búa háttarinn þannig úr garði að ljóst er, þótt hrynjandinn sé kórrétt í anda Bjarnaháttarins, að ljóðstafasetningin gerir ráð fyrir fjórum línum í stað hinna átta. Líkast til er þá orðið um annan hátt að ræða. Ég tek dæmi af ljóðinu KNATTSPYRNUMAN eftir Einar M. Jónsson í ljóðabókinni *Pallir* frá árinu 1958, um þann ugg sem fylgdi kalda stríðinu og birtist í hundruðum ljóða og sagna á þeim viðsjárverðu tímum. Táknaþing myndin er augljós; knattspyrnumenn heyja stríð um knöttinn á vellinum – en síðan kemur í ljós að knötturinn er ekki allur sem hann er séður, sjálfur hnötturinn okkar. Þetta minni er þekkt, t.d. í smásögunni „Leikföngin“ eftir Elías Mar.⁶³ Háttur Einars er rímaður, OOOAOOA (eða, ef litið er á að hátturinn sé fjögurra lína, OAOA).⁶⁴

Og tæknina hafa þeir tekið
í þjónustu sína
taumlaust. Á völinn hver einasti
á stálklossum gengur.
Ef knöttinn þeir sprengja af hatri
og hefndum í sundur,
þá hafa þeir ekki neinn hnött
til að rífast um lengur.

Háttablöndun

Það er ekki nýtt af nálinni að setja tvo hætti í eina sæng í sama erindi; slíkt hefur þekkt í íslenskri ljóðagerð um aldir. Bjarnahátturinn fór ekki varhluta af þessari blöndun og því er ekki að neita að á stundum ljær hún hættinum óvæntan styrk.

Elín Sigurðardóttir mærir Guðrúnu Lárusdóttur á 45 ára afmæli hennar í þriggja erinda ljóði og lætur skeika að sköpuðu um hrynjandi Bjarnaháttarins í tveimur þeim fyrstu:⁶⁵

Skylt væri, skáldkonan góða,
þér skála í ljóði.
En viljinn er annað en andinn
og annað en getan. –
Þótt leirinn sé löngu frægt efni
– því leir var hafður í manninn, –
þá hrýs mér hugur að láta' hann
hrynja o'ná blaðið.

63 Elías Mar (1983:31–42).

64 Einar M. Jónsson (1958:106–107).

65 Elín Sigurðardóttir (1936:45).

Sjötta línan brýtur háttinn upp og glæðir hann lífi. Í öðru erindinu brýtur önnur lína hrynjandina:

Heilli þig hamingjudísir!
 Hylli þig skáldanna jöfur!
 Lýstu með list þinni og snilli
 langt út í geiminn!
 Lýstu með andlegum eldi
 út fyrir dauðann!
 Eg lít þig með lotning í hjarta
 leidda af drottni.

Jóhann Sigurjónsson harmar lát bróður síns í ljóðinu Æ, HVAR ER LEIÐIÐ ÞITT LÁGA? í fjórum erindum. Fjórar fyrstu línurnar hvers erindis brjóta hvergi í bága við Bjarnaháttinn utan það að Jóhann bætir í hann rími en síðan taka við fjórar línur sem svara til stöku línanna í honum. Þannig er fyrsta erindið:⁶⁶

Æ, hvar er leiðið þitt lága?
 ljúfasti bróðir?
 Þar sem þú tárvota vanga
 á vinblíða móður
 mjúklega lagðir, er lífið
 lagði þig, bróðir minn kæri,
 sárustu þyrnunum sínum,
 þótt saklaus og góður þú værir.

Fríðrik konungur VIII sótti Ísland heim sumarið 1907 ásamt fríðu föruneyti danskra þingmanna og var vel fagnað. Skáldin mærdðu konung sinn að vonum. Þorsteinn Gíslason hefur mikið við og semur KVÆÐAFLOKK Í TVEIMUR ÞÖRTUM, alls sjö þáttum undir fjölda bragarháttar, nýjum og gömlum. Hann byrjar flokkinn svo:⁶⁷

Velkominn, hilmir, af hafi!
 Hingað kom enginn
 Kærari. Fólkið þér fagnar,
 Friðrekur kongur!

66 Jóhann Sigurjónsson (1940:210–211).

67 Þorsteinn Gíslason (1920:8–9).

Öll mælir þjóðin það einum róm:
 „Alvaldur blessi þinn konungdóm!
 Velkominn hilmir af hafi!“
 Löng skilur lönd
 Leið. Yfir sund
 Hönd tengist hönd.
 Heill stíg á grund
 Friðrekur áttundi! Velkominn ver!
 „Velkominn“ hvervetna mætir þér hjer.
 Velkominn hilmir af hafi.

Svo sem sjá má hefst þetta erindi á Bjarnahætti í fjórum línnum. Síðan er skipt um hætti utan það að ein lína háttarins er endurtekin í tvígang. Í þeim köflum ljóðsins sem fylgja kemur háttur Bjarna ekki við sögu.

Lífið og tilveran - heimspeki

Svo sem raunar hefur oft komið fram er ljóst að hætti Bjarna hefur mörgu skáldinu þótt hæfa vangaveltur um rök tilverunnar og gildi, spurningar um markmið og leiðir í lífinu og siðalögmál.

Árið 1869 yrkir Brynjólfur Oddsson ljóðið SVANIRNIR sem gætu sem best tengst þeim svönum sem svifu í ljóðum þeirra skálda sem ortu undir hætti Bjarna á undan honum. Svanaljóð Brynjólfs er hins vegar úttekt hans á skáldskapnum; sumum svönum er gefið að geta hafið sig hátt yfir „hið dökka ryk jarðar“ en öðrum er gert að „halda sig við haudrið lága / á húmstöðvum sínum“. Hugsanlega er ljóð Brynjólfs svar við ljóði Jónasar um Bjarna þar sem Jónas líkir Bjarna við svan, eins og komið hefur fram. Brynjólfur minnir á að fleiri svanir séu á lofti þótt þeir fari ekki eins hátt. Niðurstaða Brynjólfs í þriðja erindi er þó sú að báðir eiga rétt á sér.⁶⁸

Margur samt kvakar á kvisti,
 svo kært er að heyra,
 söngfuglinn sínum með rómi,
 þótt svan við ei jafnist;
 oft er sá ómurinn leiddur
 frá ylriku hjarta
 og tilfinning tilgerðarlausri,
 en tálfeegurð engri.

68 Brynjólfur Oddsson (1941:136).

Jóhann Gunnar Sigurðsson yrkir ljóðið SPURNINGAR OG SVÖR, þar sem hann í tveimur erindum spyr spurninga og svarar jafnharðan. Að venju er skáldið ekki bjartsýnt á tilveru mannsins. Lok seinna erindisins lýsa fullkominni uppgjöf; hvergi glittir í neina von.⁶⁹

Hvað er sárast að syrgja?
Sakleysið horfið.
Hvað er vissast að vona?
Að vegurinn endi.
Hverju er helst við að búast?
Hvers konar böli.
Hverju er hollast að treysta?
Hættu að spyrja.

Skáldkonan Erla, Guðfinna Þorsteinsdóttir, tekur gjarna trúar- og siðferðilega afstöðu í ljóðum sínum. Svo er og í ljóðinu VEISTU? sem lýkur þannig.⁷⁰

Hugsanir þínar í heimi,
háar og lágar,
orð þín með athafnagrúa,
afkvæmi hugans,
ávöxt til böls og bóta
bera um síðir. –
Enginn fær umflúið mikla
uppskerudaginn.

Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli syngur ástarsælunni óð í ljóðinu ALLIR ÞURFA AÐ VITA ÞAÐ. Ljóðið er tvö erindi og er hið síðara þannig:⁷¹

Ó syngdu um ástina, Svanur,
á sefinu græna,
og minnstu hennar lóan mín litla
í ljóðunum þínum,
og lækur sem liðast um engi
æ láttu hennar getið
uns sofandi sandkornin skilja
hve sælt er að unna.

69 Jóhann Gunnar Sigurðsson (1943:45).

70 Guðfinna Þorsteinsdóttir (2013:104).

71 Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli (1940:6).

Bragi Sigurjónsson yrkir tvö ljóð undir hætti Bjarna, EG Á MÉR SÓLDAL HIÐ INNRA OG HVER ER SINNAR GÆFU SMIÐUR sem er líklega síðasta ljóðið sem ort er undir þessum hætti. Í fyrra ljóðinu tekst Bragi á við það hlutskipti sitt að ala aldur sinn „við háreysti borgar“ þar sem „ýkin og öskurhneigð gatan / mér æpir við hlustir“. Hann sættist þó við kjör sín þar sem sóldalurinn innra með honum huggar og sefar.⁷²

En dagurinn líður og leiðin
 liggur í bæinn,
 ýkin og öskurhneigð gatan
 mér æpir við hlustir:
 Hávaðann, harkið og lætin
 heyri ég ekki,
 og mér er gangstéttin grjóthörð
 sem gullsmauð engi,

Því sóldal hið innra mér á ég,
 sem aleinn ég þekki:
 Þar bláhiminn vakir á verði
 á víðáttum fjarskans.
 Fossbúar fíðlurnar strjúka
 með fjarhugans boga,
 og himinvötn heilags friðar
 um hjarta mitt streyma.

Bjarnaháttur verður tvíliðaháttur

Það hlýtur að orka tvímælis hvort um sama hátt er að ræða þegar þrílið-irrir hverfa allir en í stað þeirra koma tvíliðir. Þannig yrkir Stephan G. Stephansson eftir vin sinn Jón Jónsson á Strönd (frá Geiteyarströnd). Ljóð Stephans er í fjórum þáttum, tveir þeirra undir umræddum hætti. Það hlýtur að styrkja grun um að hér sé Stephan að útfæra Bjarnaháttinn að um erfiljóð er ræða en eins og komið hefur fram varð hátturinn fyrst og fremst erfiljóðaháttur. Jón þessi mun hafa verið góður smiður⁷³ og er eftirtektarvert hvernig það skilar sér í myndmálinu sem Stephan beitir í mannlýsingunni. Þannig hljóðar fyrsta erindið.⁷⁴

72 Bragi Sigurjónsson (1959:63).

73 Þorkell Jóhannesson (1958:100).

74 Stephan G. Stephansson (1954:100).

Strandar-Jóns á steðja
 storknar ryðið.
 Smiðjuafli er orpinn
 öskugjalli.
 Lækka storknir lokkar
 lokarspóna.
 Nú er greypt í grópum
 gaffhlað efsta.

Pennan sama hátt tekur Jón Magnússon upp í ljóðinu ARFUR ÞORSTEINS, hvatningarljóði til æsku íslensku þjóðarinnar til samstöðu og vaskra verka. Ljóðið er í þremur þáttum. Þriðji þátturinn hljómar svo:⁷⁵

Djörf að austan ekur
 æskan sterka,
 sú er hörðum höndum
 hrjóstur græðir.
 Þar sem tregatárum
 týndu sandar,
 rís af sætum sveita
 sumargróður.

Dynur fer um dali. –
 Dróttir vakna,
 þær er súrum svefni
 sofið hafa.
 Verður æ að vora,
 vaskir lýðir,
 meðan bláfjöll brosa
 breiðum sveitum.

Þýðing

Ein þýðing er til undir hætti Bjarna. Þar er á ferðinni Kristján Jónsson Fjallaskáld sem þýðir ljóð Thomasar Moore, LET'S TAKE THIS WORLD AS SOME WIDE SCENE. Engar heimildir hef ég um það hví hann valdi háttinn góða til þýðingar á ljóðinu. Þannig er ljóð Thomasar Moore:⁷⁶

75 Jón Magnússon (1945:96).

76 Thomas Moore (1879:494).

Let's take this world as some wide scene,
 which, in frail, but buoyant boat,
 With skies now dark and now serene,
 Together thou and I must float;
 Beholding oft, on either shore,
 Bright spots where we should love to stay;
 But Time plies swift his flying oar,
 And away we speed, away, away.

Should shilling winds and rains come on,
 We'll raise our awning 'gainst the show'r;
 Sit close till the storm has gone,
 And, smiling, wait a sunnier hour.
 And if that sunnier hour should shine,
 We'll know its brightness cannot stay,
 But happy, while 'tis thine and mine,
 Complain not when it fades away.

So shall we reach at last the Fall
 Down which life's currents all must go, –
 The dark, the brilliant, destined all
 To sink into the world below.
 Nor ev'n that hour shall want its charms,
 If, side by side, still fond we keep,
 And calmly, in each other's arms
 Together link'd, go down the steep.

Þýðing Kristjáns heitir ÁSTAGNÖÐIN og í henni nær hann furðuvel anda kvæðisins:⁷⁷

Um ævinnar ókyrru strauma
 áfram við bæði
 á veiku en flughröðu fleyi
 flytjumst án dvalar.
 Himinninn heiður og blíður
 hlær oss á móti,
 tíðum þótt skjótlega skyggist
 skýkólguðrunga.

77 Kristján Jónsson (1986:313–314).

Á ströndinni löngum við litum
litfagra bletti.
Ó, hvað við mundum oss æskja
að eyða þar dögum.
En flugárar tímans oss flytja,
að fáum ei dvalið.
Áfram við höldum, ó, áfram
við óðfluga svífum.

Er helkaldar haglskúrir dynja
og hvínandi stormar,
við munum brosandí bíða
blíðari daga
og sárköldu svo móti éli
svalblæjur reisa,
þangað til sólin hin sæla
sendir oss geisla.

Sælunnar sólheiðu stundar
við svo skulum njóta;
hennar býr himneska gleði
á hverfanda hveli;
þrautunum þar skulum gleyma
og þeirra ei minnst,
kviða hins komanda svæfum
kossa með hljómi.

Svo munum þangað um síðir
svífa við bæði,
er lífsöldur freyðandi falla
af flughömrum dauða.
Það eru fastbundin forlög
hins fagra og myrka,
neðan við geigvænu gljúfrin
í geiminn að hverfa.

Allt eins mun okkur slá tími
unaðarríkur,
ef við þá höldumst í hendur
og hvort annað styðjum.
Falslausum faðmlögum bundin
fet það við stígum,
og tryggðföst með hugprúðu hjarta
höldum þar niður.

Bergmál

Stundum kemur það fyrir að heyra má enduróm háttarins og þá er ekki alltaf auðvelt að fullyrða hvort það eigi rætur í hættinum eða sé hugsanlega tilviljun. Snorri Hjartarson orti ljóð um Jónas Hallgrímsson og er freistandi að tengja það við hátt Bjarna og minnst þess að einmitt undir þeim hætti orti Jónas ljóðið ÁSTA. Ljóð Snorra er fimm erindi sem öll utan hið síðasta minna mjög á umræddan hátt; þrjár fyrstu línurnar halda sömu hrynjandi sem er síðan brotin í fjórðu línunni eins og sést í fyrsta erindinu.⁷⁸

Döggfall á vorgrænum víðum
veglausum heiðum,
sólröð í svölum og góðum
suðrænuþlæ.

Sama útfærsla kemur fram hjá Hannesi Péturssyni, enn í ljóði um skáld, Kormák skáld. Ljóðið er í MÍÐFIRÐI þar sem Hannes beitir sömu aðferð og Snorri. Þannig hefst ljóð Hannesar:⁷⁹

Náttkul af haustbleikum heiðum
hljótt yfir engjum.
Myrkrödduð muldrar á flúðum
Miðfjarðará.

Lokaorð

Svo sem fram hefur komið hóf háttur Bjarna tilvist sína í erfiljóðum og ljóst er að flest ljóð háttarins eru tengd dauða og angri ýmiss konar. Annað sem blasir við er það hversu mjög hátturinn tengist konum; konur yrkja undir hættinum og mikill fjöldi ljóðanna fjallar um konur á einn eða annan hátt.

Það er áberandi hversu vel þessum nýja hætti var tekið. Skáldin hefur án vafa hungrað í nýja möguleika til tjáningar og tóku hættinum fagnandi. Athugun mín sýnir og að hann var furðu langlífur; lifði fram til loka síðustu aldar.⁸⁰

78 Snorri Hjartarson (1981:18).

79 Hannes Pétursson (1998:12).

80 Höfundur þessarar greinar hefur undir höndum mikið safn ljóða undir hætti Bjarna – en ljóst er að enn skortir mikið á að fullsafnað sé; enginn vafi leikur á að mörg ljóð munu finnast sem sýna háttinn og notkun hans í skýrara ljósi.

Að lokum skal þess getið að tvö lög eru til við háttinn. Bjarni Þorsteinsson⁸¹ skráði lag við „Sit jeg og syrgi mjer horfinn“ í *Íslenzkum þjóðlögum* og greinir frá því að Sigtryggur Guðlaugsson (f. 1862) hafi lært lagið ungur af foreldrum sínum – sem staðfestir að ljóð Guðnýjar hafi snemma vakið mikla athygli. Hitt lagið er eftir Inga T. Lárusson⁸² og er samið við ÁSTU Jónasar Hallgrímssonar.

HEIMILDIR

- Árelíus Níelsson. 1980. *Gleymd ljóð*. Stefán Tryggvason, Reykjavík.
- Benedikt Gröndal. 1948. *Ritsafn*, fyrsta bindi. Gils Guðmundsson bjó til prentunar. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Bjarni Thorarensen. 1935. *Ljóðmæli*, fyrri bindi. Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Bjarni Thorarensen. 1935. *Ljóðmæli*, síðara bindi. Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Bjarni Þorsteinsson. 1906–1909. *Íslenzk þjóðlög*. S.L. Möller, Kaupmannahöfn
- Bragi Sigurjónsson. 1959. *Veðramót*. Prentsmiðja Björns Jónssonar, Akureyri.
- Brynjólfur Oddsson. 1941. *Ljóðmæli*. Snæbjörn Jónsson, Reykjavík.
- Dáid heldra og merkis-fólk, frá Nýári 1835. 1835. *Sunnanpósturinn* 1.6, bls. 90–91.
- Einar M. Jónsson. 1958. *Þallir*. Helgafell, Reykjavík.
- Einar P. Jónsson. 1915. *Öræfaljóð*. Þorsteinn Oddsson, Winnipeg, Manitoba.
- Elías Mar. 1983. Leikföngin. *Íslenskar smásögur*, 3. bindi. Kristján Karlsson valdi sögurnar. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Elín Eiríksdóttir frá Ökrum. 1958. *Rautt lauf í mosa*. Höfundur, Reykjavík.
- Eptirmæli ársins 1836. 1836. *Fjölnir* 3, bls. 3–32.
- Gíslí Eyjólfsson. 1883. *Ljóðmæli*. Björn Jónsson, Eskifirði.
- Guðfinna Þorsteinsdóttir. 2013. *Ritsafn Guðfinnu Þorsteinsdóttur* II. Ritstjóri Anna Þorbjörg Ingólfssdóttir. Félag ljóðaðunnenda á Austurlandi.
- Guðmundur Friðjónsson. 1907. 1807–1907. *Eimreiðin* 13.3, bls. 184–205.
- Guðmundur Friðjónsson. 1955. *Ritsafn* IV. Bjartmar Guðmundsson bjó til prentunar. Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri.
- Guðmundur Guðmundsson. 1934. *Ljóðasafn I*. Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Guðný frá Klömbrum. 1951. *Guðnýjarkver*. *Kvæði Guðnýjar frá Klömbrum*. Helga Kristjánsdóttir bjó til prentunar. Helgafell, Reykjavík.
- Guðrún Magnúsdóttir. 1933. *Ómar*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.

81 Bjarni Þorsteinsson (601–602).

82 Ingi T. Lárusson (1948:16–17).

- Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli. 1919. *Ljóðmæli*. Sigurður Þórðarson, Laugabóli, Reykjavík.
- Halla Eyjólfsdóttir frá Laugabóli. 1940. *Kvæði 2*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Hallgrímur Jónsson. 1906. *Bláklukkur. Nokkur kvæði 1. hefti*. Reykjavík.
- Hannes Pétursson. 1998. *Ljóðasafn*. Iðunn, Reykjavík.
- Hans Natansson. 1981. *Ljóðmæli*. Hans Pétur Hansson, Reykjavík.
- Helga Kress. 2009. Gegnum orðahjúpin. Líf og ljóð Guðnýjar Jónsdóttur frá Klömbrum. *Ritröð Guðfræðistofnunar* 28, bls. 37–57.
- Hjálmar Jónsson frá Bólu. 1949. *Ljóðmæli*, fyrra bindi. Finnur Sigmundsson bjó til prentunar. Ísafoldarprentsmiðja H.F., Reykjavík.
- Hulda. 1926. *Við ystra haf*. Bókaverslun Þorst. M. Jónssonar, Akureyri.
- Ingi T. Lárusson. 1948. *Söngvasafn*. Arreboe Clausen, Reykjavík.
- Jens Sæmundsson og Magnús Gíslason. 1906. *Fjallarósir og morgunbjarmi*. Prentsmiðjan Gutenberg, Reykjavík.
- Jóhann Sigurjónsson. 1994. *Ljóðabók*. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Jóhann Gunnar Sigurðsson. 1943. *Kvæði og sögur*. Helgi Sæmundsson sá um útgáfuna. Bókaútgáfa Guðjóns Ó. Guðjónssonar, Reykjavík.
- Jón Árnason á Viðimýri. 1897. *Ljóð Jóns Árnasonar á Viðimýri*. Ólafur Bjarnason bjó til prentunar. B.M. Stephensen, Akureyri.
- Jón Helgason. 1935. Sjá Bjarni Thorarensen. 1935. *Ljóðmæli*, síðara bindi, Jón Helgason bjó til prentunar. Hið íslenska fræðafélag, Kaupmannahöfn.
- Jón Magnússon. 1945. *Bláskógar I*. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Jón Ólafsson. 1877. *Söngvar og kvæði*, Eskifirði.
- Jón Ólafsson. 1897. Brjef frá Jóni Ólafssyni til ritstjóra Bjarka. *Bjarki* 2,10, bls. 37–38.
- Jón Ólafsson. 1899. Jónas Hallgrímsson. *Nýja öldin*. 3.3.–4, bls. 181–200.
- Jónas Hallgrímsson. 1943. Ásta. *Fjölnir* 6, bls. 15.
- Jón Thoroddsen. 1919. *Kvæði*. Sigurður Kristjánsson, Kaupmannahöfn.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I*. bindi. Ritstjórar: Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Jónas Hallgrímsson. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar IV*. bindi. Ritstjórar: Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson, Haukur Hannesson. Svart á hvítu, Reykjavík.
- Kristján frá Djúpalek. 2007. *Fylgdarmaður húmsins. Heildarkvæðasafn Kristjáns frá Djúpalek*. Ritstjórar: Ragnar Ingi Aðalsteinsson og Þórður Helgason. Bókaútgáfan Hólar, Reykjavík.
- Kristján Jónsson. 1986. *Ljóðmæli*. Matthías Viðar Sæmundsson sá um útgáfuna. Almenna bókafélagið, Reykjavík.
- Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlagt, København og Stockholm.
- María Bjarnadóttir. 1964. *Haustlitir*. Höfundur, Reykjavík.

- Matthías Jochumsson. 1956. *Ljóðmæli*. Fyrri hluti. Árni Kristjánsson sá um útgáfuna. Ísafoldarprentsmiðja, Reykjavík.
- Sig. Júl. Jóhannesson. 1910. *Kvistir*. Jóh. Jóhannesson, Reykjavík.
- Sigurður Sveinbjörnsson. 1961. *Á svölu hausti*. Prentverk Odds Björnssonar, Akureyri.
- Snorri Hjartarson. 1981. *Kvæði 1940–1966*. Mál og menning, Reykjavík.
- Steingrímur Thorsteinsson. 1958. *Ljóðmæli*. Heildarútgáfa frumsaminn ljóða. Leiftur, Reykjavík.
- Stephan G. Stephansson. *Andvökur II*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Thomas Moore. 1897. *The Poetical Works of Thomas Moore*. Edited by Charles Kent, Glasgow og New York.
- Valdimar Briem. 1896. *Bibliuljóð I*. Sigurður Kristjánsson, Reykjavík.
- Valtýr Guðmundsson. 1986. *Vegamót*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Valtýr Guðmundsson. 1991. *Vökulok*. Bókaforlag Odds Björnssonar, Akureyri.
- Þorkell Jóhannesson. 1958. Sjá Stephan G. Stephansson. 1958. *Andvökur IV*. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Bókaútgáfa Menningarsjóðs, Reykjavík.
- Þorsteinn Gíslason. 1920. *Ljóðmæli eftir Þorsteins Gíslason*. Þorsteinn Gíslason, Reykjavík.
- Þórunn Erlu Valdimarsdóttir. 2006. *Upp á sigurbæðir*. Saga Matthíasar Jochumssonar. JPV útgáfa, Reykjavík.

Bjarni Bernharður

LJÓÐ
III

Skákborð lífsins

Um dagana
hef ég setið
að lífsins tafl.

Á tjaldi hugans
bregður fyrir
myndum
af tapskákum
fortíðar

sem gleymast ei
og eru mér víl.

Í hugarfórum
finnast líka
sætir sigrar

mér til vegsauka.

Að stilla upp borði
og tefla til þrautar
er hinn rétti andi

– lífið er áskorun!

Sveinn Yngvi Egilsson

Land, þjóð og tunga


í ljóðum þjóðskálda Íslands og Slóveníu

Inngangur

Mörg upprennandi þjóðríki í Evrópu eignuðust sín svokölluðu þjóðskáld á 18. og 19. öld, allt frá Íslandi í vestri til Ungverjalandis í austri. Þegar þessi skáld eru borin saman er erfitt að verjast þeirri hugsun að þau séu að nokkru leyti steypt í sama mót. Að sjálfsögðu hefur hvert þeirra sín sérkenni, en samanburður leiðir í ljós að þjóðskáldin gegna oft svipuðu hlutverki í myndun þjóðríkisins (Nemoianu 2002; Neubauer 2010). Ég tók á árunum 2009–2011 þátt í samanburðarrannsókn á Jónasi Hallgrímssyni og samtímamanni hans, slóvenska skáldinu France Prešeren (1800–1849). Við Jón Karl Helgason störfuðum að þessu verkefni ásamt tveimur slóenskum fræðimönnum, þeim Marijan Dović og Marko Juvan. Jón Karl kannaði einkum framhaldslíf þjóðskáldanna og



France Prešeren



Jónas Hallgrímsson

það hlutverk sem þau fengu eftir dauðann sem eins konar dýrlingar þjóðríkisins (Jón Karl Helgason 2011 og 2013). Marijan fjallaði um skáldin á fremur hliðstæðan hátt (Dović 2011), en Marko beindi sjónum að stöðu þessara skálda í bókmenntakerfinu og menningunni (Juvan 2012). Minn þáttur í rannsókninni sneri aftur á móti meira að höfundarverki og ævi þessara skálda, hvað væri líkt með þeim og hvað ólíkt.

Það er auðvelt að benda á líkindin, bæði í ævi og höfundarverki, en einnig í sögulegum skilyrðum og menningarástandi. Jónas og Prešeren komu báðir frá litlu málsvæði sem var undir stjórn herrabjóðar. Þeir voru þannig séð á jaðrinum og sóttu menntun sína og fyrirmyndir í miðjuna, Jónas til Kaupmannahafnar en Prešeren til Vínarborgar. Þeir tóku það báðir að sér að upphefja land sitt, þjóð og tungu í skáldskapnum og það er þessi upphafning sem hefur verið sérstakt áhugamál mitt. Ég fjallaði um hana í grein sem birtist á ensku í slóvenska tímaritinu *Primerjalna književnost* (Sveinn Yngvi Egilsson 2011) og mig langar til að fylgja henni eftir með frekari vangaveltum um leiðir þessara skálda til að hefja land sitt, þjóð og tungu til vegs og virðingar. Líta má á slíka upphafningu sem hluta af þeirri „ræktun menningar“ sem Joep Leerssen (2008) hefur skilgreint sem órjúfanlegan þátt í þjóðernisstefnunni víða um lönd og orðið hefur útbreidd fræðikenning í rannsóknum á því sviði.

Þjóðskáld og menningarstefna

Þegar hugað er að því hvaðan menn á 19. öld fá slíkar hugmyndir um hlutverk þjóðskálda og mikilvægi þjóðarbókmennta berast böndin fljótt að Þýskalandi, upprunalandi þjóðernislegrar rómantikur. Leið þessara hugmynda til Jónasar liggur um Danmörku en um Austurríki í tilviki Prešerens. Í slóvenskum fræðum eru flestir á einu máli um að Prešeren hafi ort samkvæmt ákveðinni menningarstefnu sem ættuð virðist frá Þjóðverjanum Friedrich Schlegel (1772–1829), einkum umfjöllun hans í „Gespräch über die Poesie“ (Schlegel 1800). Sá sem miðlaði henni til Prešerens og mótaði hana með hliðsjón af slóvenskri menningu var hinn lærði vinur hans, Matija Čop (1797–1835).

Menningarstefnuna má draga saman á eftirfarandi hátt:

1. Skáldskapur er grundvöllur menningarþjóðar, og af því leiðir að vilji þjóð vera menningarleg verður hún að leggja rækt við skáldskapinn; þetta verður þjóðin að gera á sinni eigin tungu, því að tungan er það sem helst skilur hana frá öðrum þjóðum.

2. Listin er á heildina litið alþjóðleg, þó að hún sé sett saman úr mörgum þjóðlegum þáttum, og list einnar þjóðar getur og á að hafa áhrif á list annarra þjóða.
3. Ítölsk listform bera af öllum þeim formum sem listin hefur tekið á sig í tímans rás, og því geta ítölsk form orðið fyrirmynd að list þeirra þjóða sem hafa ekki náð eins langt á listabrotinni og Ítalirnir.

(Cooper 1981:43; sjá einnig Dović 2010:100 og Juvan 2004.)

Prešeren orti fjölmargar sonnettur á þjóðtungu sinni og sýndi þannig fram á að á slóvensku mætti yrkja formfögur kvæði sem stæðu ítölsku fyrirmyndunum ekki að baki. Í sonnettunum upphóf hann sögu þjóðar sinnar og ást sína til ungrar konu, rétt eins og ítölsku skáldin Dante og Petrarca höfðu gert. Með þessu móti stuðlaði Prešeren að þjóðlegum bókmenntum á móðurmálinu og framfylgdi þeirri menningarstefnu sem hér var lýst. Eitt frægasta verk hans er svokallaður SONNETTUSVEIGUR (*Sonetni veneč*) sem birtist árið 1834. Sonnettarnar, 15 að tölu, eru samofnar og ortar samkvæmt ströngum bragfræðiviðmiðum og ákveðinni fagurfræði að hætti ítalska skólans (Prešeren 2001:80–109). Með þessum og öðrum kvæðum sínum mótaði Prešeren ákveðið tungutak og bókmenntasmekk sem reyndist mjög áhrifaríkt. Jónas er oft talinn einstakur nýsköpunarmaður íslenskrar tungu (Guðrún Kvaran 2011) en það á ekki síður við um samband Prešerens við slóvenskuna sem var lítt þróað bókmenntamál fyrir hans daga. Honum er eignaður heiðurinn af því að hafa gert hana að nútímalegu skáldskaparmáli. Það er því ýmislegt sem fylgir með í kaupunum þegar menn flytja sonnettuhefðina inn í landið af slíkri list og þá ekki aðeins bragform heldur einnig málsnið, stílbrögð og almennt viðhorf til tungumálsins. Auk þess er gengið út frá því að listræn framsetning á móðurmálinu bjóði upp á svo mikla samþjöppun merkingar að stakt kvæði geti falið í sér drauma og þrjár heillar þjóðar. Eins og ráða má af þessu voru væntingarnar til þjóðskáldanna slíkar að þau þurftu einna helst að vera spámannlega vaxin og hreinir snillingar ef vel átti að vera, enda var hlutverk þeirra oft byggt á þeirri rómantísku hugmynd að í heiminum væru til menn sem hefðu sérstaka náðargáfu og væru sannkölluð séni.

Kenningar þýskra hugsuða, eins og Friedrichs Schlegel, um snilldarleg þjóðskáld og um mikilvægi þjóðarbókmennta höfðu líka áhrif í Danmörku og á Íslandi. Einhverja helstu framsetningu slíkra hugmynda í skrifum Íslendinga er að finna í riti Gríms Thomsens *Om den nyfranske Poesi*

(1843). Þar skilgreinir Grímur skáldsnillinginn (*poetisk Geni*) og samband hans við þjóðarbókmenntir (*Nationallitteratur* eða *Nationalpoesi*). Hann notar líka hugtakið *Nationalgeni* eða þjóðskáld í þessu samhengi og tekur Shakespeare, Dante, Goethe, Schiller og Oehlenschläger sem dæmi um slík skáld (Grímur Thomsen 1843:5; sbr. Hallfredur Örn Eiríksson 1994:330 og 1998:200–211; Kristján Jóhann Jónsson 2004:94–95 og 2012:183). Shakespeare er að mörgu leyti fyrirmynd 18. og 19. aldar manna um hinn þjóðlega skáldsnilling eins og Jonathan Bate hefur rakið í bók sinni *The Genius of Shakespeare* (1997:157–216). Hlutverk þjóðskáldsins er að vekja anda þjóðarinnar, enda er það gætt sérstakri andagift (*geni/genius* = andi). Grímur lýsir sambandinu á þennan hátt:

Geniet (det poetiske naturligvis i dette Tilfælde), hvem det af Forsynet er beskaaret, at samle Folkelivets adspredte Straaler i sin Aand, som i et Brændeglas og dermed opflamme Nationerne og antænde deres Hjerter, skaber denne Nationalpoesi, der er Moderen til den poetiske Sands; thi da kommer Folket til Bevidsthed om de aandelige Skatte, som have skult sig og slumret ufrugtbare i dets egen Fortids og Nutids Skjød, og lærer da først at vurdere dem, naar den seer dem iklædte Digtingens Herlighed.

(Grímur Thomsen 1843:4–5.)

Forsjónin hefur samkvæmt þessu valið skáldsnillinginn til að safna hinum dreifðu geislum þjóðlífsins í sál sína eins og í brennigleri sem kveikir svo í þjóðinni. Það er snillingurinn sem býr til þennan þjóðarskáldskap, sem fæðir af sér bókmenntasmekkin; því þá verður þjóðin sér meðvituð um þau andlegu auðæfi sem hafa legið í dvala og lærir þá fyrst að meta þau, þegar hún sér þau iklædd dýrð skáldskaparins. Þannig skilgreinir Grímur þátt þjóðskáldsins eða skáldsnillingsins í þjóðarbókmenntunum og tilvitnunin sýnir hve útbreiddar slíkar hugmyndir voru á fyrri hluta 19. aldar. Þær einfaldlega lágu í loftinu, hvort heldur var í Kaupmannahöfn eða Vínarborg, á Íslandi eða í Slóveníu.

Jónas Hallgrímsson er reyndar ekki tekinn með í upptalningu Gríms, en hann var þó álitinn skáldsnillingur af ýmsum samtímamönnum sínum og þar á meðal sjálfum biskupinum yfir Íslandi, Steingrími Jónssyni, sem lýsti því yfir árið 1839 að Jónas væri „et poetisk geni“ (Jónas Hallgrímsson 1989:IV, 34). Jónas setti sig í stellingar þjóðskálds og kallaði fyrirrennara sinn, Bjarna Thorarensen, því nafni í erfiljóði árið 1841 („þjóðskáldið góða“, Jónas Hallgrímsson 1989:I, 135). Hann mælti fyrir munn þjóðarinnar í kvæðunum KVEDJA OG ÞÖKK ÍSLENDINGA TIL

ALBERTS THORVALDSENS OG TIL HERRA PÁLS GAIMARD og ávarpaði landið og þjóðina að þjóðskálda sið í kvæðum á borð við ÍSLAND! FARSÆLDAFRÓN. Margt í ljóðum Jónasar minnir á menningarstefnu af því tagi sem áður er lýst. Hann orti sonnettur, tersínur og oktömur, þó að tilraunir hans til þess að hefja íslenskan skáldskap í hæðir ítalskra endurreisnarverka séu mun minni í sniðum en hjá Prešeren. Sonnettur Prešerens voru 46 talsins en sonnettur Jónasar aðeins þrjár. Það er þó kannski ekki fjöldinn sem ræður úrslitum. Stundum þarf ekki nema eina sonnettu til að skilgreina hið þjóðlega og greiða klassískum viðmiðum leið inn í þjóðarbókmenntirnar. Sonnettan ÉG BIÐ AÐ HEILSA segir allt sem segja þarf, enda fellur þar í eina heild form, mál og náttúra. Þau eru ófá kvæðin sem ort hafa verið með hliðsjón af þessari sonnettu Jónasar og hún hefur því reynst áhrifarík í íslenskrum bókmenntasögu (Sveinn Yngvi Egilsson 1999:354–359).

En Jónas sótti í raun ekki síður í fyrirmyndir norrænnar klassíkur en ítalskrar, enda má segja að íslenskar miðaldabókmenntir hafi þá verið komnar á þann stall erlendis að þær þóttu merkilegar í heimsmenningunni. Þegar Jónas yrkir í anda eddukvæða, sem hann gerði oft (Sveinn Yngvi Egilsson 1999:52–70 og 315–328), beitir hann sömu aðferðum og Prešeren, þó að fagurfræðilegu viðmiðin séu ekki ítölsk endurreisnarverk heldur norræn ljóðagerð miðalda. Þegar Jónas yrkir undir fornryðislagi eða ljóðahætti sýnir hann að íslenska samtímans á tilkall til þess að teljast mál meðal mála og stenst samanburð við það sem miðaldamenn ortu á máli síns tíma. Að því leyti hafa edduhættir svipaða stöðu og ítalskir endurreisnarhættir – þeir eru fagurfræðilegt og sögulegt viðmið eða mælikvarði fyrir nútímaskáldskap og tungutak. Hið sama má segja um fornklassísk bragform eins og elegískan hátt, sem Jónas notaði í kvæði sínu ÍSLAND! FARSÆLDAFRÓN. Kvæðið birtist í *Fjölmi* 1835 og þar dró skáldið í fyrsta sinn upp þá glæsimynd af íslenskrum fornöld sem áberandi varð í sjálfstæðisbaráttunni og beitti þessum sögufræga hætti til að lyfta mynd landsins. En kvæðinu var þó ekki alltaf tekið þannig heima á Íslandi, að minnsta kosti ekki í *Sunnanpóstinum* 1836, þar sem það var kallað „Grafskrift yfir Jsland“ (Sveinn Yngvi Egilsson 1999:38). Ástæðan var eflaust sú að hefð var fyrir því að nota elegískan hátt í harmljóðum og því mátti skilja kvæðið svo að Jónas væri þar að trega það sem væri að eilífu horfið, þó að líklega hafi hann frekar ætlað að hvetja þjóðina til dáða með því að halda mynd fortíðarinnar að henni. Viðbrögð *Sunnanpóstsins* sýna hve gildishlaðin og pólitísk bragformin sjálf geta orðið í sögulegu samhengi sínu. En notkun Jónasar á elegískum

hætti er þó greinilega byggð á fyrirmynd Adams Oehlenschläger, sem ort hafði um fornaldarfrægd Íslands undir sama hætti árið 1805 og aftur í endurskoðaðri gerð 1823 (Sveinn Yngvi Egilsson 1999:342–346). Fordæmi danska þjóðskáldsins var líklega það sem sýndi Jónasi fyrst fram á hvernig nota mætti sögufræga bragarhætti í upphafningu Íslands. Fulltrúi herrapjóðarinnar lagði því verðandi þjóðskáldi Íslendinga í hendur þá glæstu fortíðarmynd og það sérstaka bókmenntaform sem sló tóninn í sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar. Það kemur þeim ekki á óvart sem gera sér ljóst að þjóðernisstefna er ekki heimatilbúin heldur alþjóðlegt fyrirbæri.

Upphafning hins þjóðlega er þó ekki aðeins formleg í þrengsta skilningi heldur tekur hún einnig til annarra þátta bókmenntasköpunar. Eitt merkasta framlag þjóðskálda 19. aldar var sú tegund kvæða sem kalla má þjóðleg söguljóð eða hetjukviður (e. *national epic* eða *epic verse narrative*; Neubauer 2010:12–13). Þar er ekki um tiltekinn bragarhátt að ræða heldur heila bókmenntagrein. Prešeren orti slíkt söguljóð um eina helstu hetju miðalda í Slóveníu, Črtomir að nafni. Ljóðið kallast SKÍRNIN í SAVICA (*Krst pri Savici*) og birtist 1836 (Prešeren 2001:112–145). Þar er greint frá atburði sem var mikilvægur í þjóðarsögunni að mati skáldsins og mátti hafa til marks um ættjarðarást og þjóðerniskennd Slóvena. Jónas gerði einnig áhrifaríka atrennu að þjóðlegu söguljóði eða hetjukviðu með kvæðinu GUNNARSHÓLMA (birtist í *Fjölni* 1838). Þar er valinn atburður sem hefur sögulegt vægi og er lýsandi dæmi um ættjarðarást, eins og Jónas túlkar frásögn Njálu af því er Gunnar Hámundarson snýr aftur. Kvæði Prešerens og Jónasar eiga það sameiginlegt að fela í sér fórn. Gunnar fórnar lífinu fyrir ættjörðina í túlkun Jónasar og hetja Prešerens fórnar ást sinni og hamingju fyrir málstað Slóveníu. Í kvæðunum birtist því godsögn um tengsl hins þjóðholla einstaklings við landið. Um leið beitir Jónas ítölskum endurreisnarháttum, tersínu og októvu, þannig að GUNNARSHÓLMI er sígilt dæmi um þá alhliða upphafningu sem þjóðskáld 19. aldar stefndu að í verkum sínum.

Upphafning heimalandsins

Þó að greina megi slíkar hliðstæður í skáldskap þessara tveggja þjóðskálda eru þau um margt ólík. Mesti munurinn er sá að Jónas er í grundvallaratriðum það sem kalla má náttúruskáld (Sveinn Yngvi Egilsson 2007 og 2009), en mun minna ber á náttúrunni í kvæðaheimi Prešerens. Hún er frekar í bakgrunni hjá honum, eins og sviðsmynd. Jónas gerir

náttúruna aftur á móti að sérstöku yrkisefni í kvæðum sínum, að því ógleymdu að hún var helsta viðfangsefni hans sem vísindamanns. Í fljótu bragði virðist þetta gera allan samanburð á verkum þeirra ómarktækan hvað yrkisefni varðar, svona eins og þegar borin eru saman epli og appelsínur. Það var að minnsta kosti mín fyrsta hugsun þegar ég lagðist í samanburð á verkum skáldanna tveggja. En þegar betur er að gáð er þetta frekar spurning um ólíkar leiðir sem þeir fara að sama markinu, sem er að upphefja hið þjóðlega. Prešeren vinnur meira í flóknum bragformum en upphafningin hjá Jónasi er aftur á móti skynrænni og beinist frekar að lýsingu landsins. Ef við höfum í huga fleyg orð Snorra Hjartarsonar, „Land þjóð og tunga, þrenning sönn og ein“ (1952:16), má segja að þjóðernisleg upphafning Jónasar og Prešerens sé þríþætt, en að þeir leggi mismikla áherslu á hvern þátt. Báðir upphefja land, þjóð og tungu, en áhersla Prešerens er þó síst á landið, en aftur á móti ber mikið á landinu eða fósturjörðinni í kvæðum Jónasar.

Þeir sem fjallað hafa um þjóðmyndun og þjóðernisstefnu á 18. og 19. öld hafa bent á að þá fari skáld og rithöfundar að hverfa frá klassískum fyrirmyndum sem ættaðar voru frá Rómverjum og Grikkjum. Kvæði margra evrópskra skálda fyrri alda lýstu goðfræðilegu landslagi Suðurlanda, landslagi sem þessi skáld þekktu úr forngrískum og rómverskum bókmenntum. Á 18. og 19. öld fóru skáldin að lýsa heimahögum sínum sem verðugu yrkisefni í fögrum kveðskap. Í þessu felst upphafning heimalandsins eða fósturjarðarinnar á listrænum forsendum. Heimahéröðin eru þá ekki aðeins metin á hagnýtum eða hagrænum forsendum, þ.e. í ljósi grasnytja, framleiðni eða annars slíks, heldur eru sveitirnar sýndar sem listrænt landslag. Þarna er horfið frá stöðluðum klassisisma til áherslunnar á fósturjörðina sem fagra í sjálfu sér (Andrews 1989:11–23).

Þegar Jónas lýsir íslenskri náttúru sýnir hann hana sem listrænt landslag. Hann velur ákveðna staði í ólíkum héröðum, sýnir þá undir ákveðnu sjónarhorni, rammur þá inn eins og listmálari, sýnir fjarvið þeirra, ljós, liti, hvernig landið liggur, sjónræna fjölbreytni þess og þar fram eftir götunum. Jónas gerir þetta ekki bara einhvern veginn. Í lýsingum sínum á landinu kýs hann staði sem hann telur merkilega í þjóðarsögunni. Þingvellir koma hvað eftir annað fyrir í kvæðum hans. Þeir eru sýndir í kvæðinu ÍSLAND! FARSÆLDAFRÓN, aftur í kvæðinu TIL HERRA PÁLS GAIMARD, enn og aftur í kvæðinu FJALLIÐ SKJALDBREIÐUR, auk þess sem minnt er á mynd þeirra í ýmsum öðrum kvæðum Jónasar. Sögusviði Njálu á Suðurlandi er lýst í GUNNARSHÓLMA og þar málar Jónas stór-

kostlegt landslagsmálverk. Þetta er breiðmynd (*panorama*) af heilli sveit, þar sem fjöllin og undirlendið eru sýnd frá ákveðnum sjónarhóli með áherslu á lögun landsins, liti, áferð, sjónræna fjölbreytni, fjarvidd og aðra myndræna þætti. Á bak við slíkar lýsingar 19. aldar skálda býr einkum tvennt. Annars vegar eru hin sterku tengsl við myndlistarhefðina, ekki síst við fagurfræði hins myndræna eða *picturesque* (Andrews 1989). Fagurfræði hins myndræna birtist í því að náttúran er sýnd sem listrænt landslag með áherslu á þá sjónrænu þætti sem hér voru taldir. Í raun er þetta tilraun til þess að skilgreina náttúruna á hennar eigin forsendum, þó að framsetningin sé listræn. Jónas er að því leyti arftaki evrópskra myndlistarmanna síðari alda sem gera náttúruna að listrænu viðfangsefni og lýsa henni sem myndrænu landslagi. Hitt atriðið sem skiptir máli í þessu samhengi er hin sögulega vidd. Þingvellir eru sögulega mikilvægur staður og það er Gunnarshólmi líka, því eins og Jónas túlkar þennan græna reit sem eftir stendur í auðninni er hann helgur vegna þess að þar sneri Gunnar aftur. Slíka staði má túlka sem minningarreiti (*lieu de mémoire*) – sem þætti í sameiginlegu minni þjóðarinnar – eins og Guðmundur Hálfðanarson hefur gert (2001:173–189). Þá má líka tengja við sigildar hugmyndir um staðaranda eða *genius loci*: „lágum hlífir hulinn verndarkraftur / hólmanum, þar sem Gunnar sneri aftur“ (Jónas Hallgrímsson 1989:I, 79). Þetta er hinn óbrotgjarni minnisvarði um sanna ættjarðarást í túlkun Jónasar. Landið geymir minninguna um hetjudáðina og hina þjóðernislegu fórn, enda er grasið þar alltaf grænt eins og á eilífum Ódáinsvöllum. Þannig er heimalandinu lyft í kvæðum Jónasar og það sýnt í listrænu og sögulegu ljósi.

Lokaorð

Jónas Hallgrímsson upphefur íslenska náttúru sem listrænt landslag eins og gert er í fagurfræði hins myndræna (*picturesque*). Í samanburði við skáld eins og France Prešeren er Jónas sjónrænni og skynrænni, hann *segir* ekki aðeins heldur *sýnir*. Jónas og Prešeren eiga það sameiginlegt að yrkja formfögur kvæði á þjóðtungunni, kvæði sem eru ort undir áhrifum frá þýskri fagurfræði sem hefur ítalskan kveðskap upp í hæstu hæðir. Í því liggur upphafning móðurmálsins og sönnun þess að á því megi yrkja kvæði sem standast samanburð við það sem glæsilegast hefur verið ort í bókmenntasögunni og þar sem þjóðarbókmenntir hafa risið hæst. Helsta framlag Prešerens er á sviði formfagurra kvæða sem um leið skilgreina þjóðernislegan málstað Slóvena á móðurmálinu. Jónas yrkir sonnettur

á sínu móðurmáli og notar auk þess endurreisnarform eins og októvu og tersínu, en edduhættir miðalda verða honum líka formleg fyrirmynd og eru þáttur í upphafningu nútímamálsins. Lokamarkið var hið sama hjá þessum og ýmsum öðrum þjóðskáldum, að upphafa þið þjóðlega og koma menningu heimalandsins á kortið í alþjóðlegum samanburði. Jónas og Prešeren fara ekki alltaf sömu leið að þessu marki og eru í sjálfu sér ólík skáld að mörgu leyti, en þeir stefna báðir að upphafningu lands, þjóðar og tungu. Þessi upphafning var að nokkru leyti formleg og fólst ekki aðeins í formeigindum tungumálsins, bragarháttum og öðru slíku, heldur einnig í formlegri lýsingu landsins samkvæmt viðurkenndum mælikvörðum í fagurfræði. Þessum tveimur skáldum tókst ætlunarverk sitt með slíkum ágætum að þeir voru sjálfir upphafnir eftir dauða sinn og öðluðust ædstu viðurkenningu þjóðríkisins. Þeir urðu þjóðskáld og eru enn í hávegum hafðir þó að liðið sé vel á aðra öld frá því að þeir kvöddu þennan heim.

HEIMILDIR

- Andrews, Malcolm. 1989. *The Search for the Picturesque. Landscape Aesthetics and Tourism in Britain, 1760–1800*. Aldershot: Scolar Press.
- Bate, Jonathan. 1997. *The Genius of Shakespeare*. Lundúnum: Picador.
- Cooper, Henry Ronald, Jr. 1981. *France Prešeren*. Boston: Twayne Publishers.
- Dović, Marijan. 2010. „France Prešeren: A Conquest of the Slovene Parnassus.“ *History of the Literary Cultures of East-Central Europe. Junctures and disjunctures in the 19th and 20th centuries*. 4. bindi: *Types and stereotypes*. Ritstj. Marcel Cornis-Pope og John Neubauer. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company. (Comparative History of Literatures in European Languages XXV.), bls. 97–109.
- Dović, Marijan. 2011. „The Canonization of Cultural Saints: France Prešeren and Jónas Hallgrímsson.“ *Slovene Studies* 33.2, bls. 153–170.
- Grimur Thomsen. 1843. *Om den nyfranske Poesi. Et Forsøg til Besvarelse af Universitetets æsthetiske Priissspørgsmaal for 1841: „Har Smag og Sands for Poesi gjort Frem- eller Tilbageskridt i Frankrig i de sidste Tider og hvilken er Aarsagen.“* Kaupmannahöfn.
- Guðmundur Hálfðanarson. 2001. *Íslenska þjóðríkið, uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Guðrún Kvaran. 2011. „Vatnareyðar sporðablik, mállíðar mæður og spegilskyggnð hrafntinnuþök. Um orðasmíð í ljóðum Jónasar Hallgrímssonar.“ *Skírnir*, 185. ár, hausthefti, bls. 318–342.

- Hallfreður Örn Eiríksson. 1994. „Hugmyndir íslenskra höfunda á 19. öld um þjóðarþókmenntir. Nokkrir þættir.“ *Sagnaþing helgað Jónasi Kristjánssyni sjötugum 10. apríl 1994*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 327–354.
- Hallfreður Örn Eiríksson. 1998. „Skáldin þrjú og þjóðin.“ *Gripla X*, bls. 197–263.
- Jón Karl Helgason. 2011. „Relics and Rituals: The Canonization of Cultural “Saints” from a Social Perspective.“ *Primerjalna književnost (Ljubljana)*, 34.1, bls. 165–189.
- Jón Karl Helgason. 2013. *Ódainsakur. Helgifesta þjóðardýrlinga*. Reykjavík: Sögufélag.
- Jónas Hallgrímsson. 1989. *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar I–IV*. Ritstj. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson. Reykjavík: Svart á hvítu.
- Juvan, Marko. 2004. „Self-Referentiality and the Formation of the Slovene Literary Canon.“ *Neohelicon* 31.1, bls. 113–123.
- Juvan, Marko. 2012. „Romanticism and National Poets on the Margins of Europe: Prešeren and Hallgrímsson.“ *Literary Dislocations*. Ritstj. Sonja Stojmenska-Elzeser og Vladimir Martinovski. Skopje: Institute of Macedonian Literature, bls. 592–600.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2004. *Kall tímans. Um rannsóknir Gríms Thomsen á frönskum og enskum bókmenntum*. Studia Islandica 58. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Háskólaútgáfan.
- Kristján Jóhann Jónsson. 2012. *Heimsborgari og þjóðskáld. Um þversagnakennt blutverk Gríms Thomsen í íslenskri menningu*. Doktorsritgerð. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Leerssen, Joep. 2008. „Þjóðernisstefna og ræktun menningar.“ *Ritið* 1/2008: 189–214. Þýðing Maríu Bjarkadóttur á greininni „Nationalism and the cultivation of culture“ sem birtist í tímaritinu *Nations and Nationalism* 12,4/2006, bls. 559–578.
- Nemoianu, Virgil. 2002. „“National Poets” in the Romantic Age: Emergence and Importance.“ *Romantic Poetry*. Ritstj. Angela Esterhammer. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company, bls. 249–255.
- Neubauer, John. 2010. „Figures of National Poets. Introduction.“ *History of the Literary Cultures of East-Central Europe. Junctures and disjunctures in the 19th and 20th centuries*. 4. bindi: *Types and stereotypes*. Ritstj. Marcel Cornis-Pope og John Neubauer. Amsterdam/Philadelphia: John Benjamins Publishing Company. (Comparative History of Literatures in European Languages XXV.), bls. 11–18.
- Prešeren, France. 2001. *Poems*. France Pibernik og Franc Drolc völdu og ritstýrðu. Klagenfurt/Ljubljana/Vinarborg: Hermagoras-Verlag.

- Schlegel, Friedrich. 1800. „Gespräch über die Poesie.“ *Athenaeum. Eine Zeitschrift von August Wilhelm Schlegel und Friedrich Schlegel*. Berlin. 3. bindi, bls. 58–128 og 169–187.
- Snorri Hjartarson. 1952. *Á Gnitabeiði*. Reykjavík: Heimskringla.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 1999. *Arfur og umbylting. Rannsókn á íslenskri rómantik*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag og ReykjavíkurAkademían.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2007. „Um hvað tölum við þegar við tölum um náttúruna? Fjallið Skjaldbreiður eftir Jónas Hallgrímsson.“ *Skírnir*, 181. ár, hausthefti, bls. 341–359.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2009. „Umhverfi orðanna. Náttúrulýsingar og málnotkun í kvæðum Jónasar Hallgrímssonar.“ *Greppaminni. Rit til beiðurs Vésteini Ólafsyni sjötugum*. Ritstj. Árni Sigurjónsson, Guðrún Ása Grímsdóttir, Guðrún Nordal, Guðvarður Már Gunnlaugsson og Margrét Eggertsdóttir. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, bls. 393–408.
- Sveinn Yngvi Egilsson. 2011. „Nation and Elevation. Some Points of Comparison between the “National Poets” of Slovenia and Iceland.“ *Primerjalna književnost (Ljubljana)*, 34.1, bls. 127–145.

Bjarni Stefán Konráðsson

LJÓÐ
IV

Orð verða ljóð

Orðin þau á mig leita
óróleg, stór og smá.
Ég reyni þeim ró að veita
og raða sem best ég má.
Og orðin þau verða að óði
hvar una þau dável sér.
Og í þessu litla ljóði
liggja þau fyrir þér.

Guðmundur Sæmundsson og Sigurður Konráðsson

„Eins og feiminn skólastrákur í fjórða leikhluta“

Skáldskapareinkenni í íþróttamálvari

Þegar hlustað er á íþróttafréttir og íþróttalýsingar vekur strax athygli í hve miklum mæli íþróttafréttamenn gera sér far um að vanda mál sitt, skjóta inn skáldlegu orðafari eins og rími, stuðlasetningu og skáldlegum myndlíkingum. Þá vekja oft athygli þær miklu ýkjur sem þeir nota og hversu mikla áherslu þeir leggja á að vera fyndnir og hressir. Þetta á sennilega best við um munnlegan texta þeirra, til dæmis í beinum lýsingum knattspyrnuleikja, en við nánari skoðun sést að skriflegur texti þeirra stendur hinum munnlega afar nærri hvað þetta varðar.

Þetta vakti sérstaka athygli okkar sem þessa grein ritum og þegar við höfðum ákveðið að hrinda úr vör ítarlegri athugun á málvari fjölmiðla um íþróttir¹ þótti okkur full ástæða til að kanna sérstaklega þessi tengsl málsniðs þeirra við skáldskap. Því spyrjum við sérstaklega eftirfarandi spurningar: *Hvernig speglast stílbrögð og önnur skáldskapareinkenni í málvari fjölmiðla um íþróttir?* Með skáldskapareinkennum er hér átt við þrennt:

1. Rím og stuðlasetningu, auk tengdra orðaleikja
2. Stílbrögð eins og ýkjur
3. Myndmál og líkingar.

Að sjálfsögðu einskorðast þessi atriði ekki við skáldskap, heldur má finna þau í öllu máli.

1 Grein þessi er byggð á nýlegri rannsókn á málvari fjölmiðla um íþróttir (Guðmundur Sæmundsson og Sigurður Konráðsson. Væntanleg). Rannsóknaraðferðin var einkum orðræðu- og textagreining. Unnið var úr efni úr prentmiðlum og útvarpi (hljóðvarpi og sjónvarpi) frá árinu 2008, auk viðbótargagna frá árinu 2012 úr vefmiðlum. – Ritrýni Sónar eru þakkaðar mjög uppbyggjandi ábendingar og Ingibjörgu Jónsdóttur Kolka, MA í íslensku, þakkaður yfirlestur og ábendingar.

Í næstu þremur köflum gerum við örlitla grein fyrir skilgreiningu okkar á þessu þrennu, áður en við gerum nánari grein fyrir rannsókninni sjálfri og niðurstöðum hennar.

Stuðlasetning, rím og orðaleikir

Stuðlasetning og rím eru mjög algeng fyrirbæri í íslensku máli, ekki síst daglegu máli, og koma fyrir í ótal orðasamböndum og orðatiltækjum en það sýnir mætavel að þessi skáldskapareinkenni lifa góðu lífi í huga fólks (Kristján Árnason 2011), meðal annars í fjölmiðlum og talmáli. Í raun má líta svo á að stuðlasetning og rím séu í sjálfu sér endurtekningar með ákveðnu sniði en endurtekningar af ýmsu tagi eru alkunnugt og fornt stílbragð (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994:153–157). Ákveðið var að leita sérstaklega að stuðlasetningu og rími í íþróttatextunum.

Myndríkt íþróttamálfar

Úr ranni stílfræðinnar er margt að sækja þegar greina skal texta á borð við íþróttatexta enda fjallar stílfræðin nánast um alla málnotkun milli himins og jarðar en þó mest um móttöku textans, þ.e. áhrif hans á móttakandann og hvaða aðferðum er beitt til að þau verði sem sterkust. Þessar aðferðir eru nefndar *stílbrögð* og þau má að sjálfsögðu nota við greiningu hvers kyns texta, jafnvel talmálstexta (Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994:107–110 og 153–157). Þegar ákveðið var að leita einkenna á málsniði íþróttafjölmiðlunar þótti einsýnt að leita sérstaklega að stílbrögðum eins og myndmáli og ýkjum.

Myndmál eða líkingar (e. metaphors) eru mikið notaðar í allri textagerð og eru raunar mikilvægur þáttur málhæfni og máltilfinningar málnotenda. Þær falla undir annan flokk sem nefndur er *tropi* í latneskri mælskufræði en þar eru einnig stílbrögð eins og persónugerving, hlutgerving, hluti í stað heildar, allegoría, tákn og vísun. Án þeirra yrði allt mál afar flatt og tilbrigðalaust og gæti illa túlkað þanþol hugsunarinnar (Cudd 2007:53–55, Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994:151–152 og Lakoff og Johnson 2005:1–3). Varðandi myndmál íþróttanna er gagnlegt til að skilja félagslegt og menningarlegt eðli orðræðunnar að skilgreina hvaðan myndmálið er upprunnið, til dæmis úr hernaði, fornum hetjulýsingum, daglegu lífi, skemmtanaíðnaði eða jafnvel úr náttúrunni.

Ýkjur í íþróttamálvari

Hugtakið ýkt orðafar eða ýkjur (gr. hyperbole) eru gamalt stílfræðilegt hugtak. Stílbragð þetta felst í að notað er öfgaullt orðalag sem stenst ekki í bókstaflegri merkingu. Ýkjur koma víða fyrir í bókmenntum allra tíma, ýmist í háði eða til áhersluauka og eru einnig afar algengar í almennu dagfarsmáli. Andstætt stílbragð er úrdráttur (gr. litotes) en þá er gert minna úr einhverju en efni standa til (Jakob Benediktsson 1983; Þorleifur Hauksson og Þórir Óskarsson 1994:161–162). Ýkjur virðast oft skjóta upp kollinum í umfjöllun um íþróttir og eiga einnig stóran þátt í öðrum helstu einkennum málfarsins, þ.e. nýjungum í máli og í myndmáli íþróttamálfars, auk þess sem þær móta oft verulega þá myndni sem þar er svo algeng. Því er óhætt að segja að þær séu eitt aðaleinkenni þessa málfars og geri það að sérstöku málsniði, ef til vill öllum öðrum málsniðum ólíkt. Mismunurinn hvað þetta varðar á íþróttamálvari í fjölmiðlum og til dæmis því málsniði sem segja má að ríki í almennum fréttafutningi þeirra er augljós. Hann kemur heldur engan veginn á óvart því að ýkjur eiga síst heima í texta þar sem nauðsynlega þarf að vera hægt að treysta á hlutlægni og hlutleysi.

Náskyld ýkjum er kímigáfa eða myndni í orðanotkun og málfari. Léttleiki og glens hefur löngum þótt einkenna fréttafutning af íþróttum og eiga þar heima sem eins konar yfirregla eða erkieinkenni (Chovanec 2011:243–264). Ýmsir íþróttafréttamenn hafa slegið á þessa strengi, fréttamenn eins og Hermann Gunnarsson og Ómar Ragnarsson. Aðrir hafa síðan fetað í fótspor þeirra.

Leitað að einkennum íþróttamálfars

Eins og Ari Páll Kristinsson nefnir í doktorsritgerð sinni (2008:13) er engin heildstæð lýsing til á hlutlausri eða venjulegri málnotkun í íslensku. Því er í slíkum rannsóknum nútímans nauðsynlegt að leita sérkenna. Þessu er fylgt hér. Á árinu 2008 var miklu íþróttafni safnað úr íslenskum fjölmiðlum. Síðan var beitt kerfisbundinni dæmaleit að skáldskaparlegum þáttum í því. Hér er um að ræða skáldmál sem kemur fyrir í dæmunum, þ.e. stuðla, rím og orðaleiki hvers konar, myndmál og vísanir og loks ýkjur. Alls eru þessi atriði 781 eins og tafla 1 sýnir.

<i>Tegundir fjölmiðla og heildarfjöldi dæma</i>	<i>Stuðlar og rím, auk orðaleikja</i>	<i>Visanir í myndmáli</i>	<i>Ýkt orðafar</i>	<i>Heildarfjöldi dæma um einkenni</i>
Landshlutablöð 149 dæmi alls	19	16	95	130
Dagblöð 309 dæmi alls	32	73	200	305
Vefmiðlar 117 dæmi alls	9	20	74	103
Hljóðvarpsmiðlar 106 dæmi alls	18	22	89	129
Sjónvarpsmiðlar 100 dæmi alls	16	14	84	114
Alls 5 teg. fjölmiðla 781 dæmi alls	94	145	542	781

Tafla 1: Skáldmál og önnur stíleinkenni íþróttamálfars fjölmiðla

Tilviljun er að fjöldi dæma um einkenni er sama tala og fjöldi þeirra málfarsdæma sem kannaður var. Stundum komu fyrir í sama málfarsdæminu fleiri en eitt einkenni, stundum kom ekkert þessara einkenna fyrir. Að meðaltali kom nákvæmlega eitt þessara einkenna fyrir í hverju dæmi. Einn einkennaflokkurinn er ekki tekinn með í þessari samantekt þar sem hann er annars eðlis. Það eru nýjungar og frávik sem fundust 295 sinnum og hljóta þar með að teljast eitt af megineinkennunum. Um þau er fjallað annars staðar (Guðmundur Sæmundsson og Sigurður Konráðsson. Væntanleg).

Stuðlar og rím

Stuðlar, rím og orðaleikir koma fyrir 94 sinnum. Fyrst eru hér dæmi um stuðlasetninguna sem er algengust allra þessara þátta og sýnir mætavel að hún lifir góðu lífi í hugum fólks og sýnir einnig að íþróttafrettamenn vanda sig við textagerð sína. Yfirleitt er um að ræða tvö mikilvæg orð setningar sem stuðla saman, einstaka sinnum fleiri. Þegar stuðlarnir eru fleiri er nærtækt að álykta sem svo að um eins konar ýkjur sé að ræða. Stundum er einn stuðullinn í lágkveðu setningar en það er einnig leyfilegt í bundnum kveðskap. Mörg dæmanna eru föst orðasambönd eða samstæður með bundnum stuðlum þannig að dæmin sýna þá bæði notkun „fastra orðasambanda“ og stuðla.

Dæmi um stuðla:

- » það þarf kraftaverk til að komast áfram;
- » umdeildasta mark Íslandssögunnar
- » færðist heldur betur fjör í leikinn
- » úrslitarimman var æsispennandi
- » varð að láta sér lynda annað sætið
- » breiddin gerði gæfumuninn
- » veifandi út öllum öngum
- » sigraði mjög sannfærandi
- » þeir keyrðu yfir Keflvíkingana
- » skallaði boltann í bláhornið
- » bombaði boltanum í markið
- » hann er í fantaformi
- » eins og feiminn skólastrákur í fjórða leikhlutu
- » Dýrlingurinn gegn djöflinum
- » má muna fífil sinn fegri
- » sýna hvort þeir eru menn eða mýs
- » stórmeistarajafntefli á Stamford Bridge
- » við grátum glötuð tækifæri

Dæmi um fleiri eða samsettari stuðla en tvo eru:

- » liðið kallar ekki allt ömmu sína
- » stóra stundin – áfram Ísland
- » hafnfirsku liðin leiddu saman hesta sína í lokaleiknum
- » reynsluboltinn Ragnar H. Ragnarsson
- » sáu lítið til sólar lungann úr leiknum
- » Pedja Mijatovic (þjálfari liðsins) hefur hent hvíta handklæðinu (merkir hér: hefur gefist upp við allar tilraunir sínar) hvað varðar að stórstjórnur gangi til liðs við liðið
- » hringlandaháttur, hnoð og sofandaháttur gerðu það að verkum að tvær sóknir fóru forgörðum
- » spiluðu sundur og saman vörn Víkinga
- » leikinn og lunkinn leikmaður.

Loks eru hér dæmi um rím og orðaleiki, aðallega einhvers konar endurtekningar:

- » Ólafur okkar langgáfaðasti og langbesti leikmaður
- » Svenson er ógurleg ógn fyrir okkur
- » þeir skora sem þora
- » þvílíkt lið – þvílíkur mannskapur – þvílíkir strákar
- » þetta bjó hann til sjálfur og aleinn og óstuddur.

Vísanir í íþróttamyndmáli

Við snúum okkur nú að myndmáli og vísunum í íþróttamálfarinu eins og það kemur fram í samtals 145 af dæmum okkar.

1. Bókmenntir og trú

Flokkurinn er með 15 dæmi. Úr bókmenntunum eru dæmi sótt frá forn- bókmenntum og seinni tíma bókmenntum, þar á meðal dægurlaga- textum:

- » og þar við liggur heiður okkar og sæmd (eins og í Íslendingasögnum)
- » orðstír hennar fer mjög vaxandi erlendis (einnig algengt hugtak í fornum sögum en ekki notað alveg rétt hér, orðstír getur ekki vaxið, hann er eða er ekki)
- » Hamarsmenn berjast við falldrauginn (eins og Grettir við drauginn Glám)
- » Thomas Gravesen má muna fífil sinn fegri (gamall málsháttur)
- » nú verða þeir að sýna hvort þeir eru menn eða mýs (sbr. skáldsögu Johns Steinbecks *Mýs og menn*)
- » liðið var með aðra hönd á stýri (eins og í texta Lofts Guðmundssonar, *Bjössu á mjólkurbílnum* í flutningi meðal annars Hauks Morthens)
- » Tiger Woods sem var full á móti (eins og í texta Bjartmars Guðlaugssonar, *Sumarliði er fullur*).

Úr trúnni koma síðan meðal annars vísanir í Jesúm og lærisveinana og fleiri vísanir:

- » Steve Bruce og lærisveinar hans í Liverpool
- » Patrekur Jóhannesson og lærisveinar hans í austurríska landsliðinu
- » Dívurnar (merkir gyðja á ítölsku) sem slógu í gegn
- » danska goðsögnin Michael Laudrup.

2. Myndmál úr öðrum íþróttum

kemur fyrir í 17 dæmum. Hér eru nokkur þeirra:

- » Hafnfírsku liðin leiddu saman hesta sína í lokaleiknum (í handbolta, ekki keppt á hestum)
- » Guðmundur lagði Danann glæsilega (í borðtennis, þar eru menn ekki lagðir flatir eins og í glímu)

- » stórmeistarajafntefli á Stamford Bridge (í fótbolta, þar tefla menn ekki skák)
- » þær voru skrefinu á undan í fyrsta leikhluta sem þær unnu 29:24 (í körfubolta, þar mælist sigurinn í stigum en ekki í skrefum eins og í spretthlaupum)
- » frammistaða liðsins var vel undir þarinu (var að tapa í handbolta, ekki í golfi)

3. Átök, hermennska, ofbeldi og afbrot

virðast einhvern veginn tengjast íþróttunum sterkum böndum, jafnvel sterkar en íþróttirnar sjálfar. Í dæmunum er 35 sinnum vísað til þess. Ef til vill liggur skýringin í því að með slíkum vísunum er auðvelt að beita eftirlætissítilbragði íþróttafréttamanna – ýkjunum. Hér eru nokkur dæmi um þetta:

- » Englandsmeistarar Manchester United og topplið Arsenal voru í eldínunni
- » skotsýning Haukavenna kom of seint
- » Old Trafford er lögregluríki
- » þá gerðu heimamenn áhlaup
- » lið sem bjóða upp á alls kyns áhugaverð einvígi
- » FH-ingar eru í sárum
- » leikurinn var í járnum
- » hann stelur boltanum fyrir Hauka
- » hann tætti Miami-vörnina í sig;
- » þeir hreinlega átu heimsmeistarana
- » hér er dauðafæri
- » þeir voru teknir af lífi
- » þeir stútuðu Kamerún 4-2
- » að Barcelona mundi slátra smáliði CD
- » Atli Sigurjónsson rýnir í leikina í dauðariðlinum

4. Gróði glaumur og gaman

Með þessum orðum má ef til vill best lýsa næstu tegund vísana. Þar eru ýmsar vísanir til samskipta manna í samfélaginu, jákvæðar sem neikvæðar, í alls 25 dæmum. Fyrst eru taldar þær sem höfða til peninga og viðskipta:

- » Þeir ætluðu að selja sig dýrt
- » Stefán Logi er ekki til sölu
- » nú er komið að skuldadögum hjá drengjunum
- » Ólína býður sig úti á kantinum.

Síðan eru nokkur önnur tengd skemmtanalífi, daglegu lífi og tómstundum:

- » vissulega festist hann stundum í hetju-stillingunni
- » en þá var blaðran sprungin
- » golfvertíðin er nýhafin
- » fjögur ný lið í sviðsljósinu
- » þeir eru með sannkallað stjörnu-lið
- » Ólafur Jóhannesson landsliðsþjálfari gefur nokkurn tón um það sem koma skal
- » handbolti er stuð

5. Umferð, tækni og tæki

Fleiri dæmi eru í þessum flokki, eða alls 33. Kannski tengjast vinsældir þessara vísana hlutgervingu íþróttamanna; að lítið sé á þá sem hluti og vélar eða vélmenni fremur en menn af holdi og blóði. Dæmi úr þessum flokki:

- » liðið hafði aðra hönd á stýri
- » þá steig Snæfellið á bensínið á ný
- » þeir smelltu sér í bílstjórásætið
- » Selfyssingar rúlluðu yfir Þróttara
- » íslenska vélin hrökk í gang og náði fljótlega að jafna
- » HK stjórnaði umferðinni algjörlega í fyrri hálfleik
- » Guðmundi Stephensen og félögum hans í borðtennisliði Eslöv var pakkað saman 3-0 af Borussia Düsseldorf
- » Koeman hefur alls ekki tekist að rétta skútu liðsins við
- » hann pakkaði saman sínum fyrri félagi
- » hann var arkitektinn að bestu sóknum liðsins
- » Everton og Aston Villa á flugi

6. Náttúra, náttúruöfl, dýralíf, kynlíf og sjúkdómar

Úr þessum síðasta flokki eru 23 dæmi, hvert öðru litríkara:

- » ef Eslöv gerir rósir á útivellinum
- » Grétar er ekki kallaður Vindurinn fyrir ekki neitt
- » það fjarði undan honum í þeim síðari
- » að Miami Heat sé í botnlausu feni
- » funheitur Alexander Pettersson
- » verður varla kallað annað en 15 mínútna geðveiki
- » Kiera Hardy og Krístrún Sigurjónsdóttir voru ískaldar fram eftir leik

- » íslensku kylfingarnir sýndu batamerki (þ.e. gekk betur) á öðrum degi
- » þarna erum við ljónheppnir
- » baráttuhundurinn Hrafn Jóhannesson átti einnig skínandi leik
- » Björn Bergmann var iðinn við kolann
- » Eiður Smári kom ekki sérstaklega vel undan jólonum
- » Króatar mæta nokkuð vængbrotnir til leiks

Ýkjur – megin einkenni íþróttamálvars fjölmiðla

Langtíðasta stílbragð íþróttamálvars er ýkjur eða ýkt orðafar. Er þá ekki talin með fyndni sem ræður nánast ríkjum í öllu dæmasafninu. Í töflu 1 má sjá hversu útbreiddar ýkjur eru í íþróttamálvari. Ýkjunum er hér skipt í þrennt, í fyrsta lagi venjulegar og einfaldar ýkjur, í öðru lagi ýkjur sem koma fram í hástigsnotkun, alhæfingu eða afdráttarleysi og í þriðja lagi það sem kalla mætti viðbættar ýkjur eða tvöfaldar ýkjur (sjá síðar í þessum kafla). Ýkt orðafar er í rauninni helsta einkenni íþróttamálvarsins í gögnunum og ýkjurnar eiga einnig stóran þátt í öðrum helstu einkennum málvarsins. Því er óhætt að segja að þær séu eitt aðaleinkenni þessa málvars og geri það að sérstöku málsniði, öllum öðrum málsniðum ólíkt.

Einfaldar, venjulegar ýkjur eru langalgengasta einstaka einkenni íþróttamálvarsins í heild og koma fram í nærri 44% dæmanna. Dæmi um þær koma fram í fremsta dálkinum og eru fjölmörg. Félög og íþóttamenn standa sig allir *frábærlega* og flestir *glæsilega*. Þeir *gera sér lítið fyrir* og *sígra*, eru *á góðri siglingu*, *sýna góða baráttu* og eru *sigurreifir* og *kampakátir*. Starfið er *blómlegt* og *metnaðurinn* ríkir því að íþróttamennirnir eru *stjörnur*, *snillingar*, *kempur* og *hetjur* enda oft *heimsfrægir* og *snjallir á heimsmælikvarða* í *heimsklassaliði*. Þeir sem standa hetjunum örlítið að baki eru *efnilegir* og *sprækir*. Sérhver leikur er *æsisþennandi* og þeim sem tapa er *rústað*, þeir *teknir af lífi*, þeim *troðið í svaðið* og *þakkað saman* og þeir *niðurlægðir* enda voru gerðar til þeirra *stjarnfræðilegar væntingar*. Ef einhver getur ekki keppt vegna meiðsla mætir liðið *vængbrotið* til leiks og andstæðingarnir verða *Íslandsbanar* en íslenska landsliðið *grætur glötuð tækifæri* og þjálfarinn fær að *frúka* jafnvel þótt liðið hafi verið *hársbreidd frá sigri*. Þetta verður því *flugeldasýning* í *öllum regnbogans litum*. Lendi Ísland í riðli með jafningjum sínum eða betri liðum kallast það umsvifalaust *dauðariðill*. Gangi liðinu illa spilar það eins og *feiminn skólastrákur*

í þessari viðureign *daudans*. Lýsandiinn *hefur sjaldan eða aldrei séð annað eins*. Og þótt andstæðingurinn eða dómarinn sé *algjör tittur* er hann *ópolandi leiðinlegur og flautar alltof mikið*.

Önnur tegund ýkja er notkun málfræðilegs hástigs lýsingarorða eða hástigsmerkingar. Þar falla einnig undir alhæfingar og afdráttarleysi af ýmsu tagi. Dæmi um þetta er þegar landshlutablöðin telja völlinn sinn eða íþróttahúsið *sterkasta* heimavöll landsins, þar sé *besta* yngriflokka-starfið á Íslandi og *öflugustu* deildirnar enda *bestu* aðstæðurnar. Íþróttahetjur landsins eru meðal *þekktustu* íþróttamanna heims og *skerustu* stjórnur sinna greina og leika með *sterkustu* liðum heims. Hinir eru *efnilegustu* leikmenn ársins og gera alltaf sitt *besta*. Leikirnir eru einatt *mikilvægustu* leikir tímabilsins undir stjórn *sigursælustu* þjálfara heims hjá *rikustu* liðunum og *bestu* leikirnir með *umdeildustu* mörkin. Og Óli Stef er án vafa landsins *langgáfadasti* og *langbesti* handboltamaður, og í mörgum tilvikum alls heimsins. Af alhæfingum í hástigsmerkingu má nefna að stundum gengur *ekkert* hjá liðinu og þess vegna getur *allt* gerst þótt liðið stjórn *algjörlega* umferðinni í leiknum. Þess vegna bera leikmenn *enga* virðingu fyrir andstæðingum sínum sem ráða *lögum og lofum* í *hverjum* leik. Hástigin eru í 86 dæmum eða meira en 11% þeirra dæma sem notast er við úr gögnunum. Þetta er vafalaust herra hlutfall en í venjulegum setningum málsins, hvort sem miðað er við talmál eða ritmál.

Þriðja tegundin er svo það sem kalla má viðbættar ýkjur eða tvöfaldar ýkjur með tveimur hástemmdum ýkjum sem hlaðast hvor ofan á aðra. Þær eru áberandi margar eða 122 sem gerir um 16% af gagnaúrtakinu. Íþróttamennirnir eru ekki lengur bara stjórnur, heldur *stórstjórnur*, og lið þeirra er ekki aðeins stjórnulið, heldur *sannkallað stjórnulið*. Árangur þeirra í íþrótt sinni er ekki aðeins glæsilegur, heldur *stórglæsilegur*. Í þessum anda ná minni lið í enska boltanum eins og Wigan ekki bara jafntefli við stórliðin, heldur *fábeyrðu jafntefli*. Liðsmenn tveggja félaga eru ekki bara andstæðingar, heldur *erkjiffendur*. Þegar annað liðið tapar verður hitt liðið ekki aðeins svekkt, heldur *hundsvekkt*. Kevin Durant minnir loks á sína *óviðjafnanlegu hæfileika* og sinn *ótrúlega leikskilning*. Er nema von að allt fari *gjörsamlega á hliðina* þegar hann spilar, eins *fáránlega einbeittur* og hann er? Sérstaklega þegar leikur andstæðinganna er *alveg skelfilegur* og þeir *ljónheppnir* að tapa ekki með *miklu meiri* mun?

Eru íþróttir fyndnar?

Enn og aftur skal á það lögð áhersla að hlutfallstölur milli flokka einkenna og undirflokka eru enginn endanlegur sannleikur heldur eingöngu vísbendingar um hversu misáberandi einkennin eru í þeim gögnum sem notuð voru til greiningarinnar og virðast vera í málfari íþróttafjölmíðla. Ef til vill er ekki nauðsynlegt að einblína um of á skáldmál eða önnur einkenni íþróttamálfarsins sem einstök, afmörkuð einkenni. Réttara kann að vera að líta á þau sem samþætta hluta sérstaks málsniðs í íþróttaumfjöllun fjölmiðlanna sem einkennist fyrst og fremst af fyndni og hugmyndaauðgi sem virðist einkenna alla þessa flokka og gætu því talist eins konar yfireinkenni eða meginstef svo að hugtak sé sótt úr orðræðufræðum. Hugmyndaauðgin virðist nær óendanleg.

Ástæðan fyrir því að lesendur hrífast með er sú mikla alúð sem lögð er í að gera textann fyndinn, skemmtilegan og grípandi. Skýringin kann að vera sú að íþróttaumfjöllun og þar með íþróttamálfar markist af geðsveiflum og æsingi og þar með sé íþróttaumfjöllunin öll merkt einu megin Einkenni: geðshreringum og tilfinningum. En það er önnur saga og efni í aðra grein á öðrum vettvangi.

Heimildaskrá

- Ari Páll Kristinsson. 2008. *Í fréttum er þetta helst. Rannsókn á einkennum íslensks útvarpsmáls*. Doktorsritgerð frá Háskóla Íslands. Reykjavík: Hugvísindastofnun Háskóla Íslands. hdl.handle.net/1946/7732.
- Chovanec, Jan. 2011. Humour in quasi-conversations. Constructing fun in online sports journalism. Í *The Pragmatics of Humour across Discourse Domains*. (Ritstj. Marta Dynel). John Benjamins Publishing Company, Amsterdam. Bls. 243–264.
- Cudd, Ann E. 2007. Sporting Metaphors: Competition and the Ethos of Capitalism. *Journal of the Philosophy of Sport* 34,1, bls. 52–67.
- Guðmundur Sæmundsson og Sigurður Konráðsson. (Væntanleg). *Hvílík snilld! Íslenskt íþróttamálfar og einkenni þess*. Bíður birtingar.
- Jakob Benediktsson. 1983. *Hugtök og heiti í bókmenntafræði*. Reykjavík: Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands og Mál og menning.
- Kristján Árnason. 2011. Alliteration in Iceland. From the Edda to modern verse and pop lyrics. Í *Alliteration in culture*, s. 123–140.
- Lakoff, George og Johnson, Mark. 2005. *Metaphors We Live By*. University of Chicago, Chicago. [1. útgáfa 1980].
- Þorleifur Hauksson (ritstj.) og Þórir Óskarsson. 1994. *Íslensk stílfræði*. Styrktarsjóður Þórbergs Þórðarsonar og Margrétar Jónsdóttur, Háskóla Íslands og Mál og menning, Reykjavík.

Sigmundur Benediktsson

LJÓÐ
V

Hjá öldruðum

Ég lít hér í dag á lúnar hendur,
sem langt hafa dagsverk þreytt.
Háaldursþroski á hugans lendur
hófsama kyrrð fær breitt.
Hélaðir lokkar við ljósa vanga
leika í kvöldsins ró.
Hugskotið elur þó hægist ganga
heilan minningasjó.

Ylríkar myndir frá æskudögum
una nú hæst í sál.
Leiðarmerki frá lífsins högum
lýsa upp sagnamál.
Svörin mörgu er sinnið geymir
sitja þó oft um kjurt.
Reikul samtíð er gömlum gleymir
getur ei nokkurs spurt.

Stofnanir kynslóða stöðugt hamla
og staðbinda þroskann mest,
einangra skynlaust unga og gamla,
sem eiga þó saman best.
Hví skal arf vorra feðra fergja
og fjötra samskiptamál?
Mega ei lengur börn vor bergja
brjóstvit úr öldungs sál?

Öldruð kenndu mér ungum bögur
þá undi við þeirra kné.
Litríkar sagnir, ljóð og sögur
létu þau glöð í té.
Þau kveiktu í brjósti kvæðaþrána
er kynti svo bragaglóð.
Einmitt þannig skal ungum lána
arfinn í ferðasjóð.

Þá ævisólin á vesturvegi
til viðar að síga fer.
Alheimsrökin að entum degi
oftar að huga ber.
Hvað leynist bak við tímans tjöldin,
er takmörk og endir þar?
Lítum oss nær við ljósavöldin
á lífríkis glögga svar.

Lífjafaskinið frá ljósi hæða
lykur um myrkan geim,
til þess að verma, gefa og græða
gróður um okkar heim.
Er höfug tárin frá himinlindum
hníga á jarðarbeð,
þá ljómar foldin af ljósum myndum
og lífsundrið hefur skeð.

Það fræ, sem að hausti fólst í leynum,
í frosthörkum vetrar kól.
Vitjar svo lífsins í vorsins þeynum
vakið af himinsól.
Ber það ei til vor bjarta daga,
bylgju af lífsins náð?
Eða var þetta okkar saga
ofin í blóm og skráð?

II

Umræðugreinar

Pórgunnur Snædal

Úr vísnaöfnum Rósbergs G. Snædals

Faðir minn, Rósberg G. Snædal skáld og rithöfundur (1919–1983), var kunnur hagrýðingur á sinni tíð, vísur hans flugu víða en smellnar vísur hafa gjarnan flogið hraðar en fuglinn yfir landið.

Hann gaf út þrjár ljóðabækur: *Á annarra grjóti* 1949, *Í Tjarnarskarði* 1957 og *Gagnvegir* 1979. Einnig gaf hann út nokkur vísnaöfn í vasa-bókarbroti, m.a. *101 bringbenda* 1964. Óteljandi vísur eftir hann hafa birst í dagblöðum og tímaritum um allt land og stundum hefur höfundar-nafnið týnst í veraldarvolkinu. Þau sýnishorn af vísnum hans sem hér fara á eftir eru sótt í tvö vísnaöfn sem eru í eigu okkar sex barna hans, sumar birtar, aðrar óbirtar, en sumar vísur hans munu víst aldrei þola dagsins ljós af ýmsum ástæðum.

Faðir minn var fæddur í Kárahlíð á Laxárdal í Austur-Húnavatns-sýslu 8. ágúst 1919. Þegar hann var 10 ára gamall fluttu foreldrar hans að Vesturá í sama dal. Dalurinn var þá þéttbyggður og ekki jafn einangraður og hann varð þegar vegur var lagður gegnum Langadal og ferðir yfir skörðin milli dalanna lögðust niður, enda fór dalurinn þá í eyði á örfáum áratugum. Hefur faðir minn lýst dalnum, mannlífi, bæjum og örnefnum í nokkrum þáttum í bókum sínum: *Fólk og fjöll* (1958) og *Sveinn frá Elivogum og fleira fólk* (1973).

Þar á dalnum hefur sjálfsagt daglega verið farið með vísur nýjar og gamlar við öll tækifæri samkvæmt gamalli hefð, enda var næsti ná-granni foreldra hans í mörg ár Sveinn Hannesson frá Elivogum, en margir í Húnavatns- og Skagafjarðarsýslum áttu um sárt að binda and-lega eftir beinskeittar niðvísur hans.

Afi minn, Guðni Sveinsson, var nokkuð hagnæltur og til eru nokkrar vísur og kvæði eftir hann. Sjálfsagt hefur pabbi snemma farið að setja saman vísur, en sú eina sem mér er kunnugt um að hann hafi ort á barnsaldri er svona:

Oft er blað í bókunum,
brunnið tað í maskínum,
sullugt hlað í sveitunum
súkkulaði í veislunum.

Til er heill gamanbragur sem hann orti um nokkra sveitunga sína sem unglíngur. Sá bragur er enn varla birtingarhæfur en sýnir að hann hefur snemma farið að yrkja kersknisvísur um þá og það sem honum féll miður eða þótti skoplegt. Nærri lá að honum yrði vikið úr Reykholtsskóla, þar sem hann stundaði nám veturinn 1939–1940, fyrir að yrkja niðvísu um matráðskonuna og þann mat sem hún bar á borð fyrir nemendur. Hann bjargaði skólavistinni með því að yrkja nýja vísu þar sem hann sneri skömmunum í hástemmt lof. Sjálfsagt hefur hann ort margt annað í skólanum eins og skólapipta var siður, en lítið af því hefur varðveist.

Eftir nokkurn tíma í Reykjavík settist hann að á Akureyri 1942, en á stríðsárunum var næga atvinnu að hafa þar á sumrin. Fyrstu árin stundaði hann farkennslu á veturna, aðallega í Húnavatnssýslum.

Mörg skáld settust að á Akureyri á stríðsárunum, m.a. Kristján Einarsson frá Djúpalæk á Langanesi, Einar Kristjánsson frá Hermundarfelli í Þistilfirði og Heiðrekur Guðmundsson frá Sandi í Aðaldal. Þessir þrír og Rósberg urðu miklir vinir og skiptust stöðugt á vísu og hafa sjálfsagt þroskað skáldgáfu hver annars með harðri gagnrýni.

Pabbi keyrði yfirleitt á Skódum sem höfðu séð betri daga og voru í mjög mismunandi ökufæru ástandi. Af því tilefni baunaði Heiðrekur á hann þessari vísu:

Onaf brekku ók með glans,
öll voru dekk með götum.
Þótt öll sé flekkuð fortíð hans
fylgir hann ekki krötum.

Rósberg svaraði með þessari kunnu vísu:

Heiðrekur á sínum SAAB
seint um bæinn æddi
suma meiddi, suma drap
suma aðeins hræddi.

Þessar vísur sýna voru hvað þeir voru óvægðir hver við annan og faðir minn sagði seinna að vegna þess hvað þeir þjálfuðu sig í að þola hvers kyns óþvegnar kveðjur hvor frá öðrum hafi hann ekki alltaf gert sér grein fyrir því að aðrir væru hörundsárari og tækju nærri sér að fá í hausinn

eða heyra utan að sér vísur sem þeim fannst vera argasta nið. Þeir höfðu allir fjórir afskaplega næmt auga fyrir veikleikum og göllum annarra og gátu ekki stillt sig um að setja saman vísur um ýmislegt spaugilegt í fari annarra, flestar slíkar vísur hygg ég þó að pabbi hafi gert, enda með afbrigðum næmur á skoplega drætti í fari og útliti fólks.

Mannlýsingar

Heldur rýr í roði að sjá
ristur hryggðarmyndum,
eins og skorpin skreið á rá
skekkin öllum vindum.

Margt til skaða sýsla sést,
sjálfumglaður trassi.
Þykist maður – það er verst,
þessi spraðurbassi.

Skammavísa

Enn er bitið tranti tamt
tönn þó brytir illa.
Litlu viti sýnist samt
sjálfsálitið dilla.

Undir predikun

Rýfur ekki rómur þinn
rjáfur kirkjubaka.
Viljann fyrir verknaðinn
verður guð að taka.

Af kurteisisskyldu í kirkju ég fór,
en keim bar af andlegu morði,
er tannlaus og sjóndapur klerkur í kór
þar klæmdist á lausnarans orði.

Grafskrift í gamni

Ekki var hans líkfylgd löng,
lýður honum brígsjar,
hér og þar í hálfá stöng
hanga fallnir víxlar.

Á Akureyri voru á sjötta og sjöunda áratugnum þrjú (pólítísk) blöð sem komu út tvisvar eða þrisvar í viku: *Dagur*, *Íslendingur* og *Verkamaðurinn*. Vinsælt efni í þessum blöðum voru vísur eftir ýmsa hagræðinga um allt sem var á döfnni heima og heiman.

Mörgum finnst sjálfsgagt þessi vísa jafn sönn í dag og þegar hún var ort 1962:

Vera í nauðum virðist auð-
vald, þó snauða plokki.
Eins er dauði annars brauð
í þeim sauðaflokki.

Og þessi frá 1965:

Meðan þjóðin þambar kók
og þéttist sjónvarpsnetið
verður okkar veslings bók-
vit að engu metið.

Akureyrarbær óx ört í upphafi 7. áratugarins og Laxárvirkjun var ekki nógu öflug til að veita öllum bænum nóg rafmagn enda átti hún til að fyllast af krapa og hverfa á veturna. Við eitt slíkt tilfelli 1961 varð til þessi vísa sem líklega birtist í *Verkamanninum*:

Lítið er um ljósastraum
lýður blæs í kaunin.
Laxá eins og lús með saum
læðist út í hraunin.

Frá 1973 er þessi ágæta vísa:

Uppi dottar englasveit
enda er drottinn lotinn.
Ber þess vottinn Watergate:
Víða er pottur brotinn.

Eins og svo mörg íslensk skáld og hagræðingar fyrr og síðar lýsti faðir minn oft hag sínum, gleði, sorg og örvæntingu í vísu sínum.

Bölmóðsvísur 5. ágúst '67
Mín af göflum gengur sál
gæfuöfl ei stoða.
Kynda djöflar banabál
bak mitt sköflum troða.

Launráð bruggar húmsins hirð
 hvött af skuggavaldi.
 Magnar ugg og myrkur-kyrrð
 mynd á gluggataldi.

Þolað fæ ég þunga raun
 þó ég hlægi á kvöldin –
 ekki nægja öll mín laun
 uppí bæjargjöldin.

✘ ✘ ✘

Lítt er hirt um ljóðamál
 lygin virt og fleira.
 Hvergi birtir, en í ál
 alltaf syrtir meira.

Dofnar skinn og daprast trú,
 dvín að sinni bragur.
 Læknir minn og lausn ert þú,
 langi vinnudagur

Árið 1945 kvæntist faðir minn Hólmfríði Magnúsdóttur frá Syðra-Hóli á Skagaströnd (1918–2013) en elsta barn þeirra fæddist 1944. Alls urðum við systkinin sex, öll fædd á einum áratug. Að fæða og klæða sex börn var erfitt á 5. og 6. áratugnum og foreldrar mínir urðu að leggja hart að sér eins og raunar flestir á þessum tíma. Auðvitað þráði faðir minn að geta helgað sig ritstörfum en um það var ekki að ræða. Á tíu árum byggði hann tvö hús yfir sína vaxandi fjölskyldu. Þetta sést í mörgum vísum hans og kvæðum:

Mjög er geði mínu breytt
 matarstreðið lamar.
 Augað gleður aldrei neitt
 ekkert skeður framar

Hjónaband foreldra minna var lengi ástúðlegt eins og eftirfarandi vísur frá 1964 sýna:

Ennþá skarta augu þín
 ekki þarftu að kvíða.
 Ennisbjarta ástin mín,
 elsku hjartans Fríða.

Brúnir lokkar, barmur þinn
best mér geðjast, Fríða.
Dragi okkur kinn að kinn
kærleiki og blíða.

Pabbi var mjög ástríkur faðir og skemmti okkur börnum sínum endalaust með sögum og vísum sem hann orti um okkur og leikfélaga okkar af ýmsum tilefnum.

Einu sinni höfðum við systurnar tvær, sem þá vorum um 10 ára, verið gerðar afturreka frá Amtsbókasafninu á Akureyri þar sem við hugðumst fá bækur lánaðar en foreldrar urðu að ábyrgast bókalán barna sinna. Pabbi skrifaði undir eyðublaðið og sendi okkur með það aftur á bókasafnið að þessari vísu viðbættri:

Skattþegn glaður skrifar á
skuldbindingu ljósa,
látið börn mín bækur fá
bara eins og þau kjósa.

Eitt sinn sendi pabbi systur mína í banka til að framlengja víxil og sagði henni að afhenda bankastjóranum þessa vísu:

Þyngjan mín er löngum létt
leitt er til að vita.
Þó hafa ýmsir að mér rétt
ofurlítinn bita.

Vixillinn var undireins framlengdur.

Með tímanum varð hjónaband foreldra minna stirðara, fátækt og strit eyddi smám saman ást þeirra og þau skildu að lokum 1971.

Síðustu ár hjónabandsins voru föður mínum mjög erfið. Vísur hans undir fyrirsögninni „Hjónabandsvísur frá ýmsum tímum“ sýna að honum er ljóst að sökin er einnig hans megin, en greinilegt er að hver einasti dagur er honum þungur og að honum líður hvað verst á heimili sínu, en mamma átti erfitt með að setta sig við drykkjuskap hans, slark og óreiðu í fjármálum:

Við fátækt og áhyggjur, sorgir og sút
og særandi niðþungar festar
í þrotlausri vinnu ég þræla mér út,
en þó eru helgarnar verstar.

Úti í kólgu og kafaldsbyl
kært er yl að dreyma,
en kaldast er að koma til
konu minnar heima.

Margt vill þrúga mína lund
minnkar trú og lokast sund.
Enn er frúin alla stund
eins og snúið roð í hund.

Atvik gerðust undarlig
eiginmaður sagði
ef að konan kyssti mig
koss að fyrra bragði.

Ef þú þjónar eðli lista
og átt þér tón í landinu,
betra er ljónagryfju að gista,
en ganga í hjónabandinu.

Ýmsar vísur frá 7. áratugnum sýna að margt fleira en heimilislífið var honum mótdrægt:

Kort með nesti, krappan skó,
klafa festar bar ég.
Lengst og mest mig þreyttu þó
þeir, sem bestur var ég.

Af mér fokið fiðrið er
felst í þoku ströndin.
Flugi lokið læt ég hér
líkt og „pokaöndin.“

Ekki skulda ég öðrum neitt,
allir guldust tollar.
Þó eru huldir bak við breitt
brosið kuldapollar.

Uppi skuldir eg hef greitt
öðrum duldar slettur.
Þó eru huldar bak við breitt
brosið – kuldagrettur.

Valt ef gerist gengi mér
gleymast sérhver kynni.
Maður er því oftast hér
einn í veröldinni.

Minn er óður metinn lágt,
meira gróði og skylda.
Hefur slóði aldrei átt
aurasjóði gilda.

Margt vill stríða manni gegn
mæða hríð og vetur.
Þessi tíð er mér um megn,
mætti líða betur.

Ég er orðinn eins og skar,
illa þoli hríðar,
og vitanlega verð ég snar-
vitlaus innan tíðar.

Eftir skilnaðinn var faðir minn í raun og veru heimilislaus þau tólf ár sem hann átti ólífudu. Síðustu sjö árin var hann kennari við Barna- og unglinga-skólann á Hólum. Þar leið honum vel, enda átti hann vinum að fagna á flestum bæjum í Skagafirði. Í söfnum hans eru margar tækifærisvísur frá árunum á Hólum. Flestar þeirra eiga ekki erindi á prent, en þessar vísur frá 1980 sýna að nú eru komnir nýir tímar og kvótar, möppudýr, kerfiskallar og meira að segja tölvur komnar til sögunnar.

Skakkar eru skýrslur allar
skuldum vafðir bændur spóla
en möppudýr og kerfiskallar
kúra inni bændaskóla.

Reisa löppum riða á
rollan slöpp og kýrin.
Bændum kröppu kjörin ljá
kvóta- „möppu-dýrin.”

Lukkufirar letrað geta
lögin skýr á eyðublað
Ær og kýr og merar meta
„möppudýr” á Hólastað.

Við „kerfisköllunum” bölvum
og kveðum svo fast að orðum:
Nú totta þeir bændur með tölvum
sem tilberi og snakkur forðum.

Í vísnaðverinu *101 Hringbenda* frá 1964 er þessi vísa:

Fullum seglum:

Aldrei svifa undan sjó
Um mig drifið rýkur.
Faldinn rifa fráleitt þó
fyr en yfir lýkur.

Tæpum tuttugu árum síðar er siglingunni að ljúka:

Yfir sollinn sæ ég flýtt,
syndum hlaðinn gæi.
Óskabyrinn aldrei hlýtt,
óska þó 'ann lægi.

Sumarið 1982 gengum við saman upp Strjúgsskarð að tóftunum af Kárahlíð. Hann var þá farinn að finna fyrir kransæðastíflu og mæddist mikið þótt leiðin sé ekki erfið. Þetta var í fyrsta skipti sem ég kom upp á Laxárdal. Veðrið var yndislegt og nú fékk ég loksins að sjá dalinn sem var honum svo kær. Sennilega var honum ljóst að þetta var í hinsta sinn sem hann leit æskustöðvarnar.

Ég hitti hann í síðasta sinn á gamlársgangi 1982. Hann hafði verið á Akureyri yfir hátíðarnar en var greinilega lasinn og leið illa. Samt dreif hann sig að Hólum eftir áramótin þegar kennslan byrjaði, en hún varð skammvinn hjá honum þetta nýja ár. Níunda janúar fékk hann hjartaáfall og lést þá um kvöldið. Líklega saddari lífdaga en maður á besta aldri hefði átt að vera, en hann var aðeins 63 ára.

Kristian Guttesen

LJÓÐ
VI

§3

Þú breytist. Takmarkanir verða möguleikar
og möguleikar verða takmarkanir. Klifuninni
er ætlað að segja eitthvað
sem ekki er hægt að segja, þú breytist.

Þú hverfur. Andartaki áður en sólin kemur upp
er eins og allt hafi verið skapað fyrir tilviljun.

Þú snýrð aftur.

Núna sefur fólkið úr þorpinu mínu.

✘

Í vatninu komstu nær. Sólin kom upp
á bak við okkur þannig að skuggi myndaðist
í gufustróknum sem stóð upp úr jarðveginum.
Þú nuddaðir axlirnar á mér og ég lygndi aftur
augunum.

Utan úr myrkrinu heyrst hjartsláttur draums.
Það heyrir hann enginn nema við.

✘

Andartaki áður en sólin kemur upp
er eins og allt hafi verið sagt áður.

§8

Vektu mig með kossi.
Farðu varlega með hjartað í þér.
Þiggðu
mótsagnirnar, umfaðmaðu þær.

✱

Ástin er ekki að öðlast skilning.
Galdrar eru einfaldir. Það þarf
ekkert að fá botn í náttúruna.
Það þarf bara að skynja hana.

Hjartað sér dýpra en augun.

✱

Vektu mig með kossi.

Vertu sólin sem þerrar dökkina af mér.
Vertu sólin sem þerrar dökkina af mér.
Vertu sólin sem þerrar dökkina af mér.

Vertu konan, vatnagýðja sem dvelur með mér innra.

Rökkurdís.

Við göngum sem leið liggur út með sjónum. Hvílum
okkur í kvöldgolunni. Kyssumst undir rauðum himni.

Tímamynd.

Frelsi er að vitja framtíðarinnar. Vektu mig.

§15

Vinkona þín segir mig vitfirrtan.
Hún hefur nokkuð til síns máls.

Allt er fullkomið akkúrat núna,
segir þú.

Ástarjátningar eru úti um allt.

Á slíkum stundum, handan við
myrkrið og snjóinn,
er veröldin óendanlega stór.

Tunglsjúkur.

Ég vil hvergi annars staðar vera
en á þessum stað

§19

Ég er staddur á Rauðarárstígnum.

Er kominn aftur í eldhúsið á Amager.
Langt frá fjölskyldunni,
veturinn sem ég ætlaði að skilja
og orti um það ljóð.

Janúarkuldinn í Kaupmannahöfn
svo mikill að hann virtist koma
innan frá.

Veturinn þegar allt fraus sem frosið
gat nema dauðinn í andardrættinum.

Hlý eru augun þín en mér fjarri.

Atli Harðarson

Um rímnakveðskap Krítverja

Í kringum árið 1200 náðu ríki Ítalíuskaga undir sig hluta þeirra landa þar sem töluð var grísk tunga. Landvinningarnir héldu áfram næstu aldir og af þeim er flókin saga. Hér læt ég duga að nefna að Feneyingar réðu yfir Krít frá því skömmu eftir 1200, allt til ársins 1669 þegar Tyrkir unnu eyjuna af þeim.

Yfirráð í grískumælandi löndum juku kynni af grískri tungu meðal þjóða vestan við Adríahafið og þar með þekkingu þeirra á fornum menntum sem þegar Miklagarðskeisara varðveittu á miðöldum. Þetta átti sinn þátt í endurfæðingu lista og fræða sem á ítölsku kallast *rinascimento* og endurreisn á íslensku. Þegar saga endurreisnarinnar er sögð er oft lögð áhersla á áhrif grískra menntamanna sem fluttu til Flórens og fleiri ítalskra borga. Þetta var þó ekki nein einstefna. Ítalir höfðu líka áhrif á menningu Grikkja. Meðal þess sem Grikkir þáðu af þeim var endarím í kveðskap. Einn bragarháttur með endarími sem mótaðist meðan Feneyingar réðu yfir Krít og er vinsæll enn í dag kallast *mantinada*. Frægasta bókmenntaverk endurreisnarinnar á Grikklandi er söguljóð sem heitir Erotokritos (Ερωτόκριτος) og er ort undir þessum hætti. Höfundurinn hét Vitsentzos Kornaros (Βιτσέντζος Κορνάρος) og var uppi um svipað leyti og William Shakespeare á Englandi, nánar tiltekið frá 1553 til 1613 eða 1614. Hann telst með höfuðskáldum Grikkja á seinni öldum.

Kornaros fæddist austarlega á Krít, skammt frá borginni Sitia. Rit hans um kappann Erotokritos dregur dóm af riddarasögum sem vinsælar urðu vestar og norðar í álfunni þrjú eða fjögur hundruð árum fyrr. Kannski var skáldskapur Kornarosar svanasöngur þeirrar bókmenntageinar.

Sagan segir í stuttu máli frá hugprúðum pilti af fremur lágum stigum sem Erotokritos hét. Hann vingaðist við kóngsdóttur. Þau felldu hugi saman og vildu eigast. Kóngur brást ókvæða við þegar svo lágt settur maður bað dóttur hans og sendi Erotokritos í útlegð. Hann reyndi síðan að gifta stúlkuna einhverjum sem væri henni samboðinn. Hún vildi engum taka og setti faðir hennar hana þá í fangelsi. Liðu svo árin að hún sat í steininum og sveinninn sem hún unniól aldursinn í fjarlægum löndum. Þetta endaði þó vel, því þegar kóngur var eitt sinn í fremstu

víglínu í stríði og bráður bani búinn af óvinum sínum kom hinn hugprúði Erotokritos honum til bjargar á ögurstund. Fyrir hetjuskap sinn og snarræði fékk hann að kóngsdóttur að launum. Nú var öllum fornum fjandskap gleymt, prinsessan fagra leyst úr þrisundinni og haldið dýrlegt brúðkaup. Þetta er langur bálkur, rúm tíuþúsund vísuorð. (Textinn liggur frammi á ebooks4greeks.gr.)

Kvæðið um Erotokritos er enn alþekkt meðal Krítverja og margar braglínur úr því orðtök í máli þeirra. Þar suðurfrá eru menn enn að kveða bæði lausavísur og lengri kvæði undir mantinöðuhætti sem vinsæll varð af sögu Kornarosar. Sá kveðskapur minnir um margt á íslenskar rímur og kvæði af þessu tagi eru nefnd með kvenkynsorðinu *ríma* (ρίμα, ft. ρίμες) á grísku eins og á íslensku. Vera má að skýringin á því að málin hafa svo lík orð yfir þetta sé að þau hafi bæði fengið sama stofn að láni úr latínu eða ítölsku. Eins og hér er sams konar bragur notaður bæði til að kveða lausavísur og söguljóð og kvæðin ýmist mælt fram eða sungin við rímnalög. Þessi krítversku rímnalög eru þó æði frábrugðin þeim íslensku. (Forvitnum lesendum er bent á að hægt er að finna margar upptökur af söng krítverskra kvæðamanna með því að nota leitarorðið *mantinades* á vefnum youtube.com.)



Rétt eins og ferskeytlan hér er mantinaðan lifandi hefð á Krít. Hún er notuð sem tjáningartæki, jafnt til að setja fram meitlaða hugsun og bregðast skjótt við því sem fyrir ber. Sumar flytja djúpa speki, aðrar grín og gamanmál. Líkt og hér yrkja sumir kvæðamenn líka blautleg ljóð og brunavísur, bölbænir og ástarjátningar og allt þar á milli. Það er til marks um hve vinsæll þessi kveðskapur er að mantinöðubækur, bæði með nýjum vísum og gömlum, fást í flestum bókabúðum á Krít og í söluturnum má víða sjá smárit með vísum, gjarna einni á hverri síðu eins og í þeirri litlu bók sem sést á myndinni.

Lítið virðist ritað um mantinöður á öðrum málum en grísku, a.m.k. hafa bóksalar á Krít sem ég hef spurt ekki kannast við skrif um þær á

erlendum málum. Leit á vefnum hefur líka lítinn árangur borið. Ég hef þó fundið eina bók á ensku með dálitlum fróðleik og allmörgum dæmum um þennan alþýðukveðskap Krítverja. Hún kom út í Aþenu 1974 og heitir *Cretan Mantineades: Song Poems*. Höfundur er Frederick Rago-
vin. Bók þessi er uppseld hjá forlaginu en til á stöku fornsölu. Vísna-
söfn og rit um mantinöður á grísku er auðvelt að nálgast, t.d. er hægt
að panta töluvert af slíku lesefni hjá útgáfufyrirtækinu *Mystis* (Μύστις,
mystis.gr) í Herakleio á Krít.

Hér á eftir eru íslenskar þýðingar á sjö mantinöðum sem allar má
finna í áður nefndri bók eftir Ragovin. Í þessum þýðingum held ég mig
við tvö megin einkenni krítverska bragarháttarins sem eru fimmtán at-
kvæða línur og endarím. Ég bæti við stuðlasetningu að íslenskum sið.

Endarímið í mantinöðum er jafnan kvenrím og næstsíðasta atkvæði
hverrar línu er áhersluatkvæði. Þótt hljóðin í grísku máli séu svipuð ís-
lenskum máhljóðum eru áherslur mjög frábrugðnar í málunum. Við
höfum aðaláherslu í orði jafnan á fyrsta atkvæði en í grísku er hún ævin-
lega á einu af þremur síðustu atkvæðunum. Ég held að afar erfitt sé að
herma eftir lausbeislaðri hrynjandinni í mantinöðum Krítverja og ég
reyni það ekki, heldur nota hnígandi tvíliði eins og í íslenskum fer-
skeytlum.

Út um veröld víða fór vínber sæt í munn að tína.
Hvergi samt ég sætleik fann sem er á við kossa þína.

Fróma speki fáum oft frá þeim ráðagóð'að heyra:
„Sérhvert víst mun bæta böll, bíði maður annað meira“.

Ætíð finnst þó örvænt sé, ofurlítill von í leynum,
fjólán mjúka finnur skjól, festir rót og grær hjá steinum.

Krónos líkist Eros'og ættarmótið vart má dylja,
stefna öll'í kaldakol, kvöl og rústir eftir skilja.

Veröld fláa veistu hví veginn þinn ég skyldi ganga
þar sem örlög ætla mér ellidaga beisk'og langa?

Að mér látnum lyftu frá legstað mínum hellusteini
og þú finna aftur munt æðaslátt í hverju beini.

Höngum við á heimsins tré, haustið þegar svífur yfir
dauðinn tíni aldin öll, uppsker það sem vex og lifir.

Á frummálinu eru þessar vísur svona. Ég skrifa þær upp með nútíma-stafsetningu en í bók Ragovin eru þær með stafsetningu sem var aflögð 1982.

Όλον τον κόσμο γύρισα ναύρω γλυκό σταφύλι.
Γλυκότερο δεν εύρηκα απ' το δικό σου αχείλι.

Καλά το λέει ο φρόνιμος απ' όλα τα λογιάζει:
«ο πόνος ο βαρύτερος τόν αλαφρό σκεπάζει».

Πάντα σε κάθ' απελπισία κρυφή ελπίδα μένι,
σα βελουδένια κυκλαμιά πού απ' το βράχο βγαίνει.

Μοιάζει πολύ, πάρα πολύ, ο Έρωντας και ο Χρόνος,
κι οι δύο περνούν καί μένουνε χαλάσματα και πόνος.

ψεύτη ντουνια, παλιόκοσμε, και πώς θα σε περάσω,
πού μου γραψε η μοίρα μου τσι πρίκες να γεράσω;

Σαν αποθάνω, σήκωσε του τάφου μου την πέτρα,
πάνω στα σκόρπια κόκκαλα, παλμούς ακόμα μέτρα.

Ο Κόσμος είν' ένα δεντρί κι εμείς τ' σπωρικό ντου
κι ο Χάρος είν' ο τρυγητής που παίρνει τον καρπό ντου.

HELSTU HEIMILDIR:

Κρήτες Στιχουργοί, [Βók án höfundar og ártals.] Útg. Όμορφος Κόσμος, Ρεθύμνο.

Οι ωραιότερες Μαντινάδες της Κρήτης, [Βók án höfundar og ártals.] Útg. Μύστις, Ηρακλείο.

Ragovin, Frederick. 1974. *Cretan Mantinades: Song Poems*. Útg. Cnosos, Αθήνα.

Vefheimildir, sannreyndar 14. desember 2013

Taverna Emborios for the culture of Kasos. Útg. samnefndur veitingastaður á Κρίτ. Bein slóð: emborios.com/traditions/mantinades.htm

Yannis Samatas. *Explore Crete. The travel guide for real Crete*. Bein slóð: explorecrete.com/cretan-music/mantinades.html.

Βιτσέντζος Κορνάρος (greinarheiti). Í grísku Wikipediu. el.wikipedia.org/wiki/Βιτσέντζος_Κορνάρος.

Sigrún Haraldsdóttir

LJÓÐ

VII

Andartak

Sá ég hann koma
með sól í bak

flúði úr vegi
fuglahjörð

íbygginn leit mig
andartak
riddari á hesti
rósbleikum

fylgdu honum eftir
augu mín.

Sólvörf

Á hinum dimmasta degi
legg ég kinn
að kaldri jörð
greini hæga veru
frækorna og
flókinna róta

nálæga angan
nýrra unaðsdaga

Bjarki Karlsson og Kristján Eiríksson

Braganetið

Miklar breytingar hafa orðið á gagnagrunninum *Braga* á síðustu árum, jafnt umgjörð sem innihaldi. Hann er óðum að breytast úr kvæðasafni og spjaldskrá ljóða með greiningu í bragarhætti (ásamt óbraggreindu lausavísnaafni) í vísindalega unnið net sjálfstæðra kvæða- og vísnaafna með nákvæmari braggreiningu. Hægt er að fletta upp og leita í söfnum á vefslóðinni bragi.info.

Samþætting sjálfstæðra safna

Söfnin sem mynda Braganetið eru nú fjórtán:

- » „Bragi – óðfræðivefur“ – safn Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.
- » Átta kvæða- og vísnaöfn héraðsskjalasafna; í Kópavogi, Mosfellsbæ, Borgarfirði, Skagafirði, Dalvíkurbyggð, Þingeyjarsýslum, Árnassýslu og Vestmannaeyjum.
- » Tvö söfn rannsóknarverkefna doktorsnema, um íslenska dægurlagatexta og um þulur síðari alda.
- » „Greinir skáldskapar“ – markaður gagnagrunnur um forn-íslenskan kveðskap sem unnið var að í verkefninu „Samspil bragkerfis, hljóðkerfis og setningagerðar“ (2009–2011).
- » Tvö söfn á erlendum málum; „Metrika retejo“ á esperanto og „Skalde-Brage“ á norsku.

Hvert þessara safna lýtur sjálfstæðri ritstjórn en þau samnýta eigi að síður ljóðasafn, lausavísnaafn, höfundatal og heimildaskrá og eru hýst í sama gagnagrunni. Þau nota sameiginlegan hugbúnað og njóta því öll góðs af frekari þróun hans. Hvert og eitt safn getur sparað sér skráningu og birt kveðskap úr öðrum söfnum og eins nýtt sér það sem önnur söfn hafa skráð í höfundatal og heimildasafn. Sérstöðu sinnar vegna samnýta söfn á erlendum málum ekki gögn með söfnum á íslensku (öðruvísi en með millivísunum) en nota eftir sem áður sama hugbúnað og eru hýst í sama gagnagrunni.

Ritstjórnarstefna safnanna er nokkuð ólík. Í *Braga – óðfræðivef* er lögð áhersla á fræðilega nákvæmni við skráningu og heimildavinnu þannig að unnt sé að vísa í hann sem áreiðanlega heimild. Reynt að draga fram fjölbreytni í bragarháttum og yrkisefnum og að birta í safninu efni sem

er eingöngu til í handritum eða í fágætum bókum. Stefnt er að því að safna smám saman öllum kveðskap frá upphafi Íslandsbyggðar til 1800 og kosta kapps um að afla ætíð sem áreiðanlegra texta. Með þessu er ekki eingöngu horft til rannsókna á ljóðagerð heldur einnig til annarra þátta, svo sem sagnfræði, þjóðháttar og tónlistar.

Önnur söfn eru ekki bundin af þessari stefnu. Á vegum Héraðsskjalasafns Skagfirðinga hafa til dæmis verið skráðar yfir 17.000 vísur víðs vegar að af landinu. Þetta er mikilvægt starf, enda hætt við að hluti vísanna hefði að öðrum kosti glatast. Eðli málsins samkvæmt hafa villur slæðst með í svo stórtækri söfnun en notendur safnins vita af þessu. Önnur héraðsskjalasöfn slógust mun síðar í hópinn. Kvæðasöfn þeirra í Braganetinu eru enn sem komið er fremur smá að vöxtum.

Söfn, sem eru í vinnslu, geta verið lokuð almenningi meðan verið er að byggja þau upp en endanlegt markmið er alltaf að opna þau til birtingar. Þegar þetta er ritað eru dægurlagatextasafnið, þulusafnið og norska safnið varin með lykilorði. Þegar þulusafnið verður opnað kemur í ljós enn ein áherslan í ritstjórnarstefnu því að þar er ekki valinn einn samræmdur lestexti fyrir hverja þulu heldur skráðar mismunandi, en skyldar, uppskriftir og hljóðritanir beint eftir heimild. Ítarleg grein er gerð fyrir þessum heimildum í safninu, svo sem hverjir skrifuðu handritin, hverjir tóku upp hljóðritin, hverjir heimildarmenn voru o.s.frv.

Skjala- og handritasöfn, sem eru ekki aðilar að Braganetinu núna, eru velkomin til samstarfs og hafa nokkur þeirra þegar sýnt áhuga. Sama á við um aðra aðila sem fást við kvæða- og vísnaðsöfnun.

Nýjungar í Braganetinu

Leitarkerfi Braganetsins er orðið mun fullkomnara en var. Notandinn slær inn leitarstreng¹ og er þá leitað að samsvörun hans í öllum söfnunum í senn, hvort hann kemur fyrir í ljóðum, lausavísu, skýringum og neðanmálsgreinum, lýsingum bragarháttar, æviágripum höfunda eða heimildaskrá. Hægt er að takmarka leitina við einstök söfn, einstaka höfunda eða eitthvert tiltekið tímabil en unnið er að því að merkja allan kveðskap, sem unnt er að aldursgreina, með viðmiðunarártali sem hleypur á 25 árum.

1 Ólíkt aðferðum helstu leitarvéla er kannað hvort leitarstrengurinn kemur óbreyttur fyrir í texta, óháð orðaskilum, meintum samheitum og beygingum. Þannig skilar leitarstrengurinn *nýta* textum sem innihalda orðin *nýta*, *ónýta*, *snýta* og *nýtar*. Séu slegin inn fleiri en eitt orð er litið á þau öll – og bilin á milli þeirra – sem eina heild.

Þar til nýlega var ekki hægt að skrá bragarhátt lausavísna í söfnin en úr því hefur nú verið bætt. Þá er unnið að kerfi til þess að geta birt heilu háttatölin og háttalyklana, sett upp með kaflaskippingu og skýringum, ásamt viðeigandi bragmynd fyrir hverja vísu.

Í árdaga Braga – óðfræðivefs voru ljóð aðeins *bragtekin*, sem kallað var, þ.e.a.s. aðeins heiti þeirra var skráð, ásamt fyrstu línu og bragarhætti, en sjálfur ljóðatextinn beið skráningar. Fljótlega var þó tekin upp sú stefna að skrá ljóðin í heild og nú er unnið að því að fullskrá öll ljóðin sem áður voru aðeins bragtekin. Það er gríðarleg vinna en nauðsynleg til að kerfið nýtist að fullu sem rannsóknartæki, auk þess sem margir lesa ljóðin og upplýsingarnar um þau fyrst og fremst sér til ánægju og hafa því ekki hag af ljóðum sem eru aðeins bragtekin. Fullskráningum ljóða fjölgar nú jafnt og þétt þó að verkið sé tímafrekt. Komið hefur verið til móts við notendur með því að útbúa hnapp merktan „mig vantar þetta ljóð“ en þá berst ritstjórum beiðni um að setja skráningu þess í forgang.

Viðamesta breytingin er þó fólgin í því að skipta algjörlega um kerfi sem markar bragarhátt sem tölvutækan kennistreng og varpar honum fram með myndrænni framsetningu, svokallaðri bragmynd.² Í tengslum við doktorsrannsókn sína á þróun bragkerfis komst Bjarki Karlsson að því að nauðsynlegt væri að gera gagngerar breytingar á kennistrengjakerfinu. Kerfið þyrfti að lýsa nákvæmlega öllum háttbundnum kveðskap og flokka hann nákvæmar. Því var ráðist í gerð nýs flokkunarkerfis sem byggist m.a. á aðferðum Hallvard Lie (1964) en tekur þó til mun fleiri þátta. Umfjöllun um nýja kennistrengjakerfið er efni í sérstaka grein sem ætlunin er að birta í næsta hefti *Sónar*.

Heimildir

- Braganetið*. Vefur. Fjórtán kvæða- og vísnaöfn. Kerfisstjóri: Bjarki Karlsson. Vefslóð: bragi.info.
- Kristján Eiríksson. 2003. Ný framsetning í bragfræði. *Són*, 1. hefti bls. 7–19.
- Kristján Eiríksson. 2011. Poetikurveven Brage. *Vestnordisk sprákkontakt gjennom 1200 år*. Ritstjórar: Gunnstein Akselberg og Edit Bugge. *Annales Societatis Scientiarum Færoensis. Supplementum 54*. Fróðskapur. Færoe University Press, Þórshöfn. Bls. 127–139.
- Kristján Eiríksson og Jón Bragi Björgvinsson. 2001. *Óðfræðiágríp*. Ferskeytlan, Mosfellsbæ.
- Lie, Hallvard. 1967. *Norsk verslære*. Universitetsforlaget, Ósló.

2 Um eldra braggreiningarkerfið, sjá Kristján Eiríksson, 2003; Kristján Eiríksson 2011 og Kristján Eiríksson og Jón Bragi Björgvinsson, 2001.

III

Ritfregnir
og ritstjórnarefni

Ritfregnir

Undanfarnar vikur hafa komið úr þrjár bækur um bragfræðileg málefni og þótti við hæfi að kynna þær í örfáum orðum fyrir lesendum Sónar. Fyrst ber að nefna doktorsritgerð Hauks Þorgeirssonar, sem Hugvísindastofnun gefur út. Þá hefur Kristján Árnason, prófessor, sent frá sér bókina *Still og bragur* sem gefin er út hjá Hinu íslenska bókmenntafélagi. Þriðja bókin heitir *Íslensk bragfræði* og kemur út á vegum Bókmennta- og listfræðistofnunar Háskóla Íslands. Höfundur er Ragnar Ingi Aðalsteinsson.

Doktorsritgerð um bragfræði

Haukur Þorgeirsson varði doktorsritgerð sína 26. nóvember 2013. Ritgerðin ber heitið *Hljóðkerfi og bragkerfi: Stöðhljóð, tónkvæði og önnur úrlausnarefni í íslenskri bragsögu ásamt útgáfu á Rímum af Ormari Fraðmarssyni*. Hugvísindastofnun gaf út.

Hvaða tengsl hafa lögmál kveðskaparins við hljóðkerfi tungumálsins? Hvað ræður því hvaða hljóð stuðla saman og ríma saman? Í doktorsritgerð Hauks eru mismunandi kenningar um þetta skoðaðar og metnar.

Í íslenskum kveðskap fram til um 1200 rímar *a* við *ρ* (ö) í aðalhendingum. Fram til síðaskipta stuðlar *j* við sérhljóð. Enn í dag stuðla uppgómmælt og framgómmælt lokhljóð saman, eins og í *kom* og *kem*. Orð eins og *bjól*, *braun* og *hvalur* (með *hv*-framburði) stuðla einnig saman þótt upphafshljóðin séu mismunandi. Hvað veldur þessu öllu? Haukur skýrir þessi fyrirbæri með bragfræðilegum hefðum og setur fram viðmið um hvernig hefðarreglur séu líklegar til að fæðast og lifa.

Aðrar kenningar um þessi efni hafa einnig komið fram. Í generatífum greiningum á íslenskri hljóðkerfisfræði er til dæmis oft gert ráð fyrir að orðmyndir eins og *löndum*, sem hafa *ö* í framburði, hafi í huga okkar *a* í hljóðkerfislegri djúpperð. Síðan breytist *a*-ið í *ö* á leiðinni að talfærunum úr orðasafni hugans. Stephen Anderson hélt því fram að öll *ρ* í forníslensku væru leidd af *a* í baklægrri gerð. Með þá kenningu að vopni skýrði hann hvernig *a* og *ρ* gætu staðið saman í aðalhendingum. Munurinn er þá aðeins á yfirborðinu en í djúpperð er um sama hljóð að ræða. Í bókinni er töluverðu rými varið í að gagnrýna skýringar af þessu tagi.

Það vandamál sem mesta umfjöllun fær er hegðun orða með stöðhljóðinu *u*. Til forna enduðu sumar orðmyndir á *r*, svo sem *bestur* og *eikr*, en önnur á *ur*, svo sem *tungur* og *bróður*. Um 1300 kom stöðhljóðið *u* fram í fyrrnefndu orðmyndunum og hefðu þá endingarnar átt að falla saman. Hins vegar gerir kveð-

skapur fram til 1600 greinarmun á orðmyndum með fornu *r* og fornu *ur*. Jón Helgason lagði til að skáldin hefðu hér stuðst við mismunandi tónkvæði og hefði þá íslenska fyrir siðaskipti átt sér framburðarþátt hliðstæðan við norsk-sænska orðtóna og danska raddglufulokun. Hér er frekari stoðum rennt undir kenningu Jóns, meðal annars með athugun á orðmyndum með viðskeyttan greini.

Stíll og bragur

Bókin *Stíll og bragur* eftir Kristján Árnason fjallar um þau margslungnu og oft flóknu lögmál sem einkenna form íslenskra bókmennta, bæði hvað varðar bundið mál og óbundið. Kristján ræðir um mælskufræði, skáldskaparfræði og stílfræði sem að fornu, auk heimspekinnar, lögðu grunninn að bæði bókmennta- og málvísindum nútímans. Sagt er frá mælskufræði Grikkja og Rómverja og íslenskri skáldskaparfræði Snorra Sturlusonar og Ólafs hvítaskálds og gerð skil grunnlögmálum frásagna, samtala og ljóðrænu í ljósi nútíma kenninga. Kristján fjallar um eddukvæði og dróttkvæði og rekur einkenni kveðskaparins síðan allt til dægurlagatexta nútímans.

Bókin segir frá mállegum forsendum sundurgerðar í bundnu máli. Skýrt er frá reglum sem gilt hafa um stuðlasetningu, hendingar og rím og um hrynjandi máls og kveðskapar fyrr og síðar. Fjallað er um stílgildi ólíkra bragarháttar og flutning ljóða, meðal annars Passíusálma Hallgríms Péturssonar. Einnig er rætt um formþætti óbundins kveðskapar á 20. öld og tengsl eða tengslaleyfi við eldri hefð.

Kristján veltir upp ýmsum spurningum í tengslum við viðfangsefni sitt. Hvað er góður stíll? Hvað er við hæfi hverju sinni í ræðu og riti og hvers vegna hentar eitt betur en annað? Hvað er brageyra? Hvernig verða stílvenjur og bragreglur til? Þessar spurningar og margar fleiri eru ræddar í bókinni. Hér veltir málfræðingur fyrir sér formþáttum bókmenntatexta og varpar sú athugun á margan hátt nýju ljósi á þróun og gerð íslenskra bókmenntaforma. Bókin er ætluð öllum þeim sem hafa áhuga á íslenskri bókmenningu og bókmenntaformum, jafnt fræðimönnum sem áhugasömum almenningi.

Íslensk bragfræði

Bókin *Íslensk bragfræði* eftir Ragnar Inga Aðalsteinsson er í sjö köflum. Í fyrsta kaflanum fjallar höfundur almennt um hina fornu braglist, sögu hennar, reglur, frávik (leirburð) og margumtalað brageyra sem Einar Benediktsson gerði fyrstur manna að umtalsefni og kallaði gimstein í vörslu Íslendinga.

Kaflarnir Stuðlun, Rím og Hrynjandi bragsins eru meginuppistaða þessa verks og þeir sem skipta mestu máli fyrir alla þá sem leggja sig eftir hefðbundnum brag, ekki síst þá sem hafa löngun til að yrkja sjálfir. Í þessum köflum lýsir höfundur náði helstu reglum, sem fara ber eftir – eða ekki, og öllum þeim aragrúa hugtaka sem þeim tilheyrja, hugtökum sem eru ekki á hvers manns borði en hafa

orðið til á löngum tíma eftir því sem fræðigreinin þróaðist. Þar má nefna sem dæmi gnýstuðla, sníkjuhljóðastuðlun, flatrím, samsett rím, sniðrím, þversetis rím og rímfall. Öll þessi hugtök og fjölmörg fleiri eru vandlega útskýrð með lýsandi dæmum.

Í kaflanum Bragarhættir lýsir höfundur og sýnir dæmi um algengustu bragarhætti forna og nýja, íslenska sem erlenda. Þar er að vonum fáu bætt við það sem áður hefur verið ritað enda er þetta sú grein bragfræðinnar sem mest hefur verið rannsökuð. Við það bætist auðvitað að bragarhættirnir skipta þúsundum. Ragnar Ingi vekur athygli á því að langflestir bragarhættir okkar eru nafnlausir og möguleikarnir á nýsköpun þar eru óendanlegir.

Kaflarnir Háttalyklar og Breytingar á skáldskaparhefðinni snúast að mestu um sögu bragfræðinnar og upplýsa raunar mjög margt um þróunina í aldanna rás.

Tveir viðaukar loka verki Ragnars Inga. Sá fyrri, Lærið að yrkja. Moðbásavísur, snýr fyrst og fremst að kennurum og byrjendum í listgreininni, ungum sem öldnum. Moðbásavísur eru gerðar í þeim tilgangi einum að æfa vísnaverðina. Seinni viðaukinn sýnir okkur meðal annars ýmsar gerðir vísna, svo sem beina-kerlingarvísur, draumvísur, öfugmælavísur og margt fleira. Þarna er einnig fjallað um sitthvað sem tengist bragfræði en hefur ekki alltaf rúmast innan fræðibókanna. Hugtakaskrá fylgir í lokin með tilvísunum í viðkomandi kafla bókarinnar.

Frá ritstjórn og útgefanda

Són

Són kemur nú út í ellefta sinn. Á árinu 2013 gerðist það merkast í sögu Sónar að stofnað var félag um útgáfuna. Það nefnist Óðfræðifélagið Boðn og verður kynnt hér á eftir. Einnig bar það til tíðinda að tveir af þremur ritstjórum síðasta heftis drógu sig í hlé, þau Kristján Árnason og Rósa Þorsteinsdóttir. Þeim eru þökkud góð störf í þágu *Sónar*. Ragnar Ingi Aðalsteinsson heldur hins vegar áfram og ritstýrir *Són* í þriðja sinn ásamt nýjum ritstjóra, Önnu Þorbjörgu Ingólfsdóttur, lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Nokkur breyting hefur orðið á uppsetningu og niðurröðun efnis frá því sem verið hefur. Ber þar helst að nefna að nú er skilið á milli þeirra greina sem farið hafa gegnum svokallað ritrýningarferli og hinna sem aðeins hafa verið lesnar yfir af ritstjórn.

Ritrýningin er frek, bæði á vinnu og tíma. Hún byggist á því að leitað er til fræðimanna, sem sérhæfðir eru í því efni sem um er fjallað, og þeir beðnir að gagnrýna ritsmíðina eins rækilega og þeir hafa þekkingu til. Þessi vinna er ólaunuð. Forsendan fyrir því að þetta sé almennt gert er sú að innan fræðasamfélagsins njóta allir góðs af slíkum vinnubrögðum þegar upp er staðið. Þeir fræðimenn, sem í dag ritrýna grein fyrir *Són* án þess að taka annað fyrir en kærar þakkir ritstjórnar, leggja síðar fram greinar til birtingar, þar eða annars staðar, og þá þarf að finna sérfræðinga sem hafa vilja og getu til að rýna í þau verk af sömu nákvæmni, launalaust. Skilyrði er að slík ritrýni sé nafnlaus. Sá sem tekur grein í ritrýningu veit ekki hver höfundurinn er og þegar höfundurinn fær grein sína til baka, útkrotaða í athugasemdum, veit hann ekki hver það verk vann. Þetta er gert til að forðast það að hagsmunaárekstrar og kunningjatengsl hafi áhrif á matið, rýninguna.

Reglan er skynsamleg og skilvirk þó svo að hér á landi, þar sem fræðasamfélagið er fámenn og góðmennt, vilji stundum brenna við að hægt sé að ráða of mikið í það út frá efninu hver muni vera höfundurinn. Yfirleitt er slíkt þó ekki til vandræða og ritrýnar gera sitt besta til að horfa fram hjá slíkum viðbendingum, ef einhverjar skjóta upp kollinum. Nafnleysið er hluti af ritrýningarferlinu og á sinn hátt í að skapa trúverðuleika gagnvart efninu og það skiptir miklu máli að reglur um það séu haldnar.

Greinar sem hafa ekki farið í gegnum ritrýningarferli birtast í II. hluta ritsins. Þannig er ritstjórn að þreifa sig áfram með nýtt uppsetningarform, fjölbreyttara og vonandi heldur litríkara en verið hefur. Sitthvað er þó enn óunnið í þeim efnum. Þar má nefna að enn hefur tímaritið *Són* ekki sett sér sínar eigin reglur um uppsetningu greina og heimildaskráningu. Þetta stendur þó allt til bóta og vonumst við til þess að þegar næsta hefti verður skipulagt fái höfundar greina í

hendur skýrar reglur um uppsetningu, letur og heimildaskráningu og að slíkt verði svo samræmt í ritinu öllu.

Þá er að þessu sinni gerð tilraun til að birta ritfregnir þar sem sjónum er beint að fræðiritum sem snerta fræðasvið ljóðsins á einhvern hátt. Ástæða er fyrir því að þessi liður var tekinn upp nú. Á tímabilinu frá því í október 2013 fram til jóla hafa komið út þrjú fræðirit um bragfræði, þar af ein doktorsritgerð. Þessi þróun bendir til þess að bragfræðirannsóknnum vaxi nú fiskur um hrygg sem aldrei fyrr og ritnefnd Sónar rann þá blóðið til skyldunnar að koma upplýsingum um þessi rit til lesenda sinna.

Óðfræðifélagið Boðn

Föstudaginn 3. maí 2013 var efnt til stofnfundar félags sem hlaut nafnið *Óðfræðifélagið Boðn*. Markmiðið með stofnun félagsins er að:

- » efla fræðilegar rannsóknir á kveðskap og hvetja til þeirra,
- » gefa út *Són*, ritrýnt tímarit um óðfræði,
- » vera faglegur bakhjarl Braga – óðfræðivefs Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum og
- » halda a.m.k. árlega málþing um rannsóknir á kveðskap.

Með stofnun félagsins hefur skapast vettvangur fyrir fræðimenn, sem rannsaka kveðskap, til þess að efla fræði sín og koma þeim á framfæri. Viðfangsefni félagsins tekur ekki einvörðungu til bragfræði, heldur einnig hvers kyns greiningar á kveðskap, bókmenntafræðilegrar, málfræðilegrar, þjóðfræðilegrar, sagnfræðilegrar og svo mætti enn telja.

Fyrstu stjórn félagsins skipa þau Bjarki Karlsson, formaður; Katelin Parsons, gjaldkeri; Haukur Þorgeirsson, ritari; Ragnar Ingi Aðalsteinsson, ritstjóri *Sónar* og Kristján Eiríksson, ritstjóri *Braga – óðfræðivefs*.

Samhliða aðalfundinum var efnt til málþings um óðfræði og var dagskráin sem hér segir:

Þórhallur Eypórsson: Bylting á vinstra vængnum; bragfræði og brottfall norræna sagnarforskeyta.

Þorgeir Sigurðsson: Erindaskipting í dróttkvæðum og í kviðuhætti.

Y. Sesselja Helgadóttir: Áttaviti fyrir þulur.

Sveinn Yngvi Egilsson: Formleg þjóðernisbarátta? Um hlutverk bókmenntaforma fyrir evrópskar smáþjóðir 19. aldar.

Anna Sigríður Þráinsdóttir og Ragnar Ingi Aðalsteinsson: Fjögur *b* í stuðla.

Kristján Jóhann Jónsson: Grátittlingur og trúarlegt stökk.

Þórður Helgason: Nýr háttur.

Af þessum dagskrárliðum urðu síðan erindi Þorgeirs, Sveins Yngva og Þórðar upplegg í ritrýndar greinar í *Són*. Málþingið var haldið í samstarfi við Málvísindastofnun Háskóla Íslands og Bókmenntafræðistofnun Háskóla Íslands. Framlag stofnananna fólst einkum í því að kynna málþingið meðal félagsmanna sinna og að ljá því faglegt vægi með formlegri aðild.

Síðan málþingið var haldið hefur starfsemi félagsins einkum falist í því að koma út því hefti *Sónar*, sem þessi orð eru letuð í, og vinna að þróun *Braga – óðfræðivefs* og Braganetsins, eins og nánar er skýrt frá í grein Bjarka Karlssonar og Kristjáns Eiríkssonar á bls. 133–135. Fyrirhugað er að efna til málþings á ný í maí 2014. Þeir sem hafa áhuga á að bjóða fram erindi á málþingið eru hvattir til að hafa samband við ritstjóra *Sónar* eða formann *Boðnar*.

Aðalfundur *Boðnar* verður haldinn í febrúar 2014 og auglýstur á forsiðu Braganetsins, bragi.info þegar staður og stund liggja fyrir.

Lög Óðfræðifélagsins Boðnar

1. gr.

Félagið heitir Óðfræðifélagið Boðn. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að rannsóknum á brag- og stílfræði kveðskapar að fornu og nýju. Þessum tilgangi skal félagið leitast við að ná með því m.a. að halda málþing a.m.k. árlega, gefa út tímaritið *Són* og vera bakhjarl *Braga – óðfræðivefs* Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.

3. gr.

Félagið er opið öllum sem áhuga hafa á starfsemi þess. Inngöngu í félagið fylgir áskrift að *Són* og áskriftarverð þess er jafnframt félagsgjald. Stjórn félagsins ákveður upphæð þess. Áskrifendur að *Són* við stofnun félagsins eru stofnfélagar.

4. gr.

Aðalfundur félagsins skal halda fyrir febrúarlok ár hvert.

5. gr.

Á aðalfundi skilar fráfarandi stjórn skýrslu um liðið starfsár og leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins. Reikningsár félagsins er almanaksárið.

6. gr.

Aðalfundur er lögmatúr ef til hans er boðað með minnst tveggja vikna fyrirvara með sannanlegum hætti. Lagabreytingar eru einungis heimilar á aðalfundi. Einfaldur meirihluti ræður í öllum atkvæðagreiðslum í félaginu. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

- » Kosning fundarstjóra og fundarritara
- » Skýrsla stjórnar lögð fram
- » Reikningar lagðir fram til samþykktar
- » Lagabreytingar
- » Ákvörðun árgjalds
- » Kosning í stjórn
- » Önnur mál

7. gr.

Stjórn félagsins skal vera skipuð fimm mönnum. Á aðalfundi skal kjósa þrjá stjórnarmenn til eins árs í senn. Þeir skipta svo sjálfir með sér verkum sem formaður félagsins, ritari og gjaldkeri. Ritari er staðgengill formanns. Auk þeirra þriggja eru ritstjóri Sónar og ritstjóri Braga – óðfræðivefs, sjálfkjörnir í stjórn félagsins og hafa þar atkvæðisrétt. Varamenn eru ekki kosnir en gangi stjórnarmaður úr stjórn mega þeir sem eftir sitja kjósa nýjan mann til stjórnarsetu fram að næsta aðalfundi en þó aðeins með samhljóða samþykkt. Auk þess skal á aðalfundi kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til eins árs. Stjórn félagsins fer með málefni þess á milli aðalfunda. Formaður boðar til stjórnarfunda. Firmariton er í höndum formanns og gjaldkera.

8. gr.

Són, tímarit um óðfræði, skal koma út a.m.k. einu sinni á ári. Stjórn félagsins velur ritstjóra sem jafnframt tekur sæti í stjórn félagsins, sbr. 7. gr. Stjórninni er heimilt að velja fleiri en einn ritstjóra í senn. Í því tilviki fara þeir saman með eitt atkvæði á stjórnarfundum.

9. gr.

Félagið er bakhjarl Braga – óðfræðivefs, í samtarfi við Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum. Stjórn félagsins velur ritstjóra vefsins í samráði við forstöðumann stofnunarinnar. Ritstjóri Braga situr í stjórn félagsins, sbr. 7. gr. Heimilt er að velja fleiri en einn ritstjóra í senn. Í því tilviki fara þeir saman með eitt atkvæði á stjórnarfundum.

10. gr.

Verði hagnaður af rekstri félagsins skal ráðstafa honum til að efla enn frekar rannsóknir á kveðskap.

11. gr.

Ákvörðun um slit félagsins skal taka á aðalfundi með einföldum meirihluta atkvæða og renna eignir þess þá til Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum.